

Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

Lækkuðu skuldir heimila um tæpa 15 milljarða



10

Norrænn fjármálamarkaður

Yfirtökur og samrunar í loftinu

12-13

Prófessor Allen Michel

Sérfróður á sviði fyrirtækjarekstrar



20



BJARNI ÁRMANNSSON

Kauprétturinn tífaldaðist

Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, innleysti í gær kauprétt að hlutum í bankanum á genginu 2,81. Kauprétturinn er frá árinu 2002 og nam kaupverð hans 42 milljónum króna. Bjarni seldi bréfin í gær á genginu 28,2. Bréf hans í Glitni hafa því tífaldast að virði frá því að samningurinn var gerður og endurspeglar það verðmætaaukningu bankans á undanförnum árum. Gengishagnaður viðskiptanna nemur því um 380 milljónum króna.

Eftir þessi viðskipti á Bjarni engan kauprétt í bankanum, en eignarhlutur hans og tengdra aðila í bankanum er 234 milljónir hluta. Verðmæti þess eignarhlutar er yfir sex milljarðar króna miðað við gengi gærdagsins.

Bjartsýnin ræður ríkjum

Langt er síðan Íslendingar hafa litið efnahags- og atvinnu-mál jafnbjörtum augum og nú. Væntingavísitala Gallup fyrir febrúar mælist 149,9 stig. Hún hefur ekki verið eins há frá því mælingar á henni hófust í mars árið 2001. Í janúar mældist vísitalan 128,6 stig og nemur hækkunin milli mánaða því 21,4 stigum.

Í Morgunkorni Glitnis segir að líklega haldist margt í hendur sem veldur þessari miklu bjartsýni. Er það meðal annars nefnt að nú dragi úr verðbólgu, laun hækki hratt, tekjuskattur hafi lækkað um síðustu áramót, lækkun á matvöruverði sé framundan og almennt atvinnuástand sé með því sem best gerist. Íslenskir neytendur hafi því margar ástæður til að gleðjast þrátt fyrir háa vexti og mikla verðbólgu. - hhs

FRÉTTIR VIKUNNAR

Polraun fram undan | Langtímahorfur íslensku bankanna eru góðar þótt á þá reyni til skemmri tíma litið, segir í nýrri skýrslu greiningarfyrirtækisins Standard & Poor's.

Stefnt hátt | Alfesca hagnaðist um 19,4 milljónir evra á öðrum fjórðungi reikningsárs síns. Félagið stefnir á stór fyrirtækjakaup á næstu tólf til átján mánuðum ef rétta tækifærið gefst.

FL stærst | FL Group hefur aukið við hlut sinn í AMR Corporation, móðurfélagi American Airlines, úr tæpum sex prósentum í 8,63 prósent. FL Group er því stærsti hluthafi félagsins.



Skoti Glitnis | Sir Tom Hunter, sem sagður er auðugasti maður Skotlands, hefur eignast í það minnsta tveggja prósentu hlut í Glitni fyrir um átta milljarða króna.

Kaupa meira | FL Group, stærsti hluthafinn í Glitni, hefur keypt hlutabréf í bankanum fyrir 10,5 milljarða króna og ræður nú yfir tæpum þriðjung hlutafjár.

Auknar tekjur | Heildartekjur Icelandair Group námu 56,1 milljarði króna í fyrra samkvæmt ársuppgjöri félagsins. Hagnaður ársins eftir skatta nam 2.615 milljónum króna.

Metár SPRON | Hagnaður SPRON á síðasta ári nam níu milljörðum króna og hefur aldrei verið meiri. Jókst hann um 120 prósent á milli ára. Arðsemi eigin fjár nam 58,7 prósentum.

Meiri halli | Vöruskipti voru neikvæð um 148,6 milljarða króna í fyrra. Það er 42,9 milljörðum meira en árið á undan. Fluttar voru út vörur fyrir 242,7 milljarða króna en inn fyrir 391,3 milljarða.

300 þúsund króna hagsauki vegna útlendinga

Skuldir heimilanna hefðu aukist um tvö hundruð þúsund krónur ef erlends vinnuafls hefði ekki notið við í fyrra.

Útgjaldaaukning heimila hefði numið 123 þúsund krónum.

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir
skrifar

Þátttaka útlendinga á íslenska vinnumarkaðnum sparaði meðalfjölskyldunni 123 þúsund krónur árið 2006. Skuldir fjölskyldunnar hefðu jafnframt verið um tvö hundruð þúsund krónum hærri ef þeirra hefði ekki notið við. Þessi niðurstaða miðast við að rannsóknir Þóru Helgadóttur, hagfræðings í greiningardeild Kaupþings, eigi við rök að styðjast. Þær gefa til kynna að verðbólga á árinu 2006 hefði verið allt að því 1,5 prósentum hærri án utan- aðkomandi vinnuafls. Það þýðir að hún hefði verið 8,5 prósent í stað sjö prósent.

Munurinn á heildarútgjöldum heimilanna, sem Hagstofan tekur saman, við sjö prósentu verðbólgu annars vegar og 8,5 prósentu verðbólgu hins vegar er 123 þúsund krónur. Útgjöldin hefðu því verið þeim mun hærri árið 2006 ef erlends vinnuafls hefði ekki notið við.

Skuldir heimilanna við lánakerfið allt í lok september á síðasta ári námu 1.270 milljörðum króna. Um 75 prósent þeirra eru verðtryggðar skuldir. Seðlabankinn hefur ekki gefið út heildarstöðu skulda við síðustu áramót. Gera má ráð fyrir því að þær hafi aukist um 2,5 prósent á þeim tíma. Miðað við þessar forsendur námu verðtryggðar

skuldir meðalheimilis 13,25 milljónum króna við áramót. Ef lögð er 1,5 prósentu verðbólga ofan á þær fást tæplega tvö hundruð þúsund krónur.

Sem þekkt er opnaðist vinnumarkaður EES-svæðisins fyrir nýjum aðildarríkjum í maí árið 2006. Gögn frá Vinnuálastofnun sýna að frá því í maí 2006 og fram að áramótum komu ellefu þúsund manns að utan til starfa hér á landi, til viðbótar við þá sex þúsund útlendinga sem fyrir voru á vinnumarkaðnum. Á skömmum tíma voru útlendingar orðnir níu prósent af vinnuafl á Íslandi og sex prósent af heildarmannfjölda.

Laun hækkuðu á árinu 2006 eins og verðlagið enda skapar þensla á vinnumarkaði þrýsting til hækkunar þeirra. Á síðasta ári hækkuðu laun um 10,5 prósent miðað við launavísitölu Hagstofunnar. Í greiningu Þóru kemur fram að að einhverju leyti hafi skapast aðstæður í uppsveiflunni þar sem víxlverkun launa og verðbólgu hafi verið til staðar. Það ástand skapast þegar verðbólga hækkar umfram tiltekin mörk sem leiðir af sér væntingar um meiri verðbólgu. Það leiðir til launaskriðs og þess að verðbólga eykst enn frekar. Þóra leiðir að því líkum að laun hafi ekki hækkað meira en raun bar vitni vegna innflæðis erlends vinnuafls sem hafi aukið sveigjanleika íslenska vinnumarkaðarins.

FL Group mun láta reyna á stjórnarsetu í Finnair

Finnska ríkið getur alveg eins ríkisvætt félagið gangi áform stjórnar eftir.

Hannes Smárasón, forstjóri FL Group, telur það vera algera tímaskekkju hjá stjórn Finnair og stærsta eigandanum, finnska ríkinu, að neita FL Group um stjórnarsæti í félaginu og ekki til marks um góða stjórnunarhætti að koma fram við næsts- tærsta hluthafann með þessum hætti.

FL Group á yfir 22 prósentu hlut, sem að öllu jöfnu ætti að duga fyrir einum stjórnarmanni,

en finnska ríkið heldur utan um 56 prósentu hlut. Átta manns sitja í stjórn finnska félagsins. „Við höfum sent mitt nafn inn og ætlum okkur að mæta á hluthafafundinn. Ég vil þá bara sjá þá kjósa okkur út vegna þess að mér finnst það vera ákveðin skilaboð sem ríkið sendir ef það gerir svo. Þá getur það alveg eins hætt að hafa félagið skráð á markað og ríkisvætt félagið aftur.“

Í Finnlandi er ekki boðið upp á margfeldiskosningu við stjórnarkjör eins og þekkist hérlandis þannig að einfaldur meirihluti ræður því hverjir setjast í stjórn og því er ekki um minnihlutavernd hluthafa að ræða. Eignendur sextíu prósentu hlutafjár hafa tilnefnt átta manns til kjörs nýrrar stjórnar á aðalfundi sem fram fer 22. mars og er lagt til að Christoffer Taxell verði formaður hennar. - eþa

120 1886-2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

USD 6,1%*

ISK 14,9%*

EUR 4,4%*

GBP 5,9%*

Markmið
Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibanka- markaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Peningabréf Landsbankans

**Landsbankinn**
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingar- sjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingar- heimildir sjóðanna, vísast til útböðslysingar og útdráttar úr útböðs- lýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 3. janúar – 1. febrúar 2007

GENGISÞRÓUN		
	Vika	Frá áramótum
365	-3%	-22%
Actavis	-1%	8%
Alfesca	2%	-4%
Atlantic Petroleum	-2%	11%
Atorka Group	2%	5%
Bakkavör	-2%	4%
FL Group	-2%	25%
Glitnir	4%	21%
Hf. Eimskipafélagið	13%	18%
Kaupþing	5%	23%
Landsbankinn	5%	24%
Marel	-1%	-3%
Mosaic Fashions	7%	0%
Straumur	4%	23%
Össur	-1%	8%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánuðaginn

Cazenove mælir með Actavis

Fjárfestingabankinn Cazenove hefur gefið út nýja greiningu á Actavis þar sem hann mælir með kaupum í félaginu.

Bankinn spáir því að Actavis muni á næstu árum njóta ávaxta-anna af kostnaðaræðhaldi í kjölfar mikillar samþættingar. Hann metur gengi félagsins á 67,70 krónur og mælir með að fjárfestar kaupi bréf í félaginu. Gengi félagsins var í gær við lokun kauphallar 67,70.

Í greiningunni er fjallað um hugsanleg kaup Actavis á samheitalyfjahluta þýska lyfjafyrirtækisins Merck. Kemur þar fram



RÓBERT WESSMAN, FORSTJÓRI ACTAVIS

að ef af kaupunum verði muni fyrirtækið tvöfaldast að stærð og af því hljóta mikil stærðarhagkvæmni. Bankinn sér tvær

mögulegar útkomur í málinu. Annaðhvort muni Actavis takast ætlunarverk sitt og ná fram vaxtar- og hagnaðarmarkmiðum sínum. Að öðrum kosti mun einhver fjárfestingasjóðurinn yfirbjóða í félagið og Actavis verði sjálft að skotmarki fjárfestingasjóða. Bankinn telur litlar hættur felast í báðum kostum og mælir því með kaupum í félaginu.

Cazenove er fjórði erlendi greiningaraðilinn til að gefa út greiningu á Actavis. Áður hafa Credit Suisse, ABN Amro og Merrill Lynch gefið út greiningar á félaginu.

- hhs

Ríkið flaggar í Storebrand

Folketrygdfondet seldi sig niður fyrir fimm prósent í norska fjármálafyrirtækinu Storebrand í gær. Norski sjóðurinn er opinber lífeyrissjóður sem hefur verið að minnka eignarhlut sinn jafn og þétt. Á nokkrum mánuðum hefur hlutur sjóðsins minnkað um helming. Er salan talin til marks um það að norska ríkið muni ekki blanda sér í hugsanlega yfirtöku-baráttu á Storebrand. Gjensidige er stærst í Storebrand með um tíu prósent hlut en Kaupþing kemur þar skammt á eftir með níu prósent hlutafjár.

- eþa

Krónan veikist í heimsmarkaðsfalli

Gengi krónunnar féll um rúmt prósent í gær í kjölfar lækkana á hlutabréfamörkuðum um heim allan. Þannig lækkaði úrvalsvisitala Kauphallar Íslands um tæp þrjú prósent í gær og Sænska kauphöllin lækkaði um rúm fjögur prósent.

Í skrifum greiningardeilda Glitnis í gær kemur fram að hávaxtamyntir hafi almennt veikst en lágvaxtamyntir á borð við japanska jenið og svissneska

frankann styrkst gagnvart helstu myntum. „Helsta ástæðan virðist sú að alþjóðlegir fjárfestar eru að loka stöðum sínum í hávaxtalöndum sem þeir hafa fjármagnað í lágvaxtamýntum. Orsakir þessa eru meðal annars sagðar áhyggjur af stöðu mála í Íran, ótti við að hagtölur sem birta átti í Bandaríkjunum í gær, auk fleiri þátta á borð við fallandi hlutabréfaverð á asískum og evrópskum mörkuðum.

- óká

Einkavæðing fyrir dyrum hjá Føroyja Tele

Stefnt er að einkavæðingu færøyska landsímans, Føroya Tele, á þessu ári. Í færøyskum miðlum hefur verið látið að því liggja að ákvörðunar um aðferðafræði við einkavæðinguna væri jafnvel að vænta í þessari viku.

Símafyrirtækinu hefur þegar verið skipt upp í þrjá einingar, ein er grunnetið, þá er það þjónustu- og markaðshluti og svo þriðja einingin sem heldur utan um dreifingu sjónvarpsefnis. Ekki hefur hins vegar verið tekin ákvörðun um hvort þessir aðskildu hlutar rekstursins verða seldir einir og sér eða saman.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er talið líklegra en ekki að grunnetinu verði haldið sér, þó svo að þjónustu- og sjónvarpsútsendingarhluti rekstursins verði seldur.

Í færøyska fréttaritinu Vinnuvitan kemur fram að ákvörðunin um aðferðafræði við einkavæðinguna liggi hjá



Í ÞÓRSHÖFN Í FÆREYJUM

ráðherra atvinnumála í eyjunum. Haft er Jógvan Thomsen, yfirmanni Fjarfskiptastofnunar Færeyja, að öllu máli skipti að standa vel að einkavæðingunni og leggur hann til að öll dótturfélög fjarfskiptafyrirtækisins verði færð undir hatt nýs dótturfélags áður en til einkavæðingarinnar kemur.

Vitað er til þess að íslenskir fjárfestar fylgist grannt með þróun mála í einkavæðingarferli Føroya Tele.

- óká

Alþjóðlegar reiknings-skilareglur ráða hér för

Reglur um færslu ársreikninga í erlendri mynt eru samþærilegar hér og í nágrannalöndum okkar. Í ljósi umræðu um bankanna hvetur Fjármálaeftirlitið til skoðunar á laga-umhverfi hér.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Að ákveðnum forsendum gefnum hefði yfirfærsla bankanna á reikningsskilum sínum í erlenda mynt óveruleg áhrif til lækkunar á gengi krónunnar, samkvæmt nýrri skýrslu Fjármálaeftirlitsins. Í henni er fjallað um skilyrði fyrir reikningsskilum fjármálastofnana í erlendri mynt og hugsanleg áhrif hér á landi.

Í inngangi skýrslunnar kemur fram að hún sé gefin út í framhaldi af heimild Straums-Burðaráss hf. til að breyta uppgjörsmýnt í reikningsskilum sínum úr íslenskum krónum í evrur og umræðu um möguleg áform annarra banka um að gera slíkt hið sama.

Fram kemur í skýrslunni að líkt og hér gildi almennt í nágrannalöndum okkar alþjóðlegir reikningsskilastaðlar, svokallaðar IFRS-staðlar. Ragnar Hafliðason, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir litla möguleika á að víkja frá þeim stöðlum í sérreglum hér. Hann bendir á að ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins frá 19. júlí 2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, gildi í öllum ríkjum innan EES. „Samkvæmt lögum um ársreikninga er íslensku bönkunum sem skráðir eru á Kauphöll Íslands skylt að beita IFRS-stöðlunum en kveðið er á um þetta í 90. grein laganna. Í 93. grein sömu laga kemur fram að þar sem alþjóðlegir reikningsskilastaðlar sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt og ákvæði annarra kafla laga um ársreikninga mæla fyrir um sama atriði skuli alþjóðlegir reikningsskilastaðlar ganga framar,” segir hann.

Staðlarnir kveða þannig á um hvaða starfsmýnt fyrirtæki skuli nota, en hún skal vera sú sem meirihluti gjalda og tekna fer fram í. Fyrirtækjum er hins vegar frjálst að birta ársreikninga sína í

annarri mynt, kjósi þeir það. Ekki er því loka fyrir það skotið að IFRS-reglurnar gerðu það að verkum að fjármálastofnun yrði nauðbeygð til að gera upp í annarri mynt. „Alþjóða reikningsskilastaðlarnir gilda, en hvað varðar túlkánir um beitingu þeirra er réttast að vísa á lögbært stjórnvald í því sambandi sem í þessu tilviki er Ársreikningaskrá,” segir Ragnar. Fjármálaeftirlitið áréttar í niðurstöðum sínum að staða Íslands sé ólík stöðu nágrannalöndanna að því leyti að erlend starfsemi íslenskra banka vegi mun þyngra en erlend starfsemi banka í nágrannaríkjunum. Ekki er tekin til þess afstaða hvort bankarnir ættu að færa sig yfir í aðra mynt samkvæmt reikningsskilastöðlum. „Hins vegar er vægi erlendar starfsemi og erlendra liða í efnahag bankanna með þeim hætti að sveiflur á gengi íslensku krónunnar og uppgjörsmýnt hefur áhrif á eiginfjárstöðu og arðsemi eigin fjár,” segir í skýrslunni og bent á að fyrir banka sem færir reikningsskil í íslenskum krónum geti verið erfitt að ná samræmi í vægi erlendra liða nema með því að byggja upp jákvæða gjalddeyrisstöðu. „Út frá sjónarhóli einstaks banka með misræmi í vægi erlendra liða samkvæmt framansögðu getur umbreyting reikningsskila yfir í erlenda mynt verið rökrétt með hliðsjón af áhættustýringu.“

Fjármálaeftirlitið segir að í ljósi umræðunnar sem verið hafi um reikningsskil fjármálafyrirtækja í erlendri mynt, áhuga skráðra fyrirtækja á að skrá hlutafé í erlendri mynt og hugsanlegrar skráningar og viðskipta með hlutabréf innlendra félaga í erlendri mynt, sé það álit eftirlitsins að æskilegt væri að skoða viðeigandi löggjöf á heildstæðan hátt. „Í slíkri skoðun mætti meta þjóðhagsleg áhrif ofangreinds og taka afstöðu til mögulegra lagabreytinga með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á íslensku viðskiptalífi á síðustu 5 til 10 árum.“

◇	A	B	C	D	E	F
1						
2						
3						
4						
5						
6						
7						
8						
9						
10						
11						
12						
13						
14						
15						
16						
17						
18						
19						

x2 Á DAG TIL BOSTON
OG NEW YORK Í SUMAR

+ Nánari upplýsingar og bókanir á www.icelandair.is

07 70ÁR Á FLUGI

Í sumar bjóðum við tvö flug á dag til Boston og New York, morgunflug kl. 10:30 og síðdegisflug eins og verið hefur undanfarin ár. Morgunflug til Boston verður fjórum sinnum í viku, á mánudögum, miðvikudögum, föstudögum og sunnudögum, og morgunflug til New York þrisvar sinnum í viku, á þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum.

Einfalt reikningsdæmi – við komum þér þangað.



Blásu á keppinautana!

Himinn og haf / SÍA - 9070015



Besta ávöxtunin 2006

Eins og þessar nótur sýna voru SPRON Verðbréf með langbestu ávöxtun sambærilegra sjóða á markaði eða **43,18%***

Um er að ræða **Alþjóðlegan hlutabréfasjóð**, en markmið hans er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu sem hentar sérlega vel fyrir þá sem vilja fjárfesta til langs tíma.

Kynntu þér málið nánar á **www.spronverdbref.is**


VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun árið 2006 á alþjóðlegum hlutabréfasjóðum-global, reknur af innlendum rekstrarfélögum skv. www.sjodir.is

Alþjóðlegur hlutabréfasjóður er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa www.spronverdbref.is.

HUGTAK VIKUNNAR

EBITDA er eitt af þeim hugtökum sem stöðugt eru á sveimi í umfjöllun um fjárhag og uppgjör fyrirtækja og stendur fyrir hagnað þeirra fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir.

Hvaða gagn er nú að því að vita það, kynni einhver að spyrja og fær um hæl það svar að í tölunni endurspeglar fjármunamyndun viðkomandi rekstrar sem gefi til kynna hvaða fjármuni fyrirtækið hefur til að mæta öllum kröfum, hvort heldur það er af hendi kröfuhafa eða eigenda.



Nýr forstjóri Opinna kerfa

Þorsteinn G. Gunnarsson hefur verið ráðinn forstjóri Opinna kerfa ehf. frá og með morgundegnum.

Þorsteinn tekur við af Gylfa Árnasyni sem gegnt hefur stöðunni frá því í lok júní í fyrra, en Gylfi helgar sig á ný starfi forstjóra móðurfélagsins Opinna kerfa Group hf. og stjórnarformennsku dótturfélaga Opinna kerfa.



ÞORSTEINN G. GUNNARSSON

Novator eykur við sig í EIBank

Björgólfur Thor Björgólfsson hefur í gegnum Novator Finance Bulgaria aukið hlut sinn í búlgarska bankanum EIBank um 14,62 prósent. Eftir kaupin ræður hann yfir ríflega 48 prósentum hlutfjár í þessum einum af tíu stærstu bönkum Búlgaríu. Samkvæmt Krasimir Kaetve, stjórnarmanni í EIBank, hefur Novator ekki í hyggju að auka við hlut sinn.

Björgólfur Thor hefur sagst horfa til fjárfestinga í fjármála-geiranum í Mið- og Austur-Evrópu.



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON
Komin með tæpan helming hlutfjár í EIBank í sínar hendur.

Heildareignir EIBank námu rúmum sextíu milljörðum króna í árslok.

Hagnaður SS dróst saman

Um 23 milljóna króna hagnaður varð á rekstri SS í fyrra samanborið við 343 milljónir króna árið áður. Þennan verulega samdrátt má rekja til minni söluhagnaðar eigna og hækkun fjármagnsgjalda. Rekstrarhagnaður (EBIT) var 154 milljónir og dróst saman um rúman fimmtung á milli ára.

Heildartekjur SS námu 5.043 milljónum króna og hækkuðu um 3,6 prósent á milli ára.

Eignir SS voru 3.736 milljónir í árslok og eigið fé 1.564 milljónir. Eiginfjárlutfall nam því 42 prósentum.

-epa

Mikil velta á árinu

Hlutabréfavelta orðin meiri en allt árið 2003. Búist við aukinni þátttöku útlendinga á markaði.

Velta á innlendum hlutabréfmarkaði nemur um 600 milljörðum króna það sem af er ári og er þegar orðin meiri en heildarvelta ársins 2003. Árið í fyrra var metár í þessum efnum en þá skiptu hlutabréf um hendur sem nam 2.192 milljörðum króna og hafði veltan þá fimmtánfaldast á fimm árum.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, býst við áframhaldandi veltuaukningu. Með samruna við OMX-kauphallarsamstæðuna hefur Kauphöllin breyst úr staðbundinni í alþjóðlega kauphöll. Von er á töluverðum fjölda af nýjum, erlendum kauphallaraðilum til landsins á næstu mánuðum, til að mynda þeim sem eru stærstir í OMX. „Útlendingar hafa verið töluvert virkir í skuldabréfum en ég á von á því að það þátttaka þeirra á hlutabréfamarkaðnum aukist mjög á þessu ári.“ Þetta styrki markaðinn, verðmyndun dýpki og inn komi aðilar sem hafi aðra sýn á hann.

Þórður bendir á að skráðum




FRÁ KAUPHÖLL ÍSLANDS Velta með hlutabréf er orðin meira en fjórðungur af því sem hún var allt árið í fyrra.

fyrirtækjum hafi fækkað umtalsvert á sama tíma, úr 75 í um það bil 25. „Þótt fyrirtækin séu svona miklu færri þá hefur verðmæti þeirra margfaldast frá því fyrir fimm árum. Það skýrist af samrunum og miklum yfirtökum erlendis.“

Þegar velta einstakra félaga er skoðuð kemur í ljós að hún er mest á bak við Glitni, um 160 milljarðar króna, en stærstu eigendur bankans hafa komið þar mikið við sögu. FL Group, Landsbankinn, Kaupþing og Straumur-Burðarás fylgja svo í kjölfar Glitnis.

- epa

HLUTABRÉFAVELTA Í KAUPHÖLL ÍSLANDS Í MILLJÖRÐUM KRÓNA



Skiptar skoðanir um aðferðir Moody's

Álag á skuldatryggingar bankanna gekk að hluta til baka í gær eftir mikla lækkingu á mánudaginn. Sérfræðingur segir erfitt að spá fyrir um hvar álagið leiti jafnvægis.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Sú ákvörðun Moody's að hækka lánshæfismat á langtímaskuldbindingum íslensku bankanna í hæsta flokk féll í grýttan jarðveg hjá sérfræðingum Royal Bank of Scotland, Dresdner Kleinwort og Societe Generale. Tom Jenkins, sérfræðingur hjá Royal Bank of Scotland, segir: „Það að meta banka á Aaa þýðir einfaldlega að það er engin áhætta sem felst í því að fjárfesta í fjármálageiranum og samkvæmt því fylgir því nánast engin áhætta að kaupa skuldabréf Kaupþings. Svo er ekki,“ segir hann í viðtali við Bloomberg.

Sérfræðingar Dresdner Bank kaupa það ekki að íslensk skuldabréf skuli bera sömu áhættu og skuldabréf bandarískra banka eða lægri áhættu en stóru sænsku bankarnir, eins og Handelsbanken. ABN (Aa2) er nú með lægri lánshæfiseinkunn á langtímaskuldbindingum en íslensku bankarnir þótt hollenski bankinn sé tveimur þrepum ofar í fjárhagslegum styrkleika (B-).

Guðni Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri fjárfestingar Kaupþings, bendir á að í skýringum Moody's komi fram að matsfyrirtækið telji eitt hundrað prósentu vissu fyrir því að íslenska ríkið ábyrgist skuldir bankanna og veltir því fyrir sér hvort allir þeir sem hafa tjáð sig um breyttar einkunnir Moody's meti aðferðafræði matsfyrirtækisins með sama hætti. „Ef það er 100 prósent víst að ríkið gangi inn ef eitthvað skyldi á bjáta þá erum við með minni áhættu en Handelsbanken sem nýtur ekki sömu tryggingar.“

Skuldatryggingaálag (CDS) bankanna lækkaði um tíu til fimmt-



án punkta á mánudaginn og hafði ekki verið lægra síðan í október 2005. Sú lækking gekk að hluta til baka í gærmorgun þegar álagið hækkaði um þrjá punkta. Guðni segir allt of snemmt að segja til um hvar álagið finni jafnvægi.

Guðni segist hafa heyrt af því að Fitch, annað matsfyrirtæki, horfi til breytinga við sína einkunnagjöf og skoði mögulega aðkomu utanaðkomandi aðila eins og ríkissjóðs.

Hann bendir á að Moody's hafi verið undir álagi eftir að fyrirtækið vildi taka upp nýjar flokkunarreglur á víkjandi skuldabréfum. „Þeir féllu frá því en náðu kannski að skapa sér ákveðna óvild á markaðnum.“

GUÐNI AÐALSTEINSSON



Hlutabréfareikningur

– ávöxtun tengd erlendum hlutabréfamörkuðum og 100% höfuðstólstrygging

Hlutabréfareikningur SPRON er nýr innlánsreikningur þar sem ávöxtunin er tengd við erlendar hlutabréfavisitölur. Að auki er hann með 100% höfuðstólstryggingu og þrepavörn.

Kynntu þér þessa spennandi en jafnframt öruggu sparnaðarleið á **spron.is** eða með því að hringja í þjónustufulltrúa okkar í síma **550 1200**



Í þriðja sinn á fjórum árum



2004 fyrir breytingastjórnun

2006 fyrir stefnumótun

2007 fyrir samruna, yfirtökur og innleiðingu nýrra félaga

Actavis hlýtur Íslensku þekkingarverðlaunin 2007

Actavis hlaut fyrir skömmu Íslensku þekkingarverðlaunin sem Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga veitir árlega. Við þökkum þann heiður og viðurkenningu á starfi okkar sem felst í þessum verðlaunum.

Þekking, hæfileikar og reynsla starfsmanna Actavis hefur skapað velgengni fyrirtækisins. Vöxtur fyrirtækisins hefur verið gríðarlegur á undanförunum árum og Actavis er nú í hópi fimm stærstu samheitalyfjafyrirtækja í heimi.

Þetta eru verðlaun 11.000 starfsmanna Actavis um allan heim.



Finnar auka pappírshlutinn

Finnar framleiddu pappír fyrir 21 milljarð evra, jafnvirði 1.835 milljarða íslenskra króna, í fyrra. Þar með var framleiðslan aukin um 14 prósent frá fyrra ári, segja Samtök iðnaðarins í Finnlandi.

Finnskur pappír skipar veigamikinn sess í dagblaða- og tímaritaútgáfu. Pappír frá þúsundvatnalandinu er notaður í 60 prósentum evrópska tímarita. Þá er hann notaður í 10 prósentum allra tímarita sem gefin eru út í heiminum. Hlutdeild finnskra pappírframleiðenda nemur hins



vegar einungis um fjórum prósentum á heimsvísu.

Verkföll settu mark sitt á finnskan pappírsiðnað í fyrra og urðu fyrirtækin fyrir talsverðum skakkaföllum vegna þessa. Í samningum á milli fyrirtækja og verkalýðsfélaga var kveðið á um að pappírframleiðslu yrði haldið gangandi yfir flesta hátíðadaga til að koma í veg fyrir rekstrartap.

Forsvarsmenn fyrirtækja í finnskum pappírsiðnaði segja horfur góðar og benda á að keppinautar þeirra í Evrópu hafi dregið saman seglin síðustu misseri. - **jab**

Hagnaður Lego þrefaldaðist í fyrra

Danski leikfangaframleiðandinn Lego skilaði hagnaði upp á 1,4 milljarða danskra króna fyrir skatt í fyrra. Þetta svarar til ríflega 16 milljarða íslenskra króna, sem er þrisvar sinnum betri afkoma en árið 2005.

Tekjur leikfangaframleiðandans námu 7,8 milljörðum danskra króna, um 91,5 milljörðum króna, á árinu sem er 10 prósentu hækkan á milli ára.

Lego hefur endurskipulagt rekstur fyrirtækisins og hefur meðal annars flutt mörg hundruð störf úr landi með það fyrir augum að skera launa- og fram-



LEGOLAND Í DANMÖRKU Hagnaður danska leikfangaframleiðandans Lego þrefaldaðist á milli ára í fyrra. Forstjórinn gerir ráð fyrir minni hagnaði í ár.

leiðslukostnaðniður. Aðgerðirnar höfðu meðal annars það í för með

sér að framleiðsla á leikföngum fyrirtækisins minnkaði talsvert í fyrra sem leiddi til þess að færri börn fengu leikföng frá Lego í jólagjöf, að sögn danskra fjölmiðla.

Jørgen Vig Knudstorp, forstjóri Lego, segir í samtali við danska viðskiptablaðið Børsen, að róðurinn verði erfiðari á þessu ári og megi því gera ráð fyrir öllu slakari árangri nú en í fyrra. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið skili 550 milljóna króna hagnaði á árinu, sem jafngildir um 6,5 milljörðum íslenskra króna. - **jab**

Forstjóri Goldman Sachs sá launahæsti

Lloyd Blankfein, stjórnarformaður og forstjóri bandaríska fjárfestingabankans Goldman Sachs, var launahæsti forstjórinn í fjármálahverfinu á Wall Street í Bandaríkjunum á síðasta ári.

Blankfein, sem tók við af Henry Paulson, núverandi fjármálaráðherra Bandaríkjanna í júní í fyrra, fékk rúmlega 54,3 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði ríflega 3,6 milljarða íslenskra króna. Launin samanstanda bæði af reiðufé og kaupréttarákvæðum.

Til samanburðar fékk Paulson „aðeins“ 600.000 dali, jafnvirði 40 milljóna króna, í laun á ári auk 27,2 milljónir dala, um 1,8 milljarða króna, í bónusgreiðslur fyrir sömu stöðu. Þá eru lífeyrisréttindi hans ótalin.

Greinendur segja launagreiðslurnar endurspeglar afar gott ár hjá Goldman Sachs í fyrra.



Á TOPPNUM Lloyd Blankfein, forstjóri bandaríska fjárfestingabankans Goldman Sachs, var launahæsti forstjórinn á Wall Street í Bandaríkjunum í fyrra með 3,6 milljarða í laun og hlunnindi. MARKAÐURINN/AFP

Hagnaður fyrirtækisins nam 9,4 milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði 627,5 milljarða íslenskra króna, í fyrra sem er 70 prósentu aukning á milli ára og metafrákomu í sögu fjárfestingabankans. Þá rauk gengi bréfa í bankanum sömuleiðis upp á árinu en það hækkaði um heil fimmtíu prósent á rekstrarárinu sem endaði í lok nóvember í fyrra. - **jab**

Indverjar mótmæla Wal-Mart

Um eitt hundrað verslanaeigendur í Nýju-Delí á Indlandi mótmæltu komu MichaelsDuke, vara-stjórnarformanns bandarísku verslanakeðjunnar Wal-Mart, og annarra forsvarsmanna keðjunnar, þegar þeir komu til landsins í síðustu viku. Indverjarnir telja að verslanakeðjan, sem er sú stærsta í heimi, muni hrekja smærri verslanir í þrot.

Duke og félagar munu skoða viðskiptaumhverfi í Mumbai á Indlandi auk þess að ræða við fulltrúa stjórnvalda og forsvarsmenn indversku samstæðunnar Bharti Enterprises. Indverski markaðurinn er geysistór og hafa verslanakeðjur á Vesturlöndunum lengi haft hug á að komast inn á hann.

Breska verslanakeðjan Tesco var áður komin með annan fótinn inn fyrir dyrnar og hafði hug á samstarfi við indversku samstæðuna Bharti Enterprises. Upp úr viðræðunum slitnaði hins vegar á síðustu metrunum og ákvað Bharti Enterprises að taka



VERSLANARISANUM MÓTMÆLT Eigendur lítilla verslana á Indlandi vilja ekki sjá að Wal-Mart reisi verslanir í landinu. MARKAÐURINN/AFP

upp samstarf við Wal-Mart.

Talsmaður indverska viðskiptaráðsins tekur undir áhyggjur smærri verslanaeigenda og segir líkur á að margar búðir verði undir í samkeppninni við Wal-Mart. Fari svo getur það haft skelfilegar afleiðingar þar sem um 40 milljónir manna í sjálfstæðum verslanarekstri hafi lagt allt sitt undir.

- **jab**

Álið eftirsóttara í Kína

Kanadíski álrisinn Alcan gerir ráð fyrir að eftirspurn eftir áli muni aukast mikið í Kína samfara auknum hagvexti.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Kanadíski álrisinn Alcan spáir því að eftirspurn eftir áli muni rúmlega tvöfaldast í Kína á næstu fimm til tíu árum samfara auknum hagvexti eystra og sprengingu í uppbyggingu. Það kalli á mikla eftirspurn eftir áli, ekki síst í brúarsmið og til framleiðslu á raftækjum. Þá hefur hagvöxturinn haft í för með sér aukinn kaupmátt almennings sem aftur kallar á meiri neyslu. Fjármála- og matsfyrirtæki í Bandaríkjunum hafa uppfært verðmat sitt á Alcan og mæla með kaupum í hlutabréfum fyrirtækisins.

Kínverjar sitja í toppsætinu yfir umsvifamestu kaupendur áls í dag en þeir kaupa rétt tæpan fjórðung af öllu því áli sem framleitt er í heiminum í dag. Til samanburðar keyptu þeir ekki nema um 10 prósent framleiðslunnar fyrir um átta árum.

Þetta jafngildir því að álþörf Kínverja sé 8,5 kíló á mann í dag. Gangi spá Alcan hins vegar eftir um áframhaldandi hagvöxt og eftirspurn eftir áli má gera ráð fyrir því að meðalnotkun Kínverja á áli fari í að minnsta kosti 20 kíló á mann á árabílinu 2012 til 2017.

Michael Hanley, fjármálastjóri Alcan, benti á það í samtali við kanadísku dagblaðið Ottawa Citizen í síðustu viku, að hagvöxtur hefði verið 10,7 prósent í Kína í fyrra. Sé það 0,3 prósentumstigum meira en árið á undan. Hagvöxtur aukist vart meira en það hjá nokkurri þjóð, að hans sögn.

Nokkur af helstu fjármálafyrirtækjum Bandaríkjanna uppfærðu verðmat sitt á Alcan í byrjun mánaðar. Fyrirtækin eru þó ekki á einu máli



ÚR ÁLVERI ALCAN Í STRAUMSVÍK Álrisinn Alcan gerir ráð fyrir því að eftirspurn eftir áli muni rúmlega tvöfaldast í Kína á næstu fimm til tíu árum. MARKAÐURINN/HARI

um vænt verð á gengi bréfa í álrisanum. Fyrirtækin höfðu flest hver mælt með því að fjárfestar héldu í bréf sín í Alcan en mæla nú með kaupum á bréfunum. Banc of America segir vænt gengi á bréfum í Alcan munu verða á bilinu 55 til 59 dali á hlut en RBC Capital Markets gerir ráð fyrir 63 dölum á hlut.

Bandaríski bankinn UBS er hins vegar talsvert bjartsýnni á gengi Alcan. Bankinn vísar í framtíðarhorfur Alcan sem gerir ráð fyrir að eftirspurn eftir áli muni aukast um 7,8 prósent á þessu ári og verðleggur því bréf í fyrirtækinu á 71 dal á hlut.

Gengi bréfa í Alcan stóð á föstudag í rétt um 54 dölum á hlut.

Stjórnendur Sanyo grunaðir um svik

Gengi hlutabréfa í japanska tæknifyrirtækinu Sanyo féll um heilt 21 prósent í kauphöllinni í Tókýó í Japan undir lok síðustu viku eftir að fréttir bárust af því að fjármálafyrirvöld í Japan hefðu fyrirtækið til rannsóknar vegna hugsanlegra bókhaldsbrot árið 2003.

Grunur leikur á að stjórnendur hafi látið líta út sem fyrirtækið hafi skilaði lítillsháttar hagnaði þegar raunin var önnur enda hefur Sanyo átt við gríðarlega rekstrarörðugleika að etja og þurft að segja upp 14.000 starfsmönnum.



FORSTJÓRI SANYO Æðstu stjórnendur japanska tæknifyrirtækisins Sanyo hafa staðfest að fjármálafyrirvöld séu að skoða bækur fyrirtækisins vegna gruns um bókhaldssvik. MARKAÐURINN/AFP

Yfirvöld í Japan hafa síðustu misserin unnið að því að fletta ofan af þeim fyrirtækjum sem lagt hafa stund á óheiðarlega

starfshætti sem þessa og munu sömuleiðis hafa bókhald vélaframleiðandans Komatsu til skoðunar.

Rannsókn sem þessi getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þau fyrirtæki sem grunuð eru um að hafa haft fingurna í bókhaldinu. Er skemmst að minnast japanska netfyrirtækisins Livedoor sem árið 2006 hrundi til grunna þegar yfirvöld sáu maðk í mysunni. Fyrirtækið, sem var talið eitt af fyrirtækjaundrum Japans, féll hratt til jarðar. Þá standa réttarhöld enn yfir í máli æðstu stjórnenda þess vegna gruns um viðamikil bókhaldssvik. - **jab**

SÖGUHORNID

Tímaritafrumkvöðull fæðist

Í gær voru liðin 316 ár frá fæðingu Edwards Cave, útgefanda og ritstjóra fyrsta tímaritsins í þeim nútímalega skilningi að það kom út með reglulegu millibili. Tímaritið var vissulega tímanna tákn líkt og heiti þess bar með sér. Það hét hinu mjög svo viðeigandi nafni The Gentleman's Magazine. Tímaritið átti hins vegar ekki að höfða einungis til karla því efni þess var af öllum toga. Ekki liggur hins vegar

fyrir hvort það hafi átt marga kvenkyns lesendur.

Cave, sem var sonur skósmiðs, fæddist í bænum Rugby í Warwick-skíri í Bretlandi hinn 27. febrúar árið 1691. Hann gekk í grunnskóla í bænum en lauk aldrei námi þar sem hann var gerður brotttrækur úr skólanum vegna ásakana um stuld frá skólastjóranum. Hann lagði því menntaskóna á hilluna og fékkst við ýmis störf, þar á meðal í byggingariðnaði, en starfaði auk þess sem prentari og blaðamaður. Það var einmitt í blaðamannastarfinu sem Cave fékk þá flugu í höfuðið að setja

á laggirnar tímarit sem myndi fjalla um allt á milli himins og jarðar. Og þótt Cave hefði ekki einu sinni grunnskólamenntun að flagga sá hann fyrir sér að tímaritið myndi höfða til menntaðrar alþýðu manna.

Hann gekk á milli manna og reyndi að selja hugmyndina en fékk dræmar undirtektir. Hann ákvað því að láta slag standa og demba sér sjálfur í útgáfuna.

Fyrsta tímaritið kom út árið 1731 og kom út einu sinni í mánuði upp frá því. Það fjallaði um allt frá ljóðlist til viðskipta og ýmissa daglegra hluta. Þá birtust þar sömuleiðis úrdrættir úr

nýútgefnum ritverkum. Það sló fljótlega í gegn og mun hafa haft áhrif víða í samfélaginu. Segja má að Cave hafi fundið gullæð í frumkvöðlastarfinu því hann auðgaðist allvel á útgáfunni.

Cave studdist fyrst og fremst af lausapennum og fengu nokkur af helstu skáldum Bretlands að spreyta sig á síðum þess áður en þau slógu í gegn á skáldasviðinu. Þekktast þeirra var rithöfundurinn og ljóðskáldið Samuel Johnson, sem reyndar er þekktastur fyrir enska samheitaorðabók sína en sá um fréttaflutning af þinginu á síðum tímaritsins. Hann vann

í mörg ár hjá Cave og mun hafa verið honum ævinlega þakklátur fyrir að gefa sér tækifæri til að starfa við ritlist.

Cave, sem sjálfur skrifaði alloft í tímaritið undir leyninafni, mun hafa lagt allt sitt í tímaritaútgáfuna og næstum aldrei yfirgefið skrifstofur blaðsins. Hann þjáðist lengi vel af þvagsýrugigt og lést 10. janúar árið 1754, tæplega 63 ára að aldri.

Tímaritið lifði hins vegar og var víða lesið um hinn enskumælandi heim. Útgáfu þess var ekki hætt fyrr en árið 1907.

Var orðinn
hundleiður

SAGÐI BANKANUM SÍNUM UPP!

Ætlar að reyna við
Sparisjóðinn

Við lögum okkur að þínum þörfum

Það er grundvallaratriði að þú sért í góðu sambandi við það fjármálafyrirtæki sem þú skiptir við. Hjá Sparisjóðnum leggjum við mikinn metnað í að veita góða og persónulega þjónustu með hagsmuni og þarfir viðskiptavina okkar að leiðarljósi. Traust og gott samband er farsælt fyrir báða aðila.

FILON/SIA



www.spar.is



SPARISJÓÐURINN

– fyrir þig og þína

Úthýsa gömlu ljósaperunni

Stjórnvöld í Ástralíu hafa í hyggju að banna hefðbundnar glóðarperur á næstu þremur árum. Í stað þeirra er horft til þess að auka notkun sparneytnari ljósgjafa á borð við flúorperur sem nota einungis 20 prósent af því rafmagni sem hefðbundnar perur nota. Gangi þetta eftir verða Ástralar fyrsta þjóðin til að banna notkun glóðarljósapera.

Malcolm Turnbull, umhverfismálaráðherra Ástralíu, segir í samtali við breska ríkisútvarpið að þetta sé ekki mikil bylting fyrir neytendur en hafi umtalsverða kosti í för með sér. Helsti



kosturinn er sá að með ljósaperuskriptunum verði hægt að minna losun gróðurhúsalofttegunda um fjögur milljón tonn árið 2012.

Ráðherrann segist vona að stjórnvöld fleiri landa fylgi í fótspor Ástralá. Eitthvað virðist vera að þokast í þá átt því ríkisstjórn Kaliforníuríkis í Bandaríkjunum mun þegar hafa komið með svipaðar tillögur. Það var Thomas Edison sem fann upp ljósaperuna árið 1879 og hafa þær lítið breyst fyrr en á síðustu árum þegar sparneytnari ljósaperur komu á markað. - jab



SIMPANSI Vísindamenn segja unga apa læra af mæðrum sínum. Karlapar snúi hins vegar baki við nýrri þekkingu og vilja ekkert nýtt læra, að þeirra mati.

MARKAÐURINN/AFP

Apar kunna að nota spjót

Vísindamenn telja miklar líkur á að tækniþekking hafi borist milli manna með svipuðum hætti og hjá öpum.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Vísindamenn sem rannsakað hafa simpansa í Afríkuríkinu Senegal segjast hafa séð nokkur dæmi um að aparnir hafi útbúið sér viðarspjót til að veiða önnur dýr með. Vísindamennirnir, sem birtu niðurstöður rannsókna sinna í vísindatímaritinu Current Biology, segja hátterni apanna geta bent til þess að þeir séu enn að þróast og gætu á endanum stigið skref nær því að líkjast manningum að mörgu leyti. Vísindamennirnir telja af rannsóknum sínum að tækniþekking mannsins hafi borist áfram á milli kynslóða með svipuðum hætti og hjá öpunum í Senegal.

Þetta mun vera í fyrsta sinn sem sést hafi til simpansa veiða sér til matar með þessum hætti. Hátterni apanna náðist hins vegar ekki á filmu.

Breska ríkisútvarpið hefur eftir vísindamönnum, sem heita Jill Pruetz og Paco Bertolani, að þeir hafi séð hvorki fleiri né færri en 22 dæmi um að apar hafi ýmist tekið upp greinar af jörðu niðri eða brotið þær af trjám og notað þær

sem spjót til að pota ofan í hol tré og veiða þar smærri dýr sér til matar. Í einhverjum tilfellum munu aparnir hafa notað ýmist tennur eða önnur verkfæri til að tálga odd á greinar og gera þær oddhvassari til að eiga meiri möguleika á því að veiða dýrin í trjánum.

Í meirihluta tilfellanna voru það kvendýr og ungar sem tóku það eftir mæðrum sínum að beita greinum með þessum hætti á meðan karldýrin héldu sér til hlés, að sögn vísindamannanna.

Pruetz segir þetta dæmigerða þróun þegar komi að innleiðingu og miðlun tækniþekkingar. Dýr af yngstu kynslóðinni séu fljótari að læra en eldri dýr. Þau læri iðulega af mæðrum sínum sem þau eyði mestum tíma með. En af eldri dýrum séu karlarnir þeir síðustu til að taka upp nýja hætti. Og stundum hunsa þeir hana algjörlega, að hennar sögn.

Vísindamennirnir víkka þetta atriði enn frekar út í grein sinni í Current Biology og draga þá ályktun að vel megi vera að svipuð þróun hafi átt sér stað hjá mannfólkinu.



VÉLMENNI Í MYNDINN Í ROBOT Vísindamenn í Evrópu vinna að því að búa til vélmenni sem geta skynjað tilfinningar.

Vísindamenn þróa tilfinninganæm vélmenni

Hópur vísindamanna við ýmsa háskóla í nokkrum Evrópulöndum hafa tekið höndum saman og ætla að þróa vélmenni sem getur lært að skynja tilfinningar. Evrópusambandið styrkir verkefnið, sem kallast Feelix Growing, með 2,3 milljóna evra fjárframlagi til næstu þriggja ára. Það svarar til rúmlega 200 milljóna íslenskra króna.

Hópurinn samanstendur af 25 verkfræðingum, sálfræðingum og taugalífedlisfræðingum en þeir starfa við háskóla í Bretlandi, Frakklandi, á Grikklandi og í Danmörku. Yfirumsjón með verkefninu er í höndum Breta.

Vélmennin verða útbúin sérstökum rafaugum í höfði auk

hljóð-, hreyfi- og snertiskynjara til að geta lært inn á hreyfingar manna.

Dr. Lola Canamero við háskólann í Hertfordskíri í Bretlandi segir að tilgangurinn sé að þróa vélmenni sem geti átt í sem raunverulegustum samskiptum við mannfólkið.

Hún segir tilfinningar manna mjög flókið fyrirbæri og líkir kennslunni við það að koma barni í heiminn. Muni verða leitast við að finna einföldustu svipbrigði sem fáir taki eftir í daglegu lífi, svo sem lítilla andlitsþreyinga. Sé horft til þess að vélmennin geti sinnt ýmsum störfum, meðal annars aðstoðað við heimilisstörf, að hennar sögn.

- jab

PS3 í öðru sæti

Leikjatólvan PlayStation 3, nýjasta leikjatólvan frá Sony sem kom á markað í Bandaríkjunum og í Japan um miðjan nóvember í fyrra, er í öðru sæti yfir mest seldu leikjatólvur fyrirtækisins



PLAYSTATION 3

í Bandaríkjunum í síðasta mánuði. Stefnt er á að tölvan komi á markað í Evrópu undir lok næsta mánaðar.

Forsvarsmenn Sony viðurkenna fúslega að salan á leikjatólvunni hafi farið hægt af stað. Hún hafi hins vegar færst hægt og bítandi í aukana og geti niðurstaðan vart verið betri, að þeirra mati.

Sony seldi 243.443 PS3 leikjatólvur í Bandaríkjunum í janúar. Til samanburðar er sala á PS2 enn með ágætum en 299.352 leikjatólvur af þeirri gerð seldust vestanhafs á sama tíma. Í þriðja sæti er svo PSP-leikjatólvan sem seldist í 210.719 eintökum.

David Karraker, talsmaður Sony í Bandaríkjunum, segir fyrirtækið almennt ánægð með undirtektirnar sem tölvan hefur fengið hjá leikjaunnendum. Tölvuleikjaunnendur virðast hafa tekið vel í úrvallsleiki á borð við MotorStorm og Virtual Figher 5.

Hann býst engu að síður við áframhaldandi góðri sölu á PS2, ekki síst eftir að tölvuleikurinn God of War 2 kemur á markað. Von er á honum í næsta mánuði og gerir Karraker ráð fyrir góðri sölu á honum.

- jab

FIRMA

CONSULTING

Við finnum kaupendur og seljendur að fyrirtækjum

Firma Consulting ehf. (www.firmaconsulting.is) er ráðgjafar fyrirtæki sem sérhæfir sig í ráðgjöf við fjárfesta og stjórnendur fyrirtækja.

Firma Consulting ehf. leggur áherslu á persónulega og faglega þjónustu með áherslu á gæði, trúnað og traust í vinnubrögðum sínum. **Firma Consulting ehf.** veitir m.a. eftirtalda þjónustu:

- Aðstoð við kaup og sölu fyrirtækja.
- Aðstoð við verðmat á fyrirtækjum.
- Aðstoð við sameiningu fyrirtækja.
- Aðstoð við verðmat á fasteignum.
- Aðstoð við gerð kaupsamninga fyrirtækja og fasteigna.
- Aðstoð við kaup og sölu fyrirtækja erlendis í samstarfi við sérhæfð fyrirtæki á því sviði.
- Almenn rekstrarráðgjöf.



Magnús Hreggviðsson viðskiptafræðingur og löggiltur fyrirtækja-, fasteigna- og skipasali. Magnús er með áratuga reynslu af endurskoðunarstörfum, sem rekstrarráðgjafi, fyrirtækja- og fasteignasali, útgefandi, fasteignarekandi, „land-developer“ í Smárahvammi og starfandi stjórnarformaður í nokkrum fyrirtækjum. Er aðalráðgjafi hjá Firma Consulting ehf. magnus@firmaconsulting.is

Firma Consulting ehf., Þingaseli 10, 109 Reykjavík,
GSM: (354) 820 8800 og (354) 896 6665.
Fax: (354) 557 7766. Veffang: firmaconsulting.is

PERLAN.

Ein magnaðasta bygging Reykjavíkur á daginn.
Eitt besta veitingahúsið á kvöldin.

FRAMLENGT TIL 7. MARS!

Food & Fun

21. - 7. mars


William Kovel

Matreiðslumeistari

William Kovel gekk til liðs við Four Seasons Hotel Boston í júní 2006 sem Chef de Cuisine á veitingastaðnum Aujourd'hui. Hann er þekktur fyrir fínstillta franska tækni, alþjóðlega reynslu og hæfileikann til að búa til spennandi matseðla fyrir kröfuharða sækera í Boston. Hann hefur áður starfað á Jardinière, hjá einum besta matreiðslumeistara Bandaríkjanna

Helstu veitingastaðir sem Kovel hefur starfað á:

- **Jardinière, San Francisco**
- **Ritz-Carlton, San Francisco**
- **Radius, Boston**
- **Orrery, London (* Michelin)**
- **Four Seasons -Aujourd'hui, Boston**



William Kovel

Food & Fun í Perlunni

Krabbasalat með sítrus-dressingu,
kryddjurtasalat og skelfisk-vinaigrette
Hæg-eldaður lax með gljádum gulrótum
og engifersmjöri
Steiktur lambalundur með skógarsveppum,
kartöflu-gnocchi og jarðsveppasósu
Sítrónubaka eins og þær gerast bestar

5.900 kr.



Elmar Kristjánsson
Yfirmatreiðslumaður

Hið árlega Sjávarréttahlaðborð

Aðeins þessa einu helgi, 8.-11. mars!

Sjávarréttahlaðborð Perlunnar er einstakt tækifæri til að upplifa nýjungar í matargerð ólíklegustu skelfisk og fisktegunda. Margverðlaunaðir matreiðslumeistarar Perlunnar útbúa yfir 30 tegundir heitra og kaldra fiskrétta – og auðvitað Pétursfiskinn vinsæla (John Dory).

4.890 kr.

Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!



Fjölskyldur landsins hagnast á útlendingum

Skuldir meðalfjölskyldunnar hefðu aukist um tvö hundruð þúsund í fyrra ef erlends vinnuafls hefði ekki notið við. Þá hefðu útgjöld hennar verið 123 þúsund krónum meiri. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* komst að þessu með því að skoða meðalútgjöld og skuldir heimilanna út frá rannsóknum á áhrifum erlends vinnuafls á íslenskan vinnumarkað.

Þátttaka útlendinga á íslenska vinnu- markaðnum sparði meðalfjölskyldunni 123 þúsund krónur árið 2006. Skuldir fjölskyldunnar hefðu jafnframt verið um tvö hundruð þúsund krónum hærri ef þeirra hefði ekki notið við. Þessi niðurstaða miðast við að rannsóknir Þóru Helgadóttur, hagfræðings í greiningardeild Kaupþings, eigi við rök að styðjast. Þær gefa til kynna að verðbólga á árinu 2006 hefði verið allt að því 1,5 prósentum hærri án utanaðkomandi vinnuafls. Það þýðir að verðbólga hefði verið 8,5 prósent í stað sjö prósent.

Sem þekkt er opnaðist vinnumarkaður EES-svæðisins fyrir nýjum aðildarríkjum í maí árið 2006. Gögn frá Vinnuálfstofnun sýna að frá því í maí 2006 og fram að áramótum komu ellefu þúsund manns að utan til starfa hér á landi, til viðbótar við þá sex þúsund útlendinga sem fyrir voru á vinnumarkaðnum. Á skömmum tíma voru útlendingar orðnir níu prósent af vinnuafli á Íslandi og sex prósent af heildarmannfjölda.

Nýjustu tölur Hagstofunnar sýna útgjöld heimilanna fyrir árin 2003 til 2005 á verðlagi ársins 2005. Í meðfylgjandi töflu hefur sjö prósent verðbólga annars vegar og 8,5 prósent verðbólga hins vegar verið lögð ofan á útgjöld meðalfjölskyldunnar. Mismunurinn sýnir að þau hefðu verið 123 þúsund krónum meiri árið 2006 ef erlends vinnuafls hefði ekki notið við.

Skuldir heimilanna við lánakerfið allt í lok september á síðasta ári námu 1.270 milljörðum króna. Um 75 prósent þeirra voru verðtryggðar skuldir. Seðlabankinn hefur ekki gefið út heildarstöðu skulda við síðustu áramót. Gera má ráð fyrir því að þær hafi aukist um 2,5 prósent á þeim tíma. Miðað við þessar forsendur námu verðtryggðar skuldir meðalheimilis 13,25 milljónum króna við áramót. Ef lögð er 1,5 prósent verðbólga ofan á þær fást tæplega tvö hundruð þúsund krónur.

DÝRARA AÐ LIFA ÁN ÚTLENDINGA

Það hefði því verið dýrara að lifa á Íslandi án útlendinga árið 2006. Árið 2005 voru ráðstöfunartekjur meðalfjölskyldunnar með sína 2,5 fjölskyldumeðlimi 365 þúsund krónur á mánuði. Upplýsingar frá fjármálaráðuneytinu sýna að ráðstöfunartekjur á mann jukust um 4,6 prósent á árinu 2006. Það gefur um 380 þúsund krónur sem meðalfjölskyldan hafði úr að móða það árið. Án aðkomu útlendinga að íslenska vinnumarkaðnum hefði hún þurft að punga út að minnsta kosti átta þúsund krónum meira í mat- og drykkjarvörur, tíu þúsund í ferðir og flutninga, sextán þúsund í húsnæði, hita og rafmagn og átta þúsund í tómstundir og menningu, svo eitthvað sé nefnt.

Tölum um aukin útgjöld einstakra liða verður þó að taka með ákveðnum fyrirvara um skekkju. Þar sem vísitala neysluverðs byggir á grunni útgjalda meðalheimila er vægi einstakra liða innan hennar mismikið. Athuganir Þóru hjá Kaupþingi fela ekki í sér mat á hækkingu eða lækkun hvers liðs fyrir sig heldur einungis heildarhækkun verðbólgunnar.

Gera má ráð fyrir að nokkrir liðir í vísitölunni hafi hækkað enn meira en meðfylgjandi tafla gefur til kynna. Upplýsingar frá Hagstofunni gefa til kynna að á tímabilinu hækkaði húsnæði, hiti og rafmagn um 10,2 prósent og þar af leiðandi umfram verðlag. Þar af hafa útgjöld vegna eigin húsnæðis hækkað um 12,1 prósent. Matur og drykkjarvörur hækkuðu líka umfram verðbólgu eða um 8,8 prósent.



ERLENDIR VERKAMENN Á KÁRAHNJÚKUM Frá því að vinnumarkaður EES-svæðisins opnaðist nýjum aðildarríkjum í maí árið 2006 þangað til um síðustu áramót komu ellefu þúsund manns til starfa á Íslandi frá útlöndum.

Hækkanir á nokkrum liðum hafa á sama hátt verið minni en taflan sýnir. Föt og skór hækkuðu ekki nema um 0,2 prósent á árinu. Þannig má með sannni má segja að kaupmáttur launa til fatakaupa hafi aukist verulega á síðasta ári. Áfengi og tóbak hækkuðu minna en almennt verðlag eða einungis um 4,3 prósent, sem er óvenjulegt. Útgjöld vegna heilsugæslu, eins og lyf, lækningavörur og heilsugæslan sjálf hafa hækkað um 4,4 prósent svo að heilsugæslan hefur haldið aftur af verðbólgunni. Eini útgjaldaliðurinn sem lækkaði á tímabilinu var póstur og sími sem fór niður um 0,8 prósent.

HÉLDU LAUNUM Í SKEFJUM

Laun hækkuðu á árinu 2006 eins og verðlagið enda skapar þensla á vinnumarkaði þrýsting til hækkunar þeirra. Á síðasta ári hækkuðu laun um 10,5 prósent miðað

við launavísitölu Hagstofunnar. Í greiningu Þóru kemur fram að að einhverju leyti hafi skapast aðstæður í uppsveiflunni þar sem víxlverkun launa og verðbólgu hafi verið til staðar. Það ástand skapast þegar verðbólga hækkar umfram tiltekin mörk sem leiðir af sér væntingar um meiri verðbólgu. Það leiðir til launaskriðs og þess að verðbólga eykst enn frekar. Þóra leiðir að því líkum að laun hafi ekki hækkað meira en raun bar vitni vegna innflæðis erlends vinnuafls sem hafi aukið sveigjanleika íslenska vinnumarkaðarins.

Þar sem laun eru ekki fasti frekar en verðlagsbreytingar er ekki hægt að fullyrða að meðalheimilið hefði nákvæmlega orðið af umræddum 123 þúsund krónum ef erlent vinnuafl hefði ekki komið inn á markaðinn. Hins vegar er ljóst að um talsverðar fjárhæðir á meðalheimili gæti verið að ræða.

Rannsóknir hennar gefa til kynna að verðbólga á árinu 2006 hefði verið allt að því 1,5 prósentum hærri án utanaðkomandi vinnuafls. Það þýðir að verðbólga hefði verið allt að því 8,5 prósent í stað sjö prósent.

SAMANBURÐUR Á ÚTGJÖLDUM HEIMILANNA ÁRIÐ 2006					
ANNARS VEGAR MEÐ 7,0% VERÐBÓLGU OG HINS VEGAR MEÐ 8,5% VERÐBÓLGU					
	Meðalútgjöld 2003-2005, á verðlagi 2005	Hlutfall af heild	Útgjöld 2006 m.v. 7,0% verðbólgu	Útgjöld 2006 m.v. 8,5% verðbólgu	Mismunur
Neysluútgjöld alls	4.097	100%	4.384	4.445	61
Matur og drykkjarvörur	530	13%	567	575	8
Áfengi og tóbak	122	3%	131	132	2
Föt og skór	197	5%	211	214	3
Húsnæði, hiti og rafmagn	1.039	25%	1.112	1.127	16
Húsgögn, heimilisbúnaður og fleira	271	7%	290	294	4
Heilsugæsla	148	4%	158	161	2
Ferðir og flutningar	639	16%	684	693	10
Póstur og sími	121	3%	129	131	2
Tómstundir og menning	527	13%	564	572	8
Menntun	24	1%	26	26	0
Hótel og veitingastaðir	201	5%	215	218	3
Aðrar vörur og þjónusta	277	7%	296	301	4
Samtals:	8.193		8.767	8.889	123

Fjöldi heimila 1.773

Fjöldi í heimili 2,5

Heimild: Hagstofa Íslands

Tölur eru í þúsundum króna.



MARKAÐSVAKTIN

mentis HUGBÚNAÐUR

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI
í 14 daga á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

Mentis Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

Veist þú hvað er að gerast
á markaðnum í dag?

EPSON prentara... ...færðu hjá



EPSON® LASER C4200DN COLOR

58.910
AFSLÁTTUR



Allt að 35bls á min í monochrome.
25 bls á min í lit
Fyrsta prent :10.2
Mánaðar notkun : 90.000bls
Minni :128mb
(stækkanlegt í 640mb)
Bláða stærðir : A4, 90 x 139.7mm til 216 x 297mm
Bláða þykkt : 60-216g/m2

Til á Laugavegi 178

TILBOÐ Kr. 99.990,-
Kr. 5.151,-²⁴
mån
~~Kr. 158.900,-~~

EPSON® AcuLaser CX11NF

22.805
AFSLÁTTUR



Útrentun:
A4, 2400RIT (600 Dpi)
Prentar allt að 25 bls svart og 5 bls á min í lit.
Fyrsta síða út eftir 9sek í svörtu og 17 í lit
Ljósritun:
600 dpi
Nær allt að 25 blaðsíðum á min í svörtu og 5 í lit
Fyrsta síða út eftir 12sek í svörtu og 29 í lit
Skanni:
2 sek með svarta síðu og 11 sek með lit (A4)
9600 x 9600 dpi (600 x 600 dpi optical)
Fax:
3 flýtihnappar , 60 hraðhringingar, 20 hóphringingar
Allt að 200bls minni
Usb 2, netkort
32mb Minni

**Prentari
ljósritun
skanni
og faxtæki**

Til á Laugavegi 178

TILBOÐ Kr. 79.990,-
Kr. 4.146,-²⁴
mån
~~Kr. 102.795,-~~

EPSON® Laser C4000

30.000
AFSLÁTTUR



Allt að 16bls á min í monochrome
8bls á min í lit
Upplausn svart :1200x1200dpi
Upplausn lit :1200x1200
Pappirskúffa 600blöð 250 blöð ofaná
Mánaðar notkun :45.000bls
Minni :64mb (stækkanlegt í 1024mb)

Til á Laugavegi 178

TILBOÐ Kr. 111.990,-
Kr. 5.793,-²⁴
mån
~~Kr. 149.990,-~~

EPSON® Laser EPL N7000

53.000
AFSLÁTTUR



Allt að 35bls á min.
Fyrsta blað út :innan við 7sek
Upplausn svart :1200x1200dpi
Prentun :A4 og A3
Mánaðar notkun :150.000bls
Minni :64mb (stækkanlegt í 1024mb)

Til á Laugavegi 178

TILBOÐ Kr.186.990,-
Kr. 9.572,-²⁴
mån
~~Kr. 239.990,-~~

EPSON® Stylus D88

2.600
AFSLÁTTUR



Frábær prentari fyrir skólafólk
Allt að 5760 x 1440 dpi upplausn
22 bls á min í svörtu
12 bls á min í lit
4 blekhylki
Epson Micro Piezo prenthaus
Mjög hagkvæmur í rekstri

TILBOÐ Kr. 9.990,-
Kr. 12.590,-

EPSON® Laser C1900

65.910
AFSLÁTTUR



16 síður á mínútu í svörtu
4 síður á mínútu í lit
Mánaðarnotkun allt að 35.000 síður
2400 dpi. RIT
200 síðna pappirsbakkar (hámark 700 síður)
16Mb minni (hámark 144Mb)
Duplex (prentar beggja megin á blaðið)
Innbyggt 10/100 netkort
USB/ Parallel

Til á Laugavegi 178

TILBOÐ Kr.129.990,-
Kr. 6.700,-²⁴
mån
~~Kr. 195.990,-~~

EPSON® Stylus RX520

Útrentun:
5760x1440 punkta upplausn
Litahylki :4
Svartur texti 20 bls á min
Lita texti 19bls á min
Ljósmynd 10x15 u.m.þ.b 48 sek
Ljósritun:
Svartur texti A4 18bls á min
Lita texti A4 18bls á min
Skanni:
Svart A4 600dpi/Litur A4 600dpi
Skannar filmur og slides
1.5"LCD skjár
Minniskortalesari

**Prentari
ljósritun
og skanni**



10.695
AFSLÁTTUR

TILBOÐ Kr. 22.900,-
Kr. 2.268,-¹²
mån
~~Kr. 33.595,-~~

EPSON® Stylus R360

5760x1440 dpi
Litahylki :6
Svartur texti 30 bls á min
Lita texti 30 bls á min
Ljósmynd 10x15
u.m.þ.b 13sek
LCD skjár Já 3.5" litaskjár
Minniskortalesari
Pictbridge
USB direct print
Interface USB 2.0
Prentar á geisladiska

3.300
AFSLÁTTUR



TILBOÐ Kr. 23.990,-
Kr. 2.369,-¹²
mån
~~Kr. 27.290,-~~

Hans Petersen býður upp á skrifstofutæki í miklu úrvali sem henta bæði fyrirtækjum og einstaklingum. Við eigum lausnina fyrir þig. Epson prentarar eru auðveldir í notkun eins og Epson AcuLaser CX11NF - litaser prentari, ljósritunarvél, skanni og faxtæki. Allt í einu tæki. Epson EMP 61 skjávarpi, einfaldur í notkun og ótrúleg gæði og verðin koma þér á óvart.

VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



12
mån

24
mån

Verð miðast við greiðslusamning Visa eða Euro til 12 eða 24 mánaða

EPSON

EXCEED YOUR VISION

Hans Petersen • Fiskislóð 75 • 101 Reykjavík
Sími 570 7500 • hanspetersen@hanspetersen.is • www.hanspetersen.is

Fengitími á norrænum

Sænska hægri stjórnin hefur boðað stórfellda einkavæðingu, þar á meðal á eignarhlut í Nordea og fasteignalánabankanum SBAB. Af pólitískum ástæðum er talið ósennilegt að ríkið selji kjölfestuhlut í Nordea til útlendinga og vilji biðla til Wallenberg-fjölskyldunnar sem fer fyrir SEB. Danske Bank er sterklega orðaður við SBAB og skammt undan bíða Exista, Kaupping og Sampo Group með digra sjóði sem hægt er að nýta til góðra verka. *Eggert Þór Aðalsteinsson* dregur upp sviðsmynd af norrænum fjármálamarkaði.

Mikil spennan er í loftinu á norrænum fjármálamörkuðum um þessar mundir, enda búast menn við samrunum og yfirtökum í fjármálakerfinu á næstunni. Sjónir manna beinast að Svíþjóð í þeim efnum. Sænska hægri stjórnin, undir forystu Fredriks Reinfeldt, hefur boðað stórfellda sölu á hlutabréfum ríkisins í 57 fyrirtækjum og vonast til að einkavæðingin skili um 1.400 milljörðum króna í ríkiskassann. Tvö af þessum fyrirtækjum eru fjármálafyrirtæki og virðist vera töluverður áhugi fyrir þeim. Annað þeirra er Nordea, stærsta fjármálafyrirtæki Norðurlanda, en sænska ríkið er stærsti hluthafinn. Hitt er SBAB, fasteignalánabanki sem er að öllu leyti í eigu sænska ríkisins.

Talið er líklegt að Danske Bank, sænskir bankar og fjárfestingafélög, Sampo Group, íslensku viðskiptabankarnir Kaupping og Glitnir og mörg fjármálafyrirtæki utan Norðurlandanna muni blanda sér í þennan slag.

Almennt má segja að fáir norrænu bankanna hafi verið í markvissri útrás, ef undan eru skildir íslensku bankarnir og Danske Bank. Ástæðan er sennilega sú að stór hluti fjármálakerfisins í Svíþjóð, Noregi og jafnvel Finnlandi er enn í eigu ríkisins og stjórnámálamenn hafa ekki viljað hrófla við þessu kerfi. Gríðarleg hagræðingartækifæri eru því talin vera til staðar á norrænum bankamarkaði.

RÍKIÐ ÞRÁNDUR Í GÖTU

Stærri einingar á norrænum fjármálamarkaði eru að flestra mati nauðsynlegar til þess að bregðast við þeirri þróun sem á sér stað á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Bankar verða stærri og stærri og eftir því sem þeir stækka því betri viðskiptakjör fái þeir. Hinir smærri verða því bara étnir upp af þeim stærri. Í skýrslu ráðgjafafyrirtækisins Deloitte, sem Berlinske Tidende vísar til, kemur fram að fyrirtækið búist við allt að 700 samrunum og yfirtökum á evrópskum bankamarkaði frá 2006-2010. Árið 2010 býst fyrirtækið við því að kominn verði á sjónarsviðið evrópskur banki er spanni alla álfuna.

Fremur litlar hreyfingar hafa orðið á norrænum fjármálamarkaði í gegnum tíðina, einkum þegar horft er á stærri einingar, þótt Nordea hafi orðið til á sínum tíma við bankasamruna í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Bankar og önnur fjármálafyrirtæki í Skandinavíu hafa komið sér ágætlega fyrir í Eystrasaltsríkjunum og nægir þar að nefna SEB, Swedbank, Nordea og nú síðast Danske Bank. En almennt má segja að fáir norrænu bankanna hafi verið í markvissri útrás, ef

undan eru skildir íslensku bankarnir og Danske Bank. Ástæðan er sennilega sú að stór hluti fjármálakerfisins í Svíþjóð, Noregi og jafnvel Finnlandi er enn í eigu ríkisins og stjórnámálamenn hafa ekki viljað hrófla við þessu kerfi. Gríðarleg hagræðingartækifæri eru því talin vera til staðar á norrænum bankamarkaði.

SÆNSKT BRÚÐKAUP Á DÖFINNI

Augu flestra beinast að lykilhlut sænska ríkisins í Nordea. Þar hafa ýmsir verið nefndir til sögunnar sem kaupendur. „Skilaboðin til [fjármálaráðherrans] Mats Odell eru þau að fá sem hæst verð, en líka að gæta hagsmuna atvinnugreinarinnar við þá sölu sem við stefnum að,“ segir forsætisráðherr-

ann Fredrik Reinfeldt um fyrirhugaða sölu á Nordea-hlutnum í samtali við Veckans Affärer. Sænska ríkið heldur utan um 19,9 prósent hlut í Nordea, sem metinn er á 600 milljarða króna, og því er bankinn fjórum sinnum verðmætari en Kaupping, stærsti banki Íslands. Skammt undan kemur svo Danske Bank. Í samanburði við aðra evrópska banka virka Nordea og Danske Bank sem hálfgerð þó en Nordea er í 37. sæti á lista yfir stærstu banka heimsins og Danske í því 53. Stórir evrópskir bankar, sem hafa verið að vaxa hratt, til dæmis spænskir og ítalskir bankar, kunna að hafa áhuga að næla sér í fótfestu. Með því ná stóru bankarnir áhættudreifingu og efnahagur þeirra stækkar. Meðal erlendra kaupenda sem hafa verið nefndir til sögunnar eru Sampo Group, BBVA, Deutsche Bank, Citigroup, Barclay's og AMN Amro. Ekki er langt síðan suður-afríska fjármálafyrirtækið Old Mutual tók yfir tryggingafélagið Skandia eftir hatramma yfirtökubaráttu.

Það er einmitt ákveðinn ótti við að útlendingar komist yfir stærsta banka Svíþjóðar og Norðurlanda sem eykur líkurnar á því að Nordea-hluturinn endi í höndum Svía og er þar einkum horft til þess að Skandinavíska Enskilda Banken (SEB), þriðji stærsti banki Norðurlanda, og Nordea renni í eina sæng en

stjórnendur beggja bankanna virðast vera heitir fyrir hver öðrum. Pólitísk samstaða ku ekki vera fyrir því að selja Nordea, með sína tíu milljónir viðskiptamanna, til útlendinga; nógu erfitt er samt að einkavæða ríkisfyrirtæki og því lesa menn svo í orð Reinfeldts að aðeins Svíar komi til greina.

Ekki skemmir fyrir að Investor, hinu öfluga fjárfestingafélagi Wallenberg-fjölskyldunnar, list vel á ráðahaginn en það félag fer fyrir SEB. „Samþjöppun liggur í loftinu. Sænska ríkið er stærsti hluthafinn í Nordea og hefur sagt markaðnum frá því að það vilji selja. SEB er hugsanlegur kaupandi en enn eru þetta einungis vangaveltur,“ sagði Jacob Wallenberg á leiðtogaráðstefnunni í Davos í Sviss. Kenningin er sú að Investor kaupi Nordea sem síðan kaupi svo SEB. Saman myndu SEB og Nordea komast í hóp tuttugu stærstu banka heims og beina spjótum sínum að fjármálamörkuðum í austri, einkum að Rússlandi og gömlu sovétlýðveldunum.

„Ég trúi því að SEB og Wallenberg muni ráðast í þessi viðskipti. Þau eru rétt fyrir geirann og ef samruni SEB/Nordea gengur í gegn verður til stærsti banki Evrópu í fjölskyldueigu,“ segir Håkan Wilson, framkvæmdastjóri hjá Kauppingi í Svíþjóð við Veckans Affärer.

ÞÁTTTAKENDUR



BJÖRN WAHLROOS, FORSTJÓRI SAMPO GROUP Horfir meðal annars til hlutabréfa sænska ríkisins í Nordea.



LÝÐUR GUÐMUNDSSON, STJÓRNARFORMAÐUR EXISTA Exista er komið með kjölfestuhlut í Sampo Group og Kauppingi sem bæði eru líkleg til afreka á komandi misserum.



PETER STRAARUP, FORSTJÓRI DANSKE BANK Hefur lýst yfir áhuga sínum að eignast SBAB.



FREDRIK REINFELDT, FORSÆTISRÁÐHERRA SVÍÞJÓÐAR Hægri stjórnin ætlar í stórfellda einkavæðingu og vonast til að fá 1.400 milljarða í ríkiskassann.



CE merking byggingavara
www.si.is/ce



Framtíðin er í okkar höndum

Framtíðin felst íhátækni - sjá stefnu SI og áskorun tilríkisstjórnarinnar á www.si.is



0101010ATGC10101010ATGC
1010ATG
01010A
10ATG
TGC1010
C10ATGC0
0101010ATGC

Fagleg og lögleg

Hvetjum landsmenn að skipta aðeins við fagfólk með tilskilin réttindi - og það er að finna á Meistarinn.is



Íslenskur iðnaður

MIÐVIKUDAGUR 28. FEBRÚAR 2007



SI.IS - fjölsóttasti vefur atvinnulífsins

Á DEGI UNGRA FRÆÐIMANNA

Í dag, miðvikudaginn 28. febrúar, í fundarsal Þjóðminjasafns Íslands

Þjóðarstolt eða samrunaprá? • Íslensk hafréttarmál • Sjávarútvegsstefnan • Norræn vídd • Klúður í innleiðingu tilskipana • Vitundaruppbygging • Firra eða framtíð samningsréttar? • Evrópu-rétt og Evrópu-rangt

Alþjóðamálastofnun HÍ og Samtök iðnaðarins standa fyrir Degi ungra fræðimanna í dag, miðvikudaginn 28. febrúar, þar sem ungu og/eða nýtskrifuðu fólki gefst færi á að kynna rannsóknir sínar tengdar Evrópumálum. Dagskráin (sjá nánar á www.si.is) stendur frá 13:00 til 16:00 og er öllum opin.

VERIÐ VELKOMIN - AÐGANGUR ÓKEYPIS



Samtök iðnaðarins



Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands

Framtíðin er í okkar höndum



Morgunverðarfundur fimmtudaginn 1. mars frá 8:30 til 10:30:

ÍSLAND - lífvænleg uppspretta tækifæra?

Efnt er til morgunverðarfundar um **möguleika og tækifæri líftækni-fyrirtækja, stofnana og háskóla** á Íslandi til að efla vöxt og samkeppnis-hæfni greinarinnar á alþjóðamarkaði. Gestur fundarins verður Steven Dillingham, Stratego International, en hann mun kynna athyglisverðar niðurstöður verkefnis, unnið af Stratego, SÍL og Intellecta með stuðningi AVS.



Fundurinn fer fram á Grand Hótel Reykjavík, Hvammi. Hann er opin og aðgangur ókeypis en tekið er við skráningum á www.si.is eða í síma 591 0100 til dagsloka í dag.



Samtök íslenskra líftækniyrirtækja



Samtök iðnaðarins

Þegar mest á reynir...

Hünnebeck steypumót eru sterk og áreiðanleg mót frá einum fremsta framleiðanda steypumóta í heimi.

Aseta selur bæði og leigir út steypumót, undirsláttarefni og byggingarkrana.

HÜNNEBECK 
– þegar mest á reynir

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is



Endurfundir í miðborginni!

Er kominn tími á endurfundi hjá þínum árgangi? Veislukompaníið býður glæsilega veislusali með öllum tæknibúnaði og fyrsta flokks veisluþjónustu í hjarta borgarinnar.

● IÐUSALIR

Fallegar innréttingar og fullkomin staðsetning Iðusala, í Lækjargötunni, gerir þessa tvo sali sem um ræðir að einum vinsælustu veislusölum borgarinnar. Salirnir rúma 250 manns í sæti eða 400 manns í standandi boði.

● LÍDÓ

Lídó er glæsilegur nýr veislusalur sem byggir á klassískum grunni Versala, upplagður fyrir stærri hópa til að koma saman og fagna. Aðstaða er fyrir 300 manns í borðhald og yfir 500 manns í standandi boði.

● VEISLUÞJÓNUSTA

Veisluþjónustan okkar er rómuð fyrir fjölbreyttar og spennandi veitingar, útbúna af snjöllustu fagmönnum. Við sjáum til þess að veislan verði eins og þú vilt hafa hana: Ykkar ánægja er okkar markmið.

Kynntu þér þjónustu okkar og skoðaðu matseðla á www.veislukompaniid.is eða hringdu í síma 517 5020 og veislan er í höfn!

Með kveðju,
Hafsteinn Egilsson

Flora/SIA



VEISLUKOMPANÍIÐ
IÐUSALIR · LÍDÓ · VEISLUÞJÓNUSTA

Lækjargötu 2a 101 Reykjavík s 517 5020 www.veislukompaniid.is



Leiðari

Sveinn Hannesson

framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Þurfum við nokkuð á atvinnurekstri að halda?

ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK MARKAÐI TÍMAMÓT

Að vonum fögnuðu flestir ákvörðun um byggingu álvers í Straumsvík og ekki aðeins Hafnfirðingar heldur flestir Íslendingar. Þetta var að vonum því að sú ákvörðun markaði á margan hátt nýja tíma í íslensku atvinnulífi. Að baki voru miklir erfiðleikar í efnahagsmálum þjóðarinnar. Síldin hvarf, verðfall varð á sjávarafurðum og efnahagur þjóðarinnar var í rúst. Gengi krónunnar var fellt um tugi prósent á eftir ár og atvinnuleysi var mikið. Á þessum árum flúðu Íslendingar bæði til Svíþjóðar og Ástralíu í leit að atvinnu og mannsæmandi lífsskjörum.

SÍÐBÚIN IÐNVÆÐING

Menn sáu að hvorki var skynsamlegt né gerlegt fyrir þjóðina að byggja til framtíðar alfarið á fiskveiðum og -vinnslu. Íslendingar yrðu að iðnvæðast og leita eftir erlendra fjárfestingu og tækniþekkingu til að nýta aðra helstu auðlind sína, orkuna. Íslendingar gerðust aðilar að EFTA og gerðu skömmu síðar fríverslunarsamning við Efnahagsbandalag Evrópu sem þá var.

STÆKKUN Á TÍMA STÖÐNUNAR OG ATVINNULEYSIS

Efnahagsástandið á Íslandi var lengst af ekki með þeim hætti að það hentaði vel til uppbyggingar í iðnaði né heldur freistaði það erlendra fjárfesta að byggja hér upp iðnað. Efnahagsstjórnin var lengst af í algerum molum. Í lok mikillar uppsveiflu og þenslu fylgdi jafnan gengisfelling, óðaverðbólga og gjaldeyriskreppa. Á árunum 1988-1994 gekk þjóðin í gegnum mögur ár stöðnunar og atvinnuleysis. Það var einmitt ákvörðun um að stækka álverið í Straumsvík sem markaði endalok þessa erfiða tímabils. Þeirri ákvörðun var almennt ákaft fagnað og hún markaði raunar upphafið að einu lengsta hagvaxtarskeiði í sögu þjóðarinnar.

FREKARI STÆKKUN UMDEILD

Nú hefur Alcan, eigandi álversins í Straumsvík, unnið að því um hríð að stækka álverið en nú ber svo við að sú ákvörðun er umdeild. Bæjaryfirvöld í Hafnfirði hafa hrokkið við og ætla að efna til almennrar atkvæðagreiðslu um skipulag svæðisins og láta þar með í raun greiða atkvæði um það

hvort stækka megi álverið. Ekki er um það deilt að álverið þarf að uppfylla strangar kröfur í umhverfismálum og gangast fyrir umhverfismati vegna framkvæmdanna. Fyrirtækið hefur starfað á sínum stað í áratugi og lagt afar mikið til uppbyggingar í Hafnfirði og raunar á landinu öllu. Sú spurning vaknar hvort allt þetta skipti nú engu máli.

ÞURFUM VIÐ TEKJUR OG STÖRF?

Vitað er að tekjur bæði ríkis og Hafnarfjarðarbæjar munu stórauðast svo nemur mörgum milljörðum á ári ef stækkun álversins verður að veruleika. Andstæðingar framkvæmdanna telja það raunar alls óviðeigandi að draga slík aukaatriði inn í umræðuna. Þá er gert lítið úr þeim vel launuðu störfum sem verða til við stækkun verksmiðjunnar. Það er greinilegt að verulegur hópur fólks á Íslandi telur það litlu eða engu máli skipta hvort við nýtum orkulindir þjóðarinnar til að skapa útflutningstekjur, ný störf og skatttekjur til ríkis og sveitarfélaga.

SJÁLFBÆR HAGVÖXTUR BYGGÐUR Á AUKNUM ÚTFLUTNINGSTEKJUM

Hagvöxtur á Íslandi hefur verið verulegur undanfarin ár. Gallinn er bara sá að hann byggist að verulegu leyti á einkaneyslu. Viðskiptahalli er mikill og viðvarandi. Hagvöxturinn er sem sé að verulegu leyti tekinn að láni erlendis. Allar nágrannþjóðir okkar keppast við að laða til sín erlenda fjárfestingu og byggja upp varanlegan hagvöxt með útflutningi vöru og þjónustu. Það er ills viti ef íslenska þjóðin er farin að trúá því að við þurfum ekki á því að halda að nýta auðlindir okkar til að skapa útflutningsverðmæti og vel launuð störf. Margir virðast halda að verðmætasköpun sé aðallega á hendi ríkis og sveitarfélaga en litlu máli skipti hvort fyrirtækin fara eða vera, lifa eða deyja. En það er auðvitað argasta vitleysa. Við getum ekki til lengdar lifað á því að flytja inn og selja hvert öðru flatskjái og bíla, fjármagnaða með erlendum lánum. Vonandi þarf ekki stórkostleg efnahagsáföll til þess að sannfæra þjóðina um að við þurfum á arðbærri framleiðslu og útflutningstekjum að halda.

Lækningarmáttur Lónsins

Ása Brynjólfssdóttir lyfjafræðingur er rannsókn- og þróunarstjóri Bláa lónsins og hefur stýrt rannsóknum og vöruþróun frá upphafi, eða frá árinu 1993.

„Klínískar rannsóknir sem voru gerðar árið 1992 á áhrifum böðunar í Bláa lóninu á psoriasis sýndu fram á einstakan lækningarmátt þess“, segir Ása og bætir því við að sameindaerfðafræðilegar rannsóknir á lífríki Lónsins hafi staðfest að yfir 60 prósent af örverum þess séu nýjar, áður óþekktar tegundir.

„Við byrjuðum á verkefninu við húðvörurnar árið 1993 en þá var hugmyndin að fanga þessi einstöku virku efni í lóninu. Við vildum að sjúklingarnir sem komu í meðferð hjá okkur þegar við vorum að rannsaka lækningarmátt lónsins, gætu haldið meðferðinni áfram eftir að heim væri komið. Í dag hefur markaðurinn hins vegar kallað okkur í allt aðrar

áttir, þótt við þjónum þessum upphaflegu markmiðum líka. Meginþunginn í okkar framleiðslu og sölu í dag er í húðvörugreinanum.“

Ása segir fyrstu Blue Lagoon húðvörurnar hafa komið á markað árið 1995. „Þær byggja á einstökum hráefnum Bláa lónsins; kísil, söltum og þörungum en í dag telur vörulínan yfir fjörutíu vörutegundir“, segir Ása og bætir því við að nýjasti afrakstur rannsókna- og þróunarstarfsins sé að líta dagsins ljós á næstunni en þá mun Bláa lónið setja á markað nýja andlitsvörulínu. „Vörurnar byggja á niðurstöðum nýrra rannsókna sem sýna að kísillinn úr lóninu og þörungarnir hafi virkni gegn öldrun húðarinnar. Rannsóknirnar voru unnar í samvinnu við Jean Krutmann prófessor sem er leiðandi sérfræðingur í rannsóknum á öldrun húðarinnar og áhrifum umhverfisins á hana“, segir Ása en Bláa lónið fékk styrk frá Tækni-



Ása Brynjólfssdóttir segir stefnu Bláa lónsins að efla enn frekar rannsókn- og þróunarstarf félagsins og styrkja sókn þess á samkeppnismarkaði.

þróunarsjóði til þessara rannsókna og nú hefur verið sótt um einkaleyfi á þessum rannsókna-niðurstöðum.

„Bláa lónið og einstök efni þess eru óþrjótandi uppspretta tækifæra í vöruþróun. Stefnan er að efla enn frekar rannsókn- og þróunarstarf félagsins og styrkja sókn þess á samkeppnismarkaði“, segir Ása.

- sig



Fermingargjöf frá okkur:
Við gefum 5.000 kr.
upp í fermingarrúm.



Svíf þú inn í Svefninn



Úrval fylgihluta:

Rúmteppi, púðar, pífur,
sængurverasett, dýnuhlífar,
náttborð og fleira.



Eftir þínu höfði:

RB-rúmin og gaflar eru sérsmíðuð eftir þínum
óskum. Þú ræður lengd, breidd, hæð, fótum og
lit á gafl og botni.

RB-rúm er í heimssamtökunum ISPA, sem eru gæðsamtök fyrirtækja
sem sérhæfa sig í framleiðslu og hönnun springdýna.

Opið alla virka daga frá 8–18 og á laugardögum frá kl. 10–14.

RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is



Stofnað 1943



Mikil þekking og reynsla hefur skapast á sviði framleiðslutækni og þjónustu við lagnamarkaðinn hjá röraverksmiðju SET á Selfossi. Fyrirtækið framleiðir og selur foreinangruð rör til hitaveitilagna, plaströr til vatns- og fráveitilagna auk hlífðarröra fyrir raf- og símastrengi. Frá upphafi hefur SET lagt áherslu á fyrsta flokks þjónustu, hátt tæknistig, framleiðni og gæðavitund.



SET ehf. Röraverksmiðja • Eyravegur 41 • 800 Selfoss
Sími: 480 2700 • Fax: 482 2099 • Netfang: set@set.is • Vefsíða: http://www.set.is

**Hagkvæm gisting
við Leifsstöð,
frír akstur í flug.**

**Geymsla á bíl,
meðan þú dvelur erlendis.**


ALEX
bílahús • motel
VIÐ LEIFSSTÖÐ
Sími: 421 2800

**VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU**



Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða



Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is



Stoltir starfsmenn í Járnsmiðju Óðins taka hér við viðurkenningu um D-vottun frá Samtökum iðnaðarins.

Gæðavottun í fjórum þrepum

Frá árinu 1997 hafa Samtök iðnaðarins aðstoðað aðildar-fyrirtæki sín við að tileinka sér aðferðafræði gæðastjórnunar. Verkefnisstjórnin, Ferdinand Hansen, heldur utan um gæðavottun fyrir hönd Samtaka iðnaðarins.

„Með hugtakinu gæðastjórnun er einfaldlega átt við góða stjórnun en þar er ekki verið að tala um vörugæði,“ segir Ferdinand og útskýrir nánar. „Ef það er vel stjórnað þá komast öll skilaboð frá viðskiptavininum til starfsmanna með réttum hætti. Þannig að í gegnum góða stjórnun þá verða vörugæði líka í lagi.“

Ferdinand segir marga hafa



Ferdinand Hansen, verkefnisstjóri hjá Samtökum iðnaðarins segir fólk gera auknar kröfur um gæðavottun verktaka enda hafi það þá staðfestingu á að verktakinn sé fær um að skila verkinu vel.

miklað það fyrir sér að fá gæðavottun og þess vegna hafi verið brugðið á það ráð að brjóta þetta niður í fjóra hluta. „Þannig geta menn byggt þetta upp í þrepum. Síðan höfum við verið tilbúnir til að koma og gera úttekt út frá þeim forsendum sem við gefum okkur undir hverjum lið og setjum þá nafn okkar við þegar við sjáum að hlutirnir eru komnir í gott lag,“ segir Ferdinand og bætir við að töluverður áherslumunur sé á milli þrepanna fjögurra. „Þegar menn eru komnir alla leið í A-vottun þá eru þeir væntanlega farnir að hugleiða ISO vottun en ISO-9001:2000 er alþjóðlegur gæðastaðall varðandi gæðastjórnun,“ bætir hann við. „Hafi fyrirtæki þessa vottun þá segir það viðskiptavininum að hlutirnir séu í góðu lagi samkvæmt úttekt utan-aðkomandi aðila.“

Að sögn Ferdinands eru mörg fyrirtæki með þessa hluti í góðu lagi. „Þeir sem eiga erfitt með fyrstu skrefin ættu hins vegar að hugsa sig vel um því þá eru þeir algjörlega á byrjunarreit og spurning hvort fyrirtækið skili því sem það ætti að skila.“

Ferdinand segir verktaka-bransann háðan öðrum lögmálum en beinni framleiðslu á vöru og nefnir sem dæmi að þegar fólk ætli að láta byggja fyrir sig hús sé ekki hægt að skoða það fyrirfram heldur sé það bara til á teikningum. „Þegar fólk velur síðan ein-

hvern sem það þekkir ekki neitt til að byggja húsið sitt þá segjast náttúrulega allir verktakar vera voðalega góðir en það er hægt að fá staðfest þegar vottun er til staðar. Það er ákveðin gæðatrygging og grunnurinn að því að útiloka allt fúsk úr iðnaðinum,“ segir Ferdinand.

„Stóru verkkauparnir eins og framkvæmdasýslan, Vegagerðin, Landsvirkjun og fleiri gera auknar kröfur um að verktakar leggi fram til kynningar hluta af sínu gæðastjórnunarkerfi til að tryggja að þeir ráði við það verkefni sem þeir bjóða í. Þetta er ekki alveg farið að virka hundrað prósent en er á góðri leið,“ segir Ferdinand og bætir því við að innan raða Samtaka iðnaðarins séu 108 fyrirtæki sem eru lögð af stað í þrepin þótt þau séu misdugleg að vinna samkvæmt fyrirfram skilgreindu verklagi. „Sumir gera þetta frábærlega vel en aðrir þola illa skoðun og eru jafnvel feimnir við að láta skoða sig ef þeir vita að þeir eru veikir á svellinu.“


Ferdinand segir þennan gæðastaðal vera nokkuð sem hinn almenni húsbyggjandi eigi að gera kröfur um því það sé ekki minna í húfi fyrir hann en framkvæmdasýsluna. Hinn almenni húsbyggjandi leggi allt sitt undir og jafnvel rúmlega það. „Þetta er klárlega það sem koma skal. Það er engin spurning,“ segir Ferdinand.

sigrídurh@frettabladid.is

Heildarlausnir


Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

A góðum járnnum



HÉÐINN

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



BLIKKSMIÐJA GYLFA EHF.

KLETTHÁLS 9 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI 567 4222 • FAX 567 4232

Á undanförunum árum hefur það fæst i vöxt að gera upp gömul hús víða um land og þar kemur bárujárnið sannarlega við sögu. Einnig hafa hönnuðir húsa aldrei lagt bárujárnið á hilluna þrátt fyrir miklar tiskusveiflur í hönnun. Það sést vel á mörgum nýjum húsum. Blikksmiðja Gylfa býður uppá heildarlausnir á þakfrágangi

og veggklæðningum úr bárujárni. Allir fylgihlutir eru framleiddir hjá Blikksmiðju Gylfa og ávallt til á lager. Þaulreyndir fagmenn með áratuga reynslu eru til staðar og veita tæknilegar upplýsingar og ráðgjöf. Nóg er að koma með teikningar á staðinn og fagmenn Blikksmiðju Gylfa finna réttu lausnina.



FÉLAG BLIKKSMIÐJUGYLFENNA

þakrennur • klæðningar • stallastál • fylgihlutir





Ásgrímur Jónsson hefur verið formaður Iðnaðarmannafélagsins undanfarin þrjú ár en félagið stefnir að því að verða meðeigandi að Iðnskólanum í Reykjavík á nýjan leik.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lyfta virðingu iðnaðar

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík varð 140 ára þann 3. febrúar síðastliðinn en það var stofnað árið 1867 af reykvískum iðnaðarmönnum. Ásgrímur Jónasson hefur verið formaður félagsins undanfarin þrjú ár og þekkir sögu þess vel. „Tilgangurinn með stofnun félagsins var að auka samheldni meðal iðnaðarmanna og þeir héldu nokkur námskeið auk þess að stofna skóla. Hann gekk þó upp og ofan fram að aldamótum en árið 1904 var Iðnskólinn í Reykjavík stofnaður,“ segir Ásgrímur. Iðnaðarmannafélagið rak skólann fram til ársins 1955 þegar ríki og borg tóku við rekstrinum. „Nú er verið að velta fyrir sér að breyta formi Iðnskólans og ef hann verður einkavæddur þá höfum við möguleika á að verða meðeigendur. Það ætlum við að nýta okkur

því þá höfum við áhrif sem við höfum ekki mikil í dag,“ segir Ásgrímur.

„Við höldum stóra og mikla hátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur á afmælisdaginn og veittum þar viðurkenningar til nýsveina fyrir framúrskarandi námsárangur,“ segir Ásgrímur en þar voru þrettán nýsveinar úr hinum ýmsu iðngreinum heiðraðir. „Þetta hyggjumst við gera árlega hér eftir til að lyfta upp virðingu iðnaðarins, iðnaðarmanna og iðnnámsins,“ bætir Ásgrímur við en hann segir félaga í Iðnaðarmannafélagi Reykjavíkur geta verið alla iðnaðarmenn, þá sem vinna að iðnaði á einhvern hátt eða hafa áhuga á iðnaði yfir höfuð. „Það eru hátt í 200 meðlimir í félaginu núna og það eru allt áhugamenn um iðnað og handverk.“

Faglegir og löglegir klæðskerar og kjólameistarar

Í félagi Klæðskera og kjólameistara eru um eitt hundrað félagar sem allir eru fagfólk með tilskilin réttindi.

„Í rauninni er þetta fagfélag þeirra sem eru sveinar eða meistarar í annaðhvort klæðskurði eða kjólasaumi,“ segir Selma Ragnarsdóttir, formaður Klæðskera og kjólameistarafélagsins.

„Eins og er þá eru bara konur í félaginu og langflestar eru þær lærðar úr Iðnskólanum í Reykjavík. Við höfum verið að auglýsa okkur undir „fagleg og lögleg“ þar sem við erum með tilskilin réttindi og bjóðum upp á fagleg vinnubrögð en þetta starf krefst mikillar nákvæmni,“ segir Selma.

Hún segir að á markaðnum sé talsvert af fólki starfandi sem hafi ekki öðlast réttindi. „Það er í þessu eins og öllu öðru. Það er líka algengur misskilningur að kalla þá sem eru klæðskerar fatahönnuði og öfugt. Það er stanslaust verið að rugla þessu saman. Þetta er í raun ekki það sama þó þessir tveir aðilar ættu að vinna saman. Það er hins vegar ekki mikið gert af því hér á landi. Það spilar inn í hvað landið er lítið og við erum því alltaf að fara inn á svið hvor annars.“

Selma segir að munurinn liggi



Selma Ragnarsdóttir, formaður Klæðskera og Kjólameistarafélagsins.

að miklu leyti í náminu. „Klæðskurður og kjólasaumur er iðnnám þar sem við vinnum meira í sniðgerðinni og frágangi á flík. Hönnuðir eru meira tengdir listrænu sviði. Ef þessir tveir aðilar geta unnið saman þá er það nánast fullkomið. Það er enn ekki komin nægilega mikil hefð fyrir því en það á eftir að koma síðar,“ segir Selma.

Félagið reynir að standa reglulega fyrir uppákomum til að halda félagsmönnum við efnið. „Við

höldum fundi og fræðslunámskeið og gerum oft ýmislegt skemmtilegt saman. Við erum aðallega að bjóða upp á endurmenntunarnámskeið. Svo hittumst við og skiptumst á skoðunum og ræðum um það sem er að gerast í fatabransanum og tísku almennt. Svo er það alltaf þessi blessaða verðlagning sem er til umræðu. Það er oft ekki nægilega mikill skilningur á þessari grein og við ætlum að reyna að bæta úr því.“

elvargeir@frettabladid.is



Geislandi gott samstarf

„Það er mikið átak að byggja upp röntgendeild með fullkomnum tækjum. Frábært starfsfólk Lýsingar hefur staðið með okkur í því í einu og öllu. Þekking þeirra, hlýlegt viðmót og skjót úrlausn mála eru okkur mjög mikils virði.“

Einfríður Árnadóttir röntgenlæknir, Röntgen Orkuhúsið

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



IDAN – fræðslusetur stendur fyrir margvíslegum námskeiðum.

Námskeið

Nokkur af þeim námskeiðum sem verða á dagskrá hjá IDAN – fræðslusetri:

FRAMMISTÖÐUSTJÓRNUN Í IÐNFYR-IRTÆKJUM, 20. MARS:

Fjallað verður um hagnýtar aðferðir sem reynslan hefur sýnt að gagnast vel í fjölbreytilegum vinnuaðstæðum. Í frammistöðustjórnun er áhersla lögð á skipulögð vinnubrögð við að meta árangur, afköst og gæði þeirrar vinnu sem starfsmenn inna af hendi. Kjarni þessarar aðferðar gengur út á að huga að þeim afleiðingum hegðunar sem ýta undir góða frammistöðu.

KENNSLA Á VINNUSTAÐ, 13. APRÍL:

Meginmarkmið námskeiðsins er að auka færni kennara á vinnustað. Fjallað verður um skipulag vinnustaðanáms með hliðsjón af ferilbókum greinanna og um ávinning af innleiðingu ferilbóka. Þátttakendur fá þjálfun í kennslufræði vinnustaðanáms auk viðtals- og samskiptatækni. Farið verður í ýmsa umhverfisþætti sem geta haft áhrif á einstaklinginn. Námskeiðið er samtals 30 kennslustundir og er metið til tveggja eininga. Námskeiðinu verður skipt í fimm staðbundnar lotur. Þátttakendur vinna verkefni á tímabilinu.

MÓTTAKA NÝRRRA STARFSMANNA, KENNSLA OG ÞJÁLFUN, 14. MARS:

Farið er yfir helstu atriði sem stuðla að skilvirkri móttöku nýrra starfsmanna. Kynnt verður hvernig megi gera aðlögun nýrra starfsmanna að vinnustað markvissan. Hvernig má á auðveldan hátt greina og skipuleggja þjálfun og yfirfæra reynslu og færni reyndari starfsmanna á nýliða. Farið í ábyrgð vinnuveitenda og áherslur í móttöku erlendra starfsmanna. Á hvaða hátt skýr stefna, skipurit og starfslýsingar geta skýrt hlutverk stjórnenda og gert boðmiðlun markvissari.

TÖFLUREIKNIRINN EXCEL, 6. MARS:

Excel er að margra mati eitt alsnjallasta forrit sem ritað hefur verið. Heimilisbókhaldið verður eintóm skemmtun, en einnig má gera fjallstórar áætlanir án þess að missa nokkurs staðar yfirsýn.

3DS MAX, 2. MARS:

Grunnnámskeið. Á námskeiðinu eru kennd grunnatriði hönnunar í Max umhverfi. Einnig er farið í grundvallaratriði hreyfimynda-gerðar og ljós-setningar. Eftir námskeiðið geta þátttakendur hannað í 3DS MAX með mismunandi tækni. Þeir kunna að búa til efni og setja efnisáferð á hluti. Þeir geta stjórnað grunnlýsingu og búið til og hreyft einfalda hluti og umhverfi.

Öll námskeiðin fara fram á Hallveigarstíg 1. Nánar á www.idan.is

Framtíðin í okkar höndum

Á morgun, 1. mars, verður morgunverðarfundur um möguleika og tækifæri líftæknifyrirtækja, stofnana og háskóla á Íslandi til að skapa vöxt og hæfni greinarnnar á alþjóðamarkaði. Fundurinn hefst kl 8.30 á Grand Hótel Reykjavík, Hvammi, og stendur til kl 11.00.

Steven Dillingham, stofnandi og framkvæmdastjóri Stratego International, mun kynna niðurstöður á verkefni sem Stratego vann fyrir Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja og Intellecta



Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, mun sjá um fundarstjórn í Hvammi.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

með stuðningi AVS rannsóknarsjóðs. Þar mun hann fjalla um stöðu og tækifæri líftækni á Íslandi.

Álitsgjafar fundarins verða þeir Jakob K. Kristjánsson, formaður Samtaka íslenskra líftækni-fyrirtækja, Gísli Hjálmarsson, framkvæmdastjóri Brúar – fjárfestingafélags og Friðrik Friðriks-son, stjórnarformaður AVS rannsóknarsjóðs. Fundarstjóri verður hins vegar Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.



Góð gjöf

Fjöltækniskólanum barst vegleg gjöf frá Fálkanum á dögunum. Um var að ræða spólurofa, yfirálagsvarnir og fleira fyrir rafmagnsfræðikennslu. Gjöfin kemur sér sannarlega vel fyrir skólann en Fálkinn hefur á undanförunum árum stutt ötullega við kennslu í skólanum með ýmsum hætti.

Framtíðin er í okkar höndum

SI



Davíð Lúðvíksson



Jon S. von Tetzchner



Vilborg Einarsdóttir



Dr. Gísli Hjálmtýsson



Andrew McNair



Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson



Finnogi Jónsson



Þórður Magnússon



Eggert Claessen

Samskipti fjárfesta og frumkvöðla

Ráðstefna í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs, föstudaginn 9. mars
frá 8:30 til 12:00 í tengslum við Tækni og vit 2007

Samtök iðnaðarins og aðildarfélag efna til ráðstefnu um samskipti fjárfesta og frumkvöðla í tengslum við sýninguna Tækni og vit 2007.

Áhugaverðir gestir flytja erindi og valinkunnir einstaklingar úr röðum fjárfesta og frumkvöðla taka þátt í pallborðsumræðum.

Á meðan frumkvöðlar vinna hörðum höndum að gróðursetningu góðra hugmynda, í harðgerðu landslagi nútímans, er mikilvægt að faglegir fjárfestar komi að ræktunarferlinu og stuðli að lífvænlegum vaxtarskilyrðum á Íslandi.

En eru menn að uppskera eins og til var sáð? Geta bætt samskipti fjárfesta og frumkvöðla aukið vaxtarhraða og þroska sprotafyrirtækja sem leiðir til betri uppskeru og arðsemi þegar á markað er komið? Hverju hafa fjárfestingar í sprotum skilað? Hvað einkennir góðan sprota? Hvað á að taka langan tíma að byggja upp arðsemi? Hvaða samskiptaleiðir eru í boði?

Ráðstefnan fer fram föstudaginn 9. mars frá 8:30 til 12:00 í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs.

Tekið er við skráningum á www.si.is, en einnig er hægt að senda tölvupóst á skraning@si.is eða hringja í síma 591 0100.

Tilkynna þarf þátttöku fyrir lok miðvikudags 7. mars næstkomandi. Almennt ráðstefnugjald er kr. 7.900 og fyrir aðildarfyrtæki SI kr. 5.900. Innifalinn er aðgöngumiði að sýningunni Tækni og vit 2007.

Dagskrá:

8:30 Móttaka gesta, afhending gagna og morgunverður

9:00 Setning

Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins

Reynsla frumkvöðuls: Stofnun, rekstur og framtíð alþjóðlegs hugbúnaðarfyrirtækis

Jon S. von Tetzchner, framkvæmdastjóri Opera Software

Frumkvöðlar í þekkingarfyrirtækjum

Vilborg Einarsdóttir, stofnandi og stjórnarformaður Mentor og stjórnarmaður í Samtökum sprotafyrirtækja

Samvinna - lykill að árangri

Dr. Gísli Hjálmtýsson, framkvæmdastjóri Brúar - fjárfestingafélags

10:30 Kaffihlé

Tengjum frumkvöðla og fjárfesta

- Connecting Startups and Investors

Andrew McNair, framkvæmdastjóri tengslanetsins Connect Scotland

Pallborðsumræður

- Dr. Gísli Hjálmtýsson, framkvæmdastjóri Brúar - fjárfestingafélags
- Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson, stofnandi og stjórnarmaður Marorku og formaður Samtaka sprotafyrirtækja
- Finnogi Jónsson, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs
- Jon S. von Tetzchner, framkvæmdastjóri Opera Software
- Vilborg Einarsdóttir, stofnandi og stjórnarformaður Mentor og stjórnarmaður í Samtökum sprotafyrirtækja
- Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyris - fjárfestingafélags

Fundarstjóri og stjórnandi pallborðs:

Eggert Claessen, formaður Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja

12:00 Ráðstefnulok

Að lokinni ráðstefnu er gestum boðið að heimsækja bás SI og aðildarfélaga á stórsýningunni Tækni og vit 2007 sem fram fer í Fífunni í Kópavogi dagana 8. til 11. mars.

Nánari upplýsingar, dagskrá og skráning á www.si.is



Breskir hermenn prófa íslenska sokka frá Trico

Fyrirtækið Trico á Akranesi vinnur og hannar vörur úr tæknilegum textíl. Öryggis-sokkarnir frá fyrirtækinu eru notaðir í iðnaði víða um land en einnig er hafin útrás.

Vörumerkið Trico er yfir hálfra aldrar gamalt en árið 1992 tók Viðar Magnússon við fyrirtækinu. „Þetta er fjölskyldufyrirtæki,“ útskýrir Helga dóttir Viðars og framkvæmdastjóri Trico sem hefur á fimmtán árum vaxið úr því að framleiða eingöngu sokka yfir í

að vera fyrirtæki sem vinnur og hannar vörur úr tæknilegum textíl.

„Árið 1996 hófum við samstarf við Össur sem leitaði til okkar með ákveðið vandamál varðandi stoðvörur,“ útskýrir Helga en Trico hefur átt í farsælu samstarfi við Össur hin síðari ár. Það samstarf er þó aðeins hluti af starfsemi fyrirtækisins. Fyrir utan framleiðslu á venjulegum sokkum sem seldir eru í verslunum víða um land hannar og framleiðir Trico vinsæla öryggissokka. „Trico er frumkvöðull í ákveðnu eldvarnarefni sem

við notum í framleiðslu á eldvarnarsokkum. Þá seljum við í allar stóriðjur á Íslandi, minni verksmiðjur og til slökkviliða sem gera háar kröfur um öryggi starfsmanna,“ segir Helga og bætir við að einnig séu sokkarnir fluttir út til Danmerkur, Svíþjóðar og Bretlands. Vinsældir sokkanna erlendis segir Helga stafa af því að öryggis-sokkarnir frá Trico séu þeir einu sem prófaðir hafi verið af viðurkenndum rannsóknarstofum í textíl og standist því öryggisstaðlana EN531 og EN533.

Útrás Trico er síður en svo lokið því um þessar mundir er breski herinn með sokka frá Trico í prófun. Samningar hafa ekki gengið í gegn en sokkarnir hafa fengið góðan hljómgrunn. Helga vill þó ekki gíska á hvort einhverjir hermenn í Írak eða Íran spígspori um í Trico sokkum.

Trico framleiðir alla sína vöru á Íslandi en fyrirtækið er á Akranesi. Helga segir fólk telja það vörnunni til tekna að vera framleidd hér. „Við munum halda því áfram og stefnum á enn frekari stækkun hér,“ segir Helga sem horfir björtum augum til framtíðar.

Trico opnaði nýlega vefsíðuna www.safety-sock.com en einnig má nálgast upplýsingar á www.trico.is.



Helga Viðarsdóttir er framkvæmdastjóri Trico sem hannar, þróar og framleiðir vörur sem unnar eru úr tæknilegum textíl.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA



Þórólfur Árnason, forstjóri Skýrr, mun fjalla um sameiginlega hagsmuni við útvistun ákveðinna verkefna á ráðstefnu um útvistun í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Útvistun er allra hagur

Þórólfur Árnason, forstjóri Skýrr, mun meðal annars fjalla um niðurstöðu könnunar Samtaka iðnaðarins og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins á umfangi upplýsingatækni hjá opinberum stofnunum, á ráðstefnu um útvistun á morgun í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal. Ráðstefnan hefst klukkan 13.00.

„Útvistun er það kallað þegar fyrirtæki fá einhvern utanaðkomandi til þess að gera hlutina fyrir sig. Einhvern sem er flinkari í því eins og til dæmis er þekkt með hringerningarfyrirtæki,“ segir Þórólfur Árnason, forstjóri Skýrr, um hugtakið útvistun. „Við erum með þetta í sambandi við upplýsingatækniðnaðinn. Okkur finnst enn vera margir að standa í því að basla við tölvumál þegar aðrir eru til sem geta gert það betur,“ bætir hann við en hann mun á ráðstefnunni vekja athygli á könnun sem var gerð í haust um umfang upplýsingatækni hjá opinberum aðilum. „Við teljum opinbera aðila gera of mikið sjálfa þar sem þeir eru með sérstakt starfsfólk í hugbúnaðarþróun, vinnslu og fleiru. Í stað þess að treysta fagfólkinu fyrir því, sem er í upplýsingatækniðnaðinum alla daga. Við teljum það vera gagnkvæman ávinning að útvista ákveðin verkefni en lítum ekki á það sem andstædur. Þannig að við viljum fyrst og fremst benda þessum aðilum á að það geti verið beggja hagur að


vinna meira saman.“ Þórólfur segir að hægt sé að nýta þá starfsmenn sem eru færir í upplýsingatækni innan stofnunarinnar í þjónustutengd verkefni sem nýtast viðskiptavinum og þeim sem verið er að þjóna. Það sé betra en að nýta þá í starfsemi inn á við þegar sérfræðingar geta séð um þau mál. „Það er þessi gagnkvæmi ávinningur sem ég ætla að fjalla um.“

Spurður um hvernig útvistun getur verið opinberum stofnunum fjárhagslega hagkvæm, segir Þórólfur: „Það er hægt að gera þetta með útboði eða með reglubundnu samstarfi við fagaðila eins og hjá fyrirtækjum sem eru í gagnkvæmu viðskiptasambandi,“ segir Þórólfur. „Eins fylgist ríkið þannig hraðar með nýjungum í faginu og þarf þá ekki endilega að vera háð gamalli þekkingu innanhúss heldur getur nýtt sér hröðustu uppbyggingu hjá upplýsingafyrirtækjunum sjálfum. Við erum því spennt að heyra sjónarhorn Árna Mathiesen fjármálaráðherra um þessi mál.“


Þórólfur segir Skýrr vera á þessum samkeppnismarkaði og vinna með 200 starfsmönnum bæði fyrir opinberar stofnanir og fyrirtæki. „Við teljum að við séum með hæfasta hóp sem hægt er að hafa til þess og erum eitt stærsta fyrirtækið í upplýsingatækni á Íslandi. Við teljum því að við höfum upp á ansi margt að bjóða sem opinberir aðilar og fyrirtæki af öllum stærðum eiga að nýta sér,“ segir forstjóri Skýrr.

- sig


Allt fyrir
VÖRUHÚSIÐ



Brettahillur



Prönggangalyftarar




Wave 50 handlangarinn



Rafmagns lyftarar



Raftryllur



Staflarar




Hjólattrillur henta vel í útkeyrslubílinn



Læstir skápar fyrir fatnað og persónulega muni



Hillukerfi og skápar fyrir smávörulagerinn



Hurðir, veðurhlífir og vörubryggur



Logimat lagerturnar

Áratuga reynsla og þekking við skipulagningu vöruhúsa

STRAUMUR
HRAÐBERG

www.straumur.is

Höfðabakkí 9 • Sími 544 5330 • Fax 544 5355
straumur@straumur.is

VERTU MEÐ... VERTU DÚNDUR!



Formgallar á framkvæmd tilskipana ESB á Íslandi

Aðeins ein Evróputilskipun af tuttugu og tveimur var rétt innleidd. Rætt verður um Evrópumál á Degi ungra fræðimanna í dag sem Samtök iðnaðarins og Háskóli Íslands standa fyrir og haldinn verður í fundarsal Þjóðminjasafns Íslands.

Ýmsar tilvísanir í Evrópustaðla fara forgörðum þegar tilskipanir eru innleiddar í íslenskan rétt. Guðrún Rögnvaldardóttir, framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands, mun fjalla um það efni á málþingi um nýlegar rannsóknir á vettvangi Evrópufræða sem haldið verður í Þjóðminjasafninu í dag milli 13 og 16.

„Ég skoðaði tuttugu og tvær Evróputilskipanir sem er búið að innleiða hér á landi en komst að því að þær eru ekki innleiddar eða framkvæmdar á fullkomlega réttan hátt, nema ein þeirra. Þær varða öryggi jafn ólíkra hluta og leikfanga, skemmtibáta, gastækja, byggingavara, rafmagnstækja, véla, lækningatækja og lyftna svo dæmi séu nefnd,“ lýsir Guðrún. Hún segir um marga formgalla að

ræða sem geti komið framleiðendum og innflytjendum illa. „Þeir þurfa að vita hvaða kröfur framleiðsluvara þarf að uppfylla og það er slæmt fyrir þá ef reglurnar reynast ógildar af því að handvömm hefur orðið á innleiðingu þeirra.“

Guðrún segir flest íslensku ráðuneytin eiga hlut að máli í þeim tilvikum sem hún rannsakaði en tekur fram að utanríkisráðuneytið beri yfirbyrgð á framkvæmd EES-samningsins. „Mistökkin hafa ekki verið gerð vísitandi heldur af vanþekkingu,“ bætir hún við.

Beðin að nefna dæmi um klúður af þessu tagi tekur hún eftirfarandi dæmi: „Segjum að einhver sé að flytja inn bandarísk leikföng til landsins. Hann verður að sjá til þess að þau standist allar öryggiskröfur sem tilskipun frá Evrópusambandinu segir til um og er merkt með CE merki því til staðfestingar. Tilskipunin var innleidd með reglugerð frá 1994 og breytt 1995 en hefur ekki verið uppfærð síðan. Sumir staðlarnir sem þar er vísað til eru hinsvegar löngu fallnir úr gildi og búið að gefa út nýja. Framleiðandi vörunnar gæti því verið að fara eftir úreltum reglum þegar hann býr leikfangið til, af

því að ráðuneyti hér hefur ekki sinnt um að uppfæra þennan lista.“

Guðrún segir hugsanlegt að svona mál geti bakað íslenska ríkinu skaðabótaskyldu. Hún kveðst vita til þess að það hafi verið dæmt til að greiða skaðabætur fyrir formgalla á innleiðingu tilskipunar. „Þar varð einstaklingur fyrir tjóni en í þeim tilfellum sem ég er að skoða eru það fyrst og fremst fyrirtæki eða lögaðilar sem gætu skaðast,“ segir hún. Að lokum er hún spurð hvernig þessum málum sé háttað hjá öðrum þjóðum. „Ég hef ekki kynnt mér það. Ég veit hins vegar að í sumum Evrópulöndum fylgjast framleiðslufyrirtækin og fulltrúar iðnaðarins mjög grannt með því að allar reglur séu réttar og mynda pressu á stjórnvöld. Það aðhald vantar hér.“

Hjá Staðlaráði segir Guðrún hægt að fá upplýsingar um hvort tilteknið staðlar séu í gildi. Til dæmis með því að slá upp í gagnagrunni þess á netinu, gefa upp númer staðals og sjá hvenær hann tók gildi hér á landi. Slóðin er www.stadlar.is. Eins má finna flestar reglugerðir á vefnum á www.reglugerd.is.

gun@frettabladid.is



Misbrestur er á því að reglur Evrópusambandsins séu rétt yfirfærðar, að sögn Guðrúnar Rögnvaldardóttur framkvæmdastjóra Staðlaráðs Íslands. Um það mun hún fjalla á málþingi í dag í Þjóðminjasafni Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

NORM-X
Hita pottar

www.normx.is

Mest seldu hita pottar á Íslandi

Framleiddir með sérstöku tilliti til íslenska hitaveituvatnsins



Endingargóðir – yfir 30 ára reynsla þúsundir ánægðra notenda

Íslensk framleiðsla



Viðarkamínur á ótrúlega góðu verði

Skoðaðu heimasíðuna www.normx.is

Norm-x • Auðbrekku 6 • Kópavogi • Sími 565-8899.



HÖFUÐ, HERÐAR ...



Íbúfen® – Bólqueyðandi og verkjastillandi

Notkunarvið: Íbúfen inniheldur íbúprófen sem er bólqueyðandi, verkjastillandi og jafnframt hitalækkandi lyf. Lyfið er notað við liðagigt, slitgigt, tíðaverkjum, tannpinu og höfuðverk. Einnig má nota það sem verkjalyf eftir minniháttar aðgerðir, t.d. tanndrátt. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni eða er með skerta lífrarstarfsemi má ekki nota lyfið. Fólk sem hefur fengið astma, nefslímubólgu eða ofsakláða eftir töku acetýlsalicýlsýru eða annarra bólqueyðandi lyfja (annarra en barkstera) ætti ekki að nota lyfið. Nota skal lyfið með varúð hjá fólki með tilhneigingu til magasárs eða sögu um slík sár. Lyfið er ekki ætlað barnshafandi konum. **Aukaverkanir:** Íbúfen getur valdið aukaverkunum eins og t.d. ofnæmi (útbrot) og meltingarópægindum. **Skömmtun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.

14.09.05



Kærleikur úr gulli og silfri

Mágkonurnar Sólborg Sumarrós Sigurðardóttir gullsmiður og Svava Björk Jónsdóttir arkitekt sigruðu í samkeppni Félags íslenskra gullsmiða og Samtaka iðnaðarins um hönnun og smíði gjafar í tilefni nafngiftar eða skírnar.

„Hugmyndin kviknaði fyrir löngu síðan þegar við vorum að eignast börn á svipuðum tíma. Við gerðum samt aldrei neitt með þessa hug-

mynd fyrr en þessi keppni kom upp,“ segir Sólborg og bætir því við að hún hafi alltaf verið að bíða eftir að andinn kæmi yfir hana. „Síðan kom hann ekkert,“ segir hún og hlær.

„Ég hafði síðan samband við Svövu og spurði hana hvort hún væri sátt við að ég sendi hugmyndina okkar inn í keppnina. Svo við ákváðum að nota hugmyndina og ég smíðaði upp úr henni þetta men,“ segir Sólborg sem er gullsmiður hjá Gulli og silfri en hún smíðaði frumgerðina úr gulli. „Þegar þetta verð-



Sólborg Sumarrós Sigurðardóttir gullsmiður og Svava Björk Jónsdóttir arkitekt hönnuðu hálsmenið Kærleikur í sameiningu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

ur síðan framleitt verður það bæði gert í gulli og silfri enda er dálítill verðmunur þar á.“

Sólborg segir þær hafa spáð nokkuð í að menið væri ekki bara bundið við kristnina heldur að fólk gæti líka notað það í tilefni nafngiftar. „Verkið getur haft skírskotun til

einvers fullorðins sem er að vernda barnið, til dæmis pabbans, mömmunnar, afans eða ömmunnar. Eins getur það vísað til þess að verið sé að taka barnið inn í kristið samfélag og Guð eða Jesús tekur á móti því. Þannig á hver sem er að geta fundið tengingu fyrir sjálfan sig.“

Hálsmenið verður selt í samvinnu við félagið Einstök börn en hluti af ágóðanum rennur beint til félagsins og kemur á markað á næstunni. „Félagið mun þá sjá um dreifingu á hálsmenunum því þau verða til sölu hjá fleirum en okkur.

-sig

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004

MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

HANN ER GRIMMUR! MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

SKOTBÓMULYFTARI

Fjór hjóladrifinn

Fjór hjólastýrður

Lyftigeta: 3.400 KG

Lyftihæð: 6.050 MM

Gafflar: 1.200 MM

Vél: Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ

LOAD SENSING!! Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAPJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager



PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.

Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-mail: pon@pon.is



Nýsköpunarsjóður námsmanna styrkir námsmenn til rannsóknarverkefna yfir sumartímann ár hvert.

Styrkir námsmenn til rannsóknarvinnu

Nýsköpunarsjóður námsmanna veitir styrki á hverju sumri til yfir hundrað verkefna sem stuðla að nýsköpun þekkingar á viðkomandi sviði. Frestur til að sækja um styrki úr Nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir sumarið 2007 rennur út þann 10. mars næstkomandi.

Nýsköpunarsjóður námsmanna var stofnaður árið 1992 til þess að útvega áhugasömum nemendum sumarvinnu við metnaðarfullt og krefjandi rannsóknarverkefni. Á

undanförnum árum hefur sjóðurinn styrkt mörg hundruð námsmenn við verkefni sín.

Styrkjum er úthlutað til kennara á háskólastigi, fyrirtækja, rannsóknastofnana eða einstaklinga sem teljast hafa sérþekkingu á ákveðnu sviði, til þess að ráða stúdenta til sumarstarfa.

Markmið sjóðsins er að stuðla að nýsköpun, jafnt fyrir atvinnulíf sem á fræðasviði.

Nánar á nsn.is.

Íslandsmót iðnnema

Iðnnemar halda Íslandsmót sitt í Kringlunni föstudaginn 23. mars á Degi iðn- og starfsmenntunar.

Keppt verður í níu iðngreinum daglangt en Íslandsmótið er ætlað iðnnemum 22 ára og yngri.

Mótið hefur farið stækkandi með hverju árinu. Keppnin er ræst klukkan 10 um morguninn og í lok dags verða verkefnið dæmd og sigurvegurum afhent verðlaun.

Iðnmennt og Mennt standa fyrir mótinu og með því að halda það í Kringlunni gefst almenningi



Frá Íslandsmóti iðnnema í fyrra.

tækifæri á að fylgjast með hinu fjölbreytta starfi sem fram fer í skólum landsins.

Kynningarefni keppinnar má nálgast á www.mennt.is.

INTERPUMP

HÁPRÝSTIÞVOTTADÆLUR



- Fyrir fagmanninn og í bílskúrinn
- 90 - 500 bar, 7 - 35 l/mín
- Ein fasa og þriggja fasa
- Sjóþolnar og glussadrifnar
- Bensín drifnar
- Háþrýstislöngur og fittings
- Spíssar og framlengingar
- Hvírfilspíssar (túrbó)



TX

TSX

Blue Time



LANDVÉLAR

Smíðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
S: 580 5800



STRAUMRÁS

Furuvellir - 600 Akureyri - S. 461 2288

http://www.landvelar.is - landvelar@landvelar.is - straumras@straumras.is



SKF



- Kúlulegur
- Keflalegur
- Veltilegur
- Rúllulegur
- Flangslegur
- Búkkalegur

1.43

0.67

0.028

70 000

0.0063

61801

61901

* 6001

16101

* 6201



LANDVÉLAR

Smíðjuvegi 66 - 200 Kópavogi S. 580 5800

VIT

S: 555 6006 • www.skf.is

Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður




STRAUMRÁS

Furuvellir - 600 Akureyri - S. 461 2288

http://www.landvelar.is - landvelar@landvelar.is - straumras@straumras.is

Geymdu það ekki til morguns sem við getum gert í dag.



Liège

- beint fraktflug I I sinnum í viku

Icelandair Cargo býður beint fraktflug I I sinnum í viku til og frá Liège í Belgíu.

Icelandair Cargo í Liège er í innan við 400 km fjarlægð frá mörgum af stærstu borgum í Evrópu og býður landflutninga hvaðan sem er í álfunni.

Nýttu þér hraðvirkasta flutningsmátann innan Evrópumarkaðar.

Hafðu strax samband við Icelandair Cargo við Flugvallarveg í Reykjavík.
Sími 5050 400, fax 5050 630, vefang icelandaircargo.is.

Eins
og
skot

ICELANDAIR
CARGO



fjármálamörkuðum



CHRISTIAN CLAUSEN, NÝR FORSTJÓRI NORDEA, KYNNTUR TIL SÖGUNNAR
Clausen tekur við starfinu af Lars G. Nordstrom eftir aðalfund bankans í apríl. Sænska ríkið hefur boðað sölu á fimmtungshlut sínum í Nordea á næstunni og því er ljóst að Clausen fær nýja yfirmenn. Investor, stærsti hluthafinn í SEB, er talinn vera líklegasti kaupandi hlutarins, enda gæti það orðið erfitt fyrir sænsku stjórnina að selja hlutinn í hendur útlenskra banka. NORDIC PHOTOS/AFP

DANSKE BANK LÍKLEGUR
Margir eru spenntir fyrir fasteignalánabankanum SBAB sem er fimmta stærsta lánastofnun Svíþjóðar með útlán upp á 1.300 milljónir króna og yfir 250 þúsund viðskiptavinum. Mikil tækifæri liggja í því að bjóða þessum viðskiptamannahópi upp á annars konar bankabjónustu og þá kann að heilla marga að SBAB hefur sterka markaðshlutdeild í útlánum til fyrirtækja. Norrænir fjölmiðlar nefna ýmis fjármálafyrirtæki til sögunnar sem kaupanda að SBAB, þar á meðal Nordea og hina stóru sænsku bankana, Länsförsäkringar í Svíþjóð (þar sem Tommy Person, stjórnarmaður í Kaupþingi, er í forystu), ING Group í Hollandi, Danske Bank og Kaupþing og Glitni.

Þegar spurt er um líklega kaupendur á SBAB telja sérfræðingar að staða Danske Bank sé nokkuð sterk. „Auðvitað erum við áhugasamir að skoða gögn varðandi SBAB þegar sænska ríkið selur,“ segir Peter Straarup, forstjóri Danske Bank, við Dagens Industri, en tekur þó fram að allt velti þetta á því hvað sænska ríkið vilji fá fyrir sinn snúd. Margt fellur til með Danske Bank. Hann hefur öðlast ágæta reynslu í því að taka yfir banka í öðrum löndum og býr yfir fjárhagslegum styrk. Bankinn hefur verið með seðlaveskið á lofti og eignast bankastarfsemi í Finnlandi, Eyrstrasaltsríkjunum og Írlandi á síðustu mánuðum, síðast Sampo Bank í Finnlandi. Í grein í Berlingske Tidende er bent á það að mikil reynsla sé til staðar hjá Danske Bank þegar kemur að yfirtökum á fyrirtækjum. Tæknilega séð er Danske Bank í fremstu röð í Evrópu þegar kemur að því að sameina ólík tölvukerfi fjármálafyrirtækja og það gefi honum gott forskot á samkeppnisaðila. Tíminn skiptir sköpum við að samþætta rekstur fyrirtækjanna og ná niður kostnaði.

Einnig er nefnt að staða Danske Bank sé sterkari en Handelsbanken, SEB og Swedbank þar sem sænsku bankarnir eru nú þegar með mikil umsvif á fasteignalánamarkaði og eiga það á hættu að markaðshlutdeild fari yfir 30 prósent hámark.

KAUPÞING MED REYNSLU
Stutt er liðið síðan Exista varð stærsti hluthafinn í Sampo Group, stærsta fjármálafyrirtæki Finnlands, og náði þar með hugsanlegri

lykilstöðu á norrænum fjármálamarkaði. Sampo Group er með yfir fjögur hundruð milljarða króna í veskinu og vilja stjórnendur félagsins blanda sér í þann slag sem verður um fimmtungshlutinn í Nordea. Sampo á nú þegar ríflega eins prósents hlut í sænska risabankanum.

Stjórnendur Existu ætla að hitta stjórnendur Sampo í mars til skrafs og ráðagerða en stjórnarformaðurinn Lýður Guðmundsson hefur sagt að hann telji að nýta megi sjóði Sampo til góðra verka. Ætla má að fjárfestingargeta Existu sé allnokkur enn þá, enda er eiginfjárlutfall félagsins yfir fjörutíu prósentum, og þá er líklegt að Kaupþing, þar sem Exista er stærsti eigandinn, hafi burði til að ráðast í 100-150 milljarða króna fjárfestingar eftir að hafa safnað um 55 milljörðum króna í alþjóðlegu hlutafjárútboði í upphafi vetrar. Saman er þetta tvíeyki, Exista og Kaupþing, líklegt til að taka þátt í frekari stórræðum á norrænum fjármálamarkaði á þessu ári.

Kaupþing, sem hefur verið orðað við Storebrand í Noregi og nú síðast SBAB, hóf íslensku útrásina á norrænan bankamarkað snemma á öldinni og býr yfir töluverðri reynslu í yfirtökum. Stefna bankans hefur verið skýr. Hún er sú að Kaupþing verði leiðandi fjárfestingabanki á Norðurlöndum og eftir því sem fyrirtækið óx þá færði það anga sína í alþjóðlegri þróun til Bretlandseyja. Bankinn eignaðist Sofi í Finnlandi árið 2001 og verðbréfafyrirtækin Aragon og JP Nordiska á árunum 2002-2003 auk smærri fyrirtækja í Noregi, Bretlandi og Lúxemborg. Einnig keypti Kaupþing rúman helming hlutafjár í finnska fjárfestingarfyrirtækinu Norvestia árið 2003. Kaupþing fór í sín stærstu kaup um mitt ár 2004 þegar það keypti danska fyrirtækjabankann FIH af Swedbank fyrir rúma 84 milljarða króna. Þetta tvöfaldaði stærð Kaupþing og markaðsvirði bankans fór yfir 200 milljarða eftir hlutafjárútboð er haldið var í tengslum við þessi stóru kaup. Í lok árs 2004 var bankinn kominn með starfsemi í tíu löndum, þar af á öllum Norðurlöndunum. Ári síðar festi Kaupþing kaup á Singer & Friedlander í Bretlandi fyrir 65 milljarða króna og styrkti þar með stöðu sína í almenntri bankabjónustu, fjármögnunarleigu og eignastýringu.

Glitnir hefur einnig verið nefndur til sögunnar sem kaupandi að SBAB. Bankinn skilgreindi heimamarkað sinn á Íslandi og í Noregi eftir kaup á BN Bank og KredittBanken í Noregi á árunum 2004-2005. Á síðasta ári eignaðist Glitnir verðbréfafyrirtækið Fischer Partners í Svíþjóð og tilkynnti um kaup á FIM Group fyrir á þessu ári fyrir 37 milljarða króna.

VERÐIÐ HÆKKAR
Spennandi tímar eru fram undan á norrænum fjármálamarkaði þótt erfitt verði að spá fyrir um endanlega niðurstöðu. Rekstur stórra banka á Norðurlöndum hefur aldrei gengið betur og hlutabréf þeirra gáfu af sér góða ávöxtun á síðasta ári. Áhugi margra ólíkra aðila mun líka valda því að seljendur fá gott verð fyrir sinn snúd. „Markaðurinn er fremur seljendamarkaður en kaupendamarkaður,“ sagði Björn Wahlroos, forstjóri Sampo Group, í viðtali við Helsingin Sanomat. Björn ætti að þekkja þetta manna best, enda seldi Sampo Group bankasamstæðu fyrirtækisins til Danske Bank fyrir mjög gott verð. Danske Bank greiddi 3,5-falt eigið fé Sampo Bank sem er litlu herra en það verð sem Glitnir borgaði fyrir FIM Group á dögunum. Þar var borgað 3,4 falt eigið fé og viðurkenndi Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, að verulega samlegð þurfi til að réttlæta kaupin. „Það að koma sér fyrir á nýjum og stórum markaði með afgerandi hætti er alltaf erfitt. Hins vegar verður verðið, og jafnvel þó það væri eitthvað lægra, ekki réttlætanlegt með öðru en að við náum verulegum samlegðaráhrifum út úr kaupunum,“ sagði Bjarni í viðtali við Markaðinn.

Ætla má að fjárfestingargeta Existu sé allnokkur enn þá, enda er eiginfjárlutfall félagsins yfir fjörutíu prósent, og þá er líklegt að Kaupþing, þar sem Exista er stærsti eigandinn, hafi burði til að ráðast í 100-150 milljarða króna fjárfestingar eftir að hafa safnað um 55 milljörðum króna í alþjóðlegu hlutafjárútboði í upphafi vetrar. Saman er þetta tvíeyki, Exista og Kaupþing, líklegt til að taka þátt í frekari stórræðum á norrænum fjármálamarkaði á þessu ári.

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Lánshæfismat Moody's á íslensku bankana er góðar fréttir til skemmri tíma litið.

Hvers virði er stuðningur ríkis?

Hafliði Helgason

Það er að bera í bakkafullan lækinn að ætla það að nýtt lánshæfismat Moody's á íslensku bankana sé til marks um að bankarnir hafi afrekað eitthvað sérstakt síðasta árið. Svo er ekki. Matið er grundvallað á nýrri aðferðafræði matsfyrirtækisins sem leiðir til þess að gefa meira vægi þeirri staðreynd að hagsmunir ríkis og bankanna eru samofnir og því hefur það fyrrnefnda mikinn hag af því að koma í veg fyrir alvarleg áföll hjá hinum síðarnefndu.

Afleiðingar þess að íslenskir bankar eru nú í hópi átta traustustu banka á Norðurlöndum eru vissulega góðar fyrir bankana sem hafa mátt búa við álag á skulda-bréfum sínum umfram banka í sama flokki. Bankarnir gerðu hins vegar ekkert til að breyta mati Moosy's á þeim. Erlend gagnrýni og efasemdir um bankana sem að stærstum hluta byggðist á misskilningi og sjálfsagt í einhverjum tilvikum á annarlegum sjónarmiðum, kom frá greiningardeildum annarra banka, ekki matsfyrirtækjum. Að vísu hafði mat frá matsfyrirtækinu Fitch mikil áhrif. Það mat var hins vegar á lánshæfi íslenska ríkisins, ekki bankanna. Munurinn á matsfyrirtækjum og greiningardeildum banka er verulegur, bæði hvað varðar aðgang að upplýsingum, svo og að matsfyrirtækin hafa enga aðra hagsmuni en að vera trúverðug í mati sínu til allrar framtíðar.

Það má því leiða líkur að því að til lengri tíma litið sé bönkunum ekki sérstakur akkur í því að vera um of spýrtir saman við lánshæfi ríkisins sem hefur verið gagnrýnt harðar af matsfyrirtækjum en bankarnir. Gleðin er því á einhvern hátt blendin. Sérstaklega ef horft er til þess að matið kann að hægja á þeirri óhjákvæmilegu þróun að bankarnir í miklum mæli geri upp í erlendri mynt. Þeir hafa verulegan kostnað af krónudvölinni sem er óheppilegt. Þessi ríkisstuðningur, eins vel og hann nýtist nú, kann að verða til trafala þegar lengra er horft.

Bankarnir hafa vaxið mun hraðar en hagkerfið undanfarin ár og svo mun væntanlega verða áfram. Fjármálaeftirlitið bendir á í nýrri skýrslu að smæð íslensks hagkerfis og stærð bankanna skekki alla samanburðarmynd við önnur lönd. Það þýðir að menn þurfa að horfa til þess hvernig málum er best háttað til að halda starfseminni í landinu og gefa bönkunum færi á að vaxa sem íslensk fyrirtæki með viðunandi hætti. Þar duga hvorki músarholusjónarmið einangrunarsinna né heldur skynlaus eftiröpun á regluverki nágrannalanda sem búa við önnur stærðarhlutföll milli alþjóðafyrirtækja og hagkerfis. Þessi þróun mun að endingu neyða menn til að horfast í augu við að sennilega verður áður en yfir lýkur nauðsynlegt að gerast hluti stærri heildar þegar litið er til peningamála og hagkerfisins.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfríður@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

MARKAÐURINN

Einfalt

mál

á www.visir.is

alla daga

Alþjóðleg færni í íslenskum háskólum

ORD Í BELG

Finnur Oddsson
Forstöðumaður
MBA náms við
Háskólann í
Reykjavík



háttu. Viðfangsefni fyrirtækja og stofnana á Íslandi hafa ekki verið, eru ekki og munu aldrei verða svo einstök, að ekki sé til gagns eða hreinlega afar mikilvægt að afla alþjóðlegrar þekkingar til að leysa þau.

Ef hlutfallslega færri Íslendingar fara til náms utan landsteinanna en áður, er mun brýnna að íslenskir háskólar leggi áherslu á þróun alþjóðlegrar færni nemenda og gefi þeim tækifæri til að spreyta sig í erlendum tungumálum í alþjóðlegu umhverfi. Það fernt sem háskólar hérlandis þurfa því að huga að í framhaldsnámi á næstu árum eru kennarar, nemendur, tungumál og samstarf.

ERLENDIR KENNAÐAR, TUNGUMÁL, SAMSTARF OG NEMENDUR

Gæði háskólanáms fara að stórum hluta eftir því hverjir þar kenna og hverjir það sækja. Þegar kennarar eru færir á sínu sviði, kunna að miðla og hafa móttækilega og hæfa nemendur, má töluvert út af bregða til að afraksturinn verði slakur. Það er hinsvegar svo að þó að Ísland eigi fjölda hæfra sérfræðinga, þá eru ekki nægilega margir þeirra tilbúnir til að miðla af þekkingu sinni í menntastofnunum. Mögulega er atvinnulíf utan háskóla meira freistandi. Þetta er þekkt vandamál í háskólum landsins og leiðir til þess að erfitt er að manna kennslu í háskólanámi svo vel sé, ef eingöngu er horft til íslenskra sérfræðinga. Af þessari ástæðu, og til að víkka sjóndeildarhring nemenda almennt, er mikilvægt að fá fleiri erlenda sérfræðinga til kennslu og rannsóknar í íslenskum háskólum.

Þó svo íslenskan sé okkur kær og mikilvægt að standa um hana vörð, þá er nauðsynlegt að auka framboð námsleiða í íslenskum háskólum þar sem kennt er á öðru tungumáli en íslensku. Sem alþjóðlegt viðskiptamál er enska þar nærtækust. En enska er ekki aðeins alþjóðlega viðurkennt viðskiptamál, heldur mögulegur samnefni nemenda af ólíkum þjóðernum og menningarheim-

um. Ávinningur af því að kenna á ensku í íslenskum háskólum er því tvíþættur. Annarsvegar sem tækifæri fyrir íslenska nemendur að ná góðum tókum á öðru tungumáli, í riti og ræðu, sem er forsenda skilvirkra samskipta í alþjóðlegu umhverfi. Hinsvegar er ávinningur í því fólgin að erlendir nemendur komi frekar til náms hérlandis, sem er mun líklegra ef boðið er upp á tungumál sem þeir tala.

Jafnvel þótt íslenskir háskólar bjóði upp á námsleiðir á erlendri tungu og hafi á að skipa alþjóðlegum kennarahópi, þurfa nemendur að fara utan til að upplifa menningu og staðhætti í öðrum löndum. Því er mikilvægt að nemendur í íslenskum skólum hafi tækifæri til að sækja hluta náms erlendis með nemendum af öðru þjóðerni. Þetta getur tekið á sig mynd einstakra námskeiða eða lengra skiptináms þar sem numið er við erlenda skóla. Einnig verða háskólar að geta boðið nemendum upp á starfsnám í fyrirtækjum eða stofnunum erlendis.

ÁHERSLUR Í MEISTARANÁM VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

Ofangreindar áherslur eru hafðar að leiðarljósi í markvissri uppbyggingu Háskólans í Reykjavík (HR) á meistaranámi við skólann. Til að mynda fer öll kennsla í MBA námi við HR fram á ensku, prófessorar frá virtum erlendum háskólum kenna rúmlega 2/3 allra námskeiða, nemendur sitja námskeið við erlenda háskóla með erlendum samnemendum og boðið er upp á tækifæri til starfsnáms í alþjóðlegum fyrirtækjum í Evrópu. Hliðstæðar áherslur má sjá í öðru meistaranámi sem Háskólinn í Reykjavík býður upp á, t.d. í fjármálum, alþjóðaviðskiptum, verkfræði, tölvunarfræði, kennslufræði og lögfræði þar sem áhersla er lögð á að draga að alþjóðlega þekkingu og byggja þannig upp mikilvæga færni nemenda.

Á næstu árum verður Ísland í æ ríkari mæli þátttakandi í alþjóðlegu viðskiptalífi og við höfum allt til að bera til að ná enn lengra á þeim vettvangi. Háskólar landsins gegna lykilhlutverki í undirbúningi okkar fyrir þessar breytingar og þar er nauðsynlegt að tryggja að sú þekking og færni sem nemendum stendur til boga sé alþjóðleg og nýtist vel við lausn þeirra viðfangsefna sem Íslendingar morgundagsins taka sér fyrir hendur.

UM VÍÐA VERÖLD

Þjóðverjar að dragast aftur úr?

Economist | Breska vikuritið Economist veltir því fyrir sér í nýjasta tölublaðinu hvort þýskir bíla-ristar séu að dragast aftur úr í samkeppninni við bílaframleiðendur í öðrum löndum, ekki síst í Asíu og í Bandaríkjunum. Economist bendir á að Þjóðverjar hafi löngum verið þekktir fyrir dýra og kraftmikla eðalvagna og bensínsvelgi undir merkjum Volkswagen, BMW og Benz sem hægt er að spýta í botn á evrópskum hraðbrautum. Þetta er ekki í samræmi við þróun í bílaframleiðslu, að mati vikuritsins, sem bendir á að bílakaupendur hafi margir hverjir snúið baki við bensínsþúandi bensínskrímlum þegar eldsneytisverð hafi rokið upp úr öllu valdi. Bílaframleiðendur hafi séð sig nauðuga til að gera slíkt hið sama enda hafi þeir komið illa undan vetri eftir að eldsneytisverð fór í sögulegt hámark í fyrra. Bendir Economist meðal annars á að þýsku bílarisarnir hafi ekki fylgt þessari sömu þróun og stefni allt í að þeir missi af lestinni, breyti þeir ekki viðhorfum sínum og fari að framleiða ódýrari og sparneytnari bíla.

Forstjórar að missa völdin?

Fortune | Bandaríska viðskiptatimaritið Fortune velti því fyrir sér í síðustu viku hvort forstjórar stórfyrirtækja í Bandaríkjunum væru að missa völdin til lítilla hluthafa sem hefðu orðið æ háværi og stjórnsamari á síðustu misserum. Smáir hluthafar, með jafnvel allt niður í eitt prósent bréfa í fyrirtækjum, hafi í auknum mæli gert sig stóra á stjórnar- og hluthafafundum og andmælt sitjandi stjórnum fyrirtækja í hvívetna. Fortune segir greinilegt að mörgum hluthafa líki illa ákvarðanir stjórnenda fyrirtækja og hafi því tekið völdin með þessum hætti. Það sé skiljanlega ekkert undarlegt við þetta, að sögn blaðsins, sem bendir á að hluthafarnir, hversu smáir sem þeir eru, séu í raun eigendur fyrirtækjanna og eigi því í krafti eignar sinnar að hafa eitthvað um rekstur þeirra að segja. Og þeir eru bara rétt að byrja, að sögn Fortune, sem bætir við að þetta hafi verið ógerningur fyrir um fimmtán árum þar sem hluthafar voru skikkaðir til að sitja á sínu lögum samkvæmt.

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Árnannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSLÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efní blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðnum án endurgjalds.

SAMNINGATÆKNI

Hvaða stíll er á þér?

Samningamenn hafa mismunandi stíl eða nálgun við samningaviðræður, sem mótast af persónuleika, fyrri reynslu og sýn á heiminn. Það skiptir máli fyrir niðurstöðu viðræðnanna hvort þú ert samvinnufús samningamaður, sem reynir að skapa samninga sem eru hagstæðir fyrir alla aðila, samkeppnismaður, sem keppist við að tryggja sér betri niðurstöðu en mótaðilinn, eða einstaklingshyggjumaður, sem einbeittir sér að því að hámarka eigin hag óháð því hver niðurstaða þeirra sem sitja hinum megin við borðið verður. Ef þú gerir þér grein fyrir eigin stíl og jafnframt leggur þig eftir því að meta stíl samningsaðilans eru auknar líkur á að þú náir góðum árangri. Kuhlman og Marshello hönnuðu einfalt, en e.t.v. ekki hávísindalegt, próf til að greina hvort samningamenn eru „einstaklingshyggjumenn“,

„samstarfsmenn“ eða „samkeppnismenn“. Hér fyrir neðan eru tvær spurningar úr prófinu þeirra. Hver liður (A, B og C) gefur mismunandi niðurstöðu fyrir skiptingu hagnaðar milli þín og samningsaðila þíns. Þú átt að velja þann lið í hvorri spurningu um sig sem þér líður best með.

	A	B	C
1. Þinn hagnaður	480.000	540.000	480.000
Hagnaður samningsaðila	80.000	280.000	480.000
2. Þinn hagnaður	550.000	500.000	500.000
Hagnaður samningsaðila	300.000	100.000	500.000

Einstaklingshyggjumaður myndi svara fyrri spurningunni með B og seinni spurningunni með A. Samstarfsmaður velur lið C í báðum spurningunum og samkeppnismaður velur lið A í fyrri spurningunni og lið B í þeirri seinni. Það kemur fæstum á óvart að fá upplýsingar um hvaða flokk þeir falla í sjálfir. Það sem kemur flestum á óvart er að allir aðrir skuli ekki velja sömu svarmöguleika! Um helm-

ingur Bandaríkjamanna fellur í hóp einstaklingshyggjumanna, milli 25% og 33% einstaklinga í bandarískri könnun voru í hópi samstarfsmanna og 5%-10% eru samkeppnismenn sem eru tilbúnir til að fórna eigin ávinningi til þess að tryggja að samningsaðilinn fái ennþá minna! Það er freistandi að setja fram fullyrðingar um hvaða stíll er bestur, en staðreyndin er sú að allir eiga rétt á sér í mismunandi kringumstæðum – og við erum flest samvinnufús gagnvart vinum en síður í viðskiptum. Það sem er hins vegar gríðarlega mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að fólk hefur mismunandi stíl og að það er ekki líklegt til árangurs að

nota sömu nálgun hvort sem þú semur við samstarfsmann, einstaklingshyggjumann eða samkeppismann. Þín nálgun verður að taka mið af kringumstæðum og hinum samningsaðilanum – á sama tíma og þú reynir að nýta þá styrkleika sem þinn náttúrulegi stíll hefur. „Samstarfsmaður“ sem mætir „samkeppnismanni“ og gætir þess ekki að gefa sér gottsamningssvigrúm (biðji um meira en hann nauðsynlega þarf) lendir fljótt á hálum ís.

Aðalsteinn Leifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík og kennari í samningatækni.



SPÁKAUPMAÐURINN

Þríréttuð vika og vín með

Þetta var nú fína vikan, þrátt fyrir smá alþjóðaskjálfta í gær. Ekkert sem vanur maður kippir sér mikið upp við, enda búinn að búast við leiðréttingu í smá tíma. Nú fer maður aftur að mjatla sér inn í Kína eftir fallið. Maður var orðinn hikandi þar. Augljóst að einhverjir færu að taka aurana heim.

Hér heima hlóð maður upp í bönkunum strax eftir uppgjörin og búinn að innleysa slatta af því nú þegar. Tók svolítið heim undir lok dags á mánudaginn. Maður á að hirða svona happdrættisvinnunga eins og þetta Moody's mat og taka það heim strax áður en efasemdirnar byrja að krauma.

Fýlupúkarnir hjá Merrill Lynch og Danske Bank hjálpuðu mér í fyrra að græða peninga. Ég keypti talsvert af skuldabréfum íslensku bankanna gegnum miðlarann minn í London, þegar umræðan var hvað neikvæðust. Nú er ég með gengishagnað af þeim bréfum og svo tekur maður bónusinn af gengi krónunnar þegar það veikist á ný.

Það er auðvitað ekki nema von að maður taki öll kvöldin á Food & Fun þegar svona gengur. Þríréttað með vídeigandi víni öll kvöldin í vikunni hjá mér. Annars þarf maður að fara að búa sig undir magrari daga fljótlega. Ég held að Greenspan hafi rétt fyrir sér að það fari að hægja á í USA. Þá lækka vextirnir og maður fer að taka dollaralán til að taka þátt í hagræðingu á bankamarkaði á Norðurlöndum. Það eru alltaf tækifæri á markaði og evrópski bankamarkaðurinn verður í aksjón á næstu árum. Ég held að menn eigi eftir mikla tiltekt í Evrópu með tilheyrandi gróða fyrir þá sem staðsetja sig rétt. Ég verð þar, það getið þið bókað.

Ég er búinn að selja hlutinn minn í Finnair. Ég nenni ekki að vera í félagi sem ekki kann sig í samskiptum við stærstu hluthafa. Færði alla stöðuna inn í Sampo og býst við að þeir séu kurteisari á þeim bænum. Svo er ég búinn að valda næstum allar stöður í bönkum í Skandinavíu. Á bæði í Nordea og SEB og einhverjum sjoppum til viðbótar. Það er alveg sama hvaða lest fer af stað. Ég kemst með henni á áfanga- stað. Og það er öruggt að einhver þeirra fer af stað, en meiri áhöld um hver þeirra það verður. Þess vegna á skynsamur maður eins og ég miða með þeim öllum.

Spákaupmaðurinn á horninu



PIPAR • SÍA • 70259

GLEYMDIR ÞÚ FUNDINUM?

Tapar ekki upplýsingum ef síminn týnist
Tölvupósturinn berst einnig í símann
Tvíbókanir og sein svör úr sögunni
Gleymir ekki fundum með viðskiptavinum

OpenHand virkar á „snjallsímunum“ allra helstu framleiðenda.

Með **OpenHand** ertu með símann beintengdan við tölvupóstinn, dagbókina og tengiliðina. Einnig hefur þú fullan aðgang að öllum möppum og skjölum, líkt og þú sætir við skrifborðið þitt.

Allar breytingar sem gerðar eru sjást jafnóðum bæði í símanum og tölvunni.

Þú getur skoðað og uppfært tengiliði og dagatalið hvar og hvenær sem er. Þú ert alltaf með nýjustu upplýsingar við höndina, skipuleggur þig betur og kemur meiru í verk.

Kynntu þér OpenHand nánar á **openhands.is**.



www.openhand.is

AURASÁLIN

Mogginn til bjargar bönkum

Það gladdi Aurasálina þegar fréttist að útlensk hagspekifyrirtæki hefðu komist að þeirri niðurstöðu að engin ástæða væri að óttast um íslensku bankana því ríkissjóður stæði svo sterkur á bak við þá. Þessi tíðindi hafa vakið mikla athygli um gjörvallan heim þannig að íslensku bankarnir hafa endurheimt sinn fyrri sess á kostnað matsfyrirtækisins Moody's.

Fyrirtækið Moody's heitir í höfuðið á stofnanda sínum sem var þekktur fyrir miklar skapsveiflur. Síðan hefur sú hefð haldist í fyrirtækinu að allar aðferðir séu óútreiknanlegar og enginn stöðugleiki sé í ráðleggingum þess. Hins vegar er Aurasálin sannfærð um að íslenska hagkerfið eigi skilið þessa miklu viðurkenningu sem hinn óút-reiknanlegi hagspekingur hefur veitt því.

Grundvöllur mats Moody's er sú staðreynd að bankarnir starfa innan íslenska hagkerfisins þar sem Framsóknarflokkurinn fer með mikil áhrif í krafti fram-sýnnar iðnaðarstefnu sinnar. Stóriðjan, og sá farsæli grundvöllur sem hún hefur skapað í efnahag þjóðarinnar, hefur því bjargað bönkunum í þeirra braski og ævintýramennsku á erlendri grund.

Þá er vitaskuld ótalið hlutverk Morgunblaðsins við að tryggja framtíð bankanna en á síðasta ári lagði Morgunblaðið sitt mikilvæga lóð á vogarskálar aukinnar ábyrgðartilfinningar bankanna. Nú á blaðið aðeins eftir að auka með þeim sómatilfinningu og hefur þá tamið þá til fullnægjandi þroska svo taka megí þá alvarlega í þjóðfélags-umræðu meðal heldri manna og broddborgara.

Gagnrýni Morgunblaðsins á stefnu bankanna á síðasta ári var lykilþáttur í þeim umskiptum sem síðan hafa orðið. Áhrif Morgunblaðsins í íslensku samfélagi eru slík og því lík að þegar blaðið beitir sér af öllu sínu afli, í fréttu- og leiðaraskrifum, í þeim tilgangi að ná fram tiltekinni niðurstöðu, sem undantekningarlaust er rétt og þjóðinni fyrir bestu, þá stenst ekkert mátt blaðsins. Það er lán okkar Íslendinga að eiga blað sem vakir yfir hagsmunum okkar, réttum sið og almennu velsæmi.

Í fyrra þegar Morgunblaðið gat ekki lengur horft aðgerðarlaust upp á hvernig bankarnir voru smám saman að steypast í glötun vegna offjárfestinga og ofmetnaðar brugðust sumir bankamenn ókvæða við. Þeir töluðu illa um Morgunblaðið og sögðu það fara villur vegar og að hjá blaðið allra landsmanna skorti skilning á flóknum heimi internasjónal finans.

En nú er annað hljóð í strokknum. Nú vildu allir Reykjavíkurbréf kveðið hafa. Bankarnir ættu nú að sjá sóma sinn í því að þakka Morgunblaðinu almennilega fyrir að hafa tryggt þeim þessa hækkun lánshæfismats. Án varnaðarorða Morgunblaðsins hefðu þessi gleðitíðindi síðustu viku aldrei orðið.



GYLFI RÚTSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI DISTICA Gylfi segir uppskiptingu Vistor í tvö félög hafa gefið Distica kjörið tækifæri til að auka enn sérhæfingu fyrirtækisins og gefa henni meira vægi með því að dreifa fyrir fleiri aðila. MARKAÐURINN/GVA

Leiðandi í lyfjadreifingu

Um síðustu áramót varð innflutnings- og dreifingarfyrirtækið Distica til við skiptingu Vistor hf. í tvö félög. Gylfi Rútsson, framkvæmdastjóri félagsins, sagði *Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur* frá áætlunum um aukna hlutdeild félagsins í dreifingu lyfja og annarrar vöru fyrir heilbrigðisgeirann.

Um áramótin síðustu tók Gylfi Rútsson við stjórnartaumum nýja innflutnings- og dreifingarfyrirtækisins Distica. Félagið varð til við skiptingu Vistor hf. í tvö félög. Framvegis mun Vistor einbeita sér að markaðsstarfi fyrir umbjóðendur sína á lyfja- og heilbrigðismarkaði. Distica verður hins vegar sérhæft í innflutningi, vörustjórnun og dreifingu á lyfjum, heilsuvörum, dýraheilbrigðisvörum, sem og vörum fyrir heilbrigðisþjónustur og rannsóknarstofur.

Áður en Gylfi réði sig til starfa hjá Vistor, þar sem hann hefur verið framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs í fjögur ár, var hann fjármála- stjóri hjá Tali í fjögur ár og framkvæmdastjóri fjármálasviðs Tæknivals í átta ár. Þrátt fyrir að vera mjög reyndur á sviði fjármálanna er hann útskrifaður af markaðssviði viðskiptafræðinnar og hóf reyndar starfsferil sinn á markaðsdeild fjármögnunarfyrirtækisins Glitnis. „Þar má segja að ég hafi verið að selja og markaðssetja peninga og hafi þannig sogast inn í peningamálin,“ segir Gylfi. Hann segist þó fyrst og fremst vera rekstrarmaður og það henti honum því vel að stjórna því rekstrarverkefni sem Distica er.

FJÖLMÖRG TÆKIFÆRI Á DREIFINGARMARKAÐI Gylfi segir að lyfja- og heilbrigðismarkaðurinn sé í raun tveir markaðir. Annars vegar sölu- og markaðshlutinn og hins vegar dreifingarhlutinn. Tvær aðalástæður séu fyrir því að Vistor hafi verið skipt upp í tvö félög. Vistor og forverar þess hefðu fram til þessa einungis dreift vörum fyrir sína umbjóðendur og því í raun ekki keppt nema á hluta

dreifingarmarkaðarins. Uppskipting félaganna hafi gefið kjörið tækifæri til þess að auka enn sérhæfingu fyrirtækisins og gefa henni meira vægi með því að dreifa fyrir fleiri aðila. „Við höfum látið gera fyrir okkur kannanir árlega í nokkurn tíma sem sýna að við veitum góða þjónustu að mati viðskiptavina okkar. Af þeim niðurstöðum sáum við að við ættum að geta nýtt sérþekkingu okkar betur. Enn fremur var Distica að taka yfir dreifingu á vörum Actavis um áramótin. Þar sem Actavis er stór og þekktur framleiðandi samheitalyfja en Vistor fulltrúi frumlyfjaframleiðenda erum við að koma í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra.“ Distica sér áfram um dreifingu fyrir umbjóðendur Vistor en sér nú einnig um dreifingu fyrir önnur fyrirtæki.

Áætluð ársvelta Distica félagsins er 8,3 milljarðar króna og félagið hefur um 61 prósents hlutdeild á lyfjadreifingarmarkaðnum.

FLÓKINN MARKAÐUR OG SÉRSTAKAR VÖRUR Aðalkeppinautur Distica hefur tæplega 35 prósenta hlutdeild á markaðnum. Gylfi segir þetta dæmigert mynstur fyrir markað af þessum toga. Á hinum Norðurlöndunum berjist líka tveir stórir aðilar um mestan hluta markaðarins. „Ástæðan fyrir þessu er að fyrirtæki sem dreifa og meðhöndla lyf þurfa að uppfylla miklar kröfur og mikið regluverk. Við þurfum að hafa leyfi fyrir innflutningi

og heildsöludreifingu á lyfjum. Þá þurfum við einnig að hafa framleiðsluleyfi þar sem við sjáum um að setja íslenskar merkingar og leiðbeiningar í vöruna þar sem þær eru ekki fyrir hendi. Þar að auki er þessi vara sérstök og hana þarf að meðhöndla á mjög sérhæfðan hátt. Vörurnar eru viðkvæmar og þær verður að geyma og flytja við rétt skilyrði, til dæmis hvað varðar hita, raka og birtu.“

Distica hefur verið með ISO 9001 gæðavottun undanfarin tíu ár. Þetta segir Gylfi hafa skilað sér á margvíslegan hátt til rekstursins. Bæði í auknu afhendingaröryggi, færri villum í afgreiðslu og betri frammi- stöðu við afgreiðslu. Þá segir hann kerfið hjálpa til við að uppfylla rétta og eftirsóknarverða afgreiðsluhætti sem félagið leitist við að framfylgja. Í því felist að afhenda rétta vöru, í réttu magni, í réttu ástandi og á réttum tíma.

„Starfsmannavelta Distica er mjög lág og margir af þeim fimmtíu starfsmönnum sem starfa hjá fyrirtækinu hafa verið þar lengi. Við höfum á að skipa góðu, hæfu og vel þjálfuðu starfsfólki með mikla reynslu í þessari starfsemi,“ segir Gylfi. Stef nubreytingin sem varð nú um áramótin var þó ný af nálinni og Gylfi segir starfsfólk fyrirtækisins taka breytingunum vel. „Þetta er að sjálfsögðu mikil áskorun þar sem starfsemin hefur aukist mikið á stuttum tíma. En það hefur bara eftir baráttuandann í mannskapnum og við ætlum áfram að veita afburða þjónustu á þessum markaði.“

Við höfum látið gera fyrir okkur kannanir árlega í nokkurn tíma sem sýna að við veitum góða þjónustu að mati viðskiptavina okkar. Af þeim niðurstöðum sáum við að við ættum að geta nýtt sérþekkingu okkar betur.

Nuddpottar

Þín eigin heilsulind!



HotSpring®
Portable Spas



Sovereign® Spa
6 manna, 1344 lítra pottur
20 nudd-stútar
2,03 x 2,36 - hæð 88 cm



Prodigy® Spa
5 manna, 1230 lítra pottur
19 nudd-stútar
1,88 x 2,21 - hæð 84 cm



Vanguard® Spa
6 manna, 1514 lítra pottur
31 nudd-stútar
2,20 x 2,20 - hæð 91 cm



Envoy® Spa
5 manna, 1703 lítra pottur
38 nudd-stútar
2,36 x 2,26 - hæð 91 cm



Vista® Spa
6 manna, 1893 lítra pottur
46 nudd-stútar
2,54 x 2,31 - hæð 97 cm



Jetsetter® Spa
3 manna, 814 lítra pottur
11 nudd-stútar
2,08 x 1,57 - hæð 74 cm



Grandee® Spa
7 manna, 1893 lítra pottur
37 nudd-stútar
2,54 x 2,31 - hæð 97 cm

HotSpring nuddpottarnir koma fullsamsettir og eru alltaf tilbúnir til notkunar. Í pottunum eru fullkomið nudd- og hitakerfi og 5 þrepa undirvatnslýsing. Pottarnir eru með öflugum hreinsikerfi sem hreinsa allt vatnið - alltaf. Mjög auðvelt er að viðhalda hreinsikerfinu og réttu pH gildi í vatninu. Pottarnir eru því alltaf hreinir og heitir, 24 tíma á sólarhring.

Hitarar: 1,5 kW - 4,0 kW og 6,0 kW.

**ÍSLEIFUR
JÓNSSON**

Dragháls 14-16 · 110 Reykjavík
Sími 4 12 12 00 · www.isleifur.is



Hvert einasta herbergi með útsýni

– einstakar aðstæður fyrir fundi og ráðstefnur

Á Hótel Búðum er frábær aðstaða til að þjappa saman vinnuhóp eða til að halda fundi og allt að 40 manna ráðstefnur fjarri skarkala hversdagsins.

Náttúrufegurðin skapar einstaka og óvenjulega umgjörð og frá þessu stórbrotna umhverfi stafar jákvæðum straumum til sköpunar. Herbergin eru gullfalleg og hvert einasta með guðdómlegt útsýni.

Að loknu fundahaldi er síðan hægt að slaka á, njóta rómaðrar matargerðar Hótel Búða, kanna nánasta umhverfi eða skreppa á jökul.



Hótel Búðir Sími 435 6700 budir@budir.is www.budir.is



Ef þú vilt gleðja góðan starfsmann eru gjafakortin okkar frábær hugmynd.

Allar upplýsingar í síma 435 6700 eða á www.budir.is

Opíð alla daga – allan ársins hring
Aðeins tveggja stunda akstur frá Reykjavík!

Loksins opnast vefgátt Íslands

Á einum stað verður hægt að nálgast upplýsingar og tengla í opinbera þjónustu ríkis og sveitar.

Vefurinn Ísland.is verður opnaður með viðhöfn miðvikudaginn 7. mars næstkomandi, en verkefnið var fyrst kynnt á UT-deginum í fyrra. Kynning á vefnum verður svo meðal annars á sýningunni Tækni og vit sem hefst í Fífunni í Kópavogi daginn eftir.

„Allt hefur þetta sinn þróunartíma,“ segir Guðbjörg Sigurðardóttir, skrifstofustjóri skrifstofu upplýsingasamfélagsins í forsætisráðuneytinu þegar haft er á því orð að vefurinn hafi fyrst verið kynntur fyrir ári og kveðst ekki telja að fólk verði fyrir vonbrigðum með nýja vefinn. „Þessi þjónustuveita er mjög stórt skref í þá átt að bæta þjónustuna við borgarana.“

Guðbjörg segir sömu grunnhugsun við lýði og lagt var upp með í þróun vefjarins. „Við lítum á þetta sem nokkurs konar leiðarvísi að opinberri þjónustu. Þarna verður að finna margvíslegar hagnýtar upplýsingar og tilvísanir á efni og þjónustu sem er að finna á vefjum ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga.“

Inni á Íslandi.is verður til að mynda hægt að nálgast nánast öll eyðublöð ríkisins, þar verða grunnupplýsingar um öll sveitarfélög og allar stofnanir landsins auk þess þar verða upplýsingar fyrir innflytjendur á nokkrum tungumálum, auk orðskýringa sem nýtast eiga bæði innflytjendum og almenningi sem kann að staldra við ókunnug

hugtök stjórnsýslunnar.

Vefurinn verður hins vegar áfram í þróun og leggur Guðbjörg áherslu á að þarna sé um að ræða fyrstu útgáfu hans.

Þótt opnunin sjálf sé stórt skref í að auka opinbera þjónustu verði áfram bætt við vefinn. Til dæmi segir hún að auka eigi efni á erlendum tungum, en fyrst í stað verði þarna lágmarksupplýsingar fyrir innflytjendur.

Sömuleiðis segir Guðbjörg áherslu lagða á aðgengismál í hönnun Íslands.is. „Öll framsetning er með þeim hætti að hún nýtist til dæmis blindum og sjónskertum, lesblindum og öðrum hópum sem þarf að mæta í hönnun og framsetningu texta.“

Vefurinn er jafnt hugsaður fyrir almenning og fyrirtæki og er samstarfsverkefni bæði ríkis og sveitarfélaga sem átt hafa fulltrúa í stýrihópi um gerð hans.

– óká



GUÐBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR
Guðbjörg er skrifstofustjóri skrifstofu upplýsingasamfélagsins í forsætisráðuneytinu.

Mæta eftirspurn með fleiri ferðum

Tvö ný skip sigla milli meginlands Evrópu, Skandinavíu, Rússlands og Eystrasalts.

Samskip hafa bætt við tveimur skipum á siglingaleiðina milli meginlands Evrópu, Skandinavíu, Rússlands og Eystrasaltslandanna. Að sögn félagsins er þetta gert til að mæta stöðugt vaxandi eftirspurn eftir gámaflutningum á þessari leið.

Flutningaskipið Samskip Explorer, sem flutt getur 803 gámaeiningar og var afhent félaginu nýtt síðasta haust, verður í áætlanarsiglingum milli Hull og Rotterdam, með viðkomu í Álaborg í Danmörku og Helsingjaborg og Varberg í Svíþjóð, á meðan Anna G, sem flutt getur 550 gámaeiningar, verður í siglingum milli Helsingjaborgar og Ventspils í Lettlandi og Klaipeda í Litháen. Frá Eystrasaltshöfnunum segja Samskip svo í boði framhaldsflutninga til Moskvu og annarra áfangastaða í austurvegi.

Að sögn Jens Holgers Nielsen, framkvæmdastjóra gámaflutningaþjónustu Samskipa, dugar ekki til aukning í flutningsgetu félagsins á þessu leiðum fyrir tæpu ári síðan. „Eftirspurnin eftir gámaflutningum á þessum mikilvægu flutningsleiðum er alltaf að aukast því æ fleiri viðskiptavinir vilja frekar nýta



FLUTNINGASKIPIÐ SAMSKIP EXPLORER Vegna eftirspurnar hafa Samskip bætt við tveimur skipum á siglingaleið milli meginlands Evrópu, Skandinavíu, Rússlands og Eystrasaltsríkjanna.

sjóflutninga en landflutninga því þeir eru bæði hagkvæmari og umhverfisvænni,“ er eftir honum haft í tilkynningu félagsins.

Nýja siglingaáætlunin tók gildi 22. febrúar. Samskip bjóða jafnframt upp á framhaldsflutninga frá Lettlandi til Moskvu með dótturfyrirtækinu Van Dieren en notar eigin flutningabíla á leiðinni milli Moskvu og Litháen. Taka vöruflutningar milli Hull og Moskvu 12 daga en 11 daga milli Rotterdam og Moskvu.

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
TRADE COUNCIL OF ICELAND



Ný fjárfestingartækifæri í Rússlandi, Austur-Evrópu og Mið-Asíu

– hlutverk Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu

Morgunverðarfundur

á Grand Hótel 7. mars 2007 kl. 8.00–9.45

Stjórnendur og sérfræðingar frá Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, EBRD, fjalla um fjárfestingartækifæri í Rússlandi, Austur-Evrópu og Mið-Asíu.

Helstu atriði morgunverðarfundar

- Ný fjárfestingartækifæri og þróun í Rússlandi, Austur-Evrópu og Mið-Asíu.
- Áhersla á fjárfestingartækifæri á sviði banka- og orkumála og einkavæðingar.
- Sérfræðiráðgjöf og fjármögnun (lán eða hlutafé) frá EBRD.
- Sérstök þekking og tengsl EBRD í Rússlandi, Austur-Evrópu og Mið-Asíu.
- Tækifæri til viðræðna við fulltrúa EBRD.

Dagskrá morgunverðarfundar kl. 8.00–9.45

7.50-8.00	Skráning
8.10	Ávarp: Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra
8.20	Hlutverk og starf EBRD: Baldur Pétursson, aðstoðarframkvæmdastjóri, EBRD
8.40	Fjárfestingar á sviði bankamála: Kurt Geiger, framkvæmdastjóri á sviði fjármálafyrirtækja, EBRD
9.10	Fjárfestingar á sviði orkumála: Aida Sitdikova, sérfræðingur á sviði orkumála, EBRD
	Fundarstjóri: Sveinn Þorgrímsson, skrifstofustjóri iðnaðarráðuneytinu

Viðtalstímar kl. 10.00–12.00

Fyrirtækjum og einstaklingum gefst tækifæri á viðtalstímum við fulltrúa bankans. Æskilegt er að bóka fundi fyrirfram.

Hverjum henta viðtalstímarnir?

Fyrirtækjum og bönkum sem eiga í viðskiptum í Rússlandi, Austur-Evrópu og Mið-Asíu. Fyrirtækjum sem eru að leita að fjárfestingartækifærum í Rússlandi, Austur-Evrópu og Mið-Asíu. Fyrirtækjum sem vilja minnka áhættu í viðskiptum í þessum löndum. Fyrirtækjum sem vilja nýta sér fjármagn til uppbyggingar og/eða stækkunar.

Skráning

Skráning fer fram hjá Útflutningsráði í síma 511 4000 og með tölvupósti á utflutningsrad@utflutningsrad.is



www.utflutningsrad.is

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • Sími 511 4000 • Fax 511 4040 • utflutningsrad@utflutningsrad.is

MARKAÐURINN Einfalt mál



EINA VIÐSKIPTABLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT

Hvort sem þú ert sérfróður um viðskipti eða einn af þeim sem finnst viðskiptafréttir yfirleitt of flóknar og háfleygar, getur þú fylgst með öllu því sem er að gerast í viðskiptalífinu í gegnum Markaðinn. Við færum þér fréttirnar skýrt og skorinort.



Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga



Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2



Markaðurinn á Vísi alla daga

VIÐSKIPTAFRÉTTIR ALLA DAGA VIKUNNAR

Tók kennslu og einkalíf fram yfir fyrirtækið

Allen Michel, prófessor við Boston-háskóla í Bandaríkjunum, var staddur hér á landi fyrir helgi sem gestakennari í fjármálum fyrirtækja við MBA-námið í Háskólanum í Reykjavík. Óli Kristján Ármannsson hittir prófessorinn milli kennslustunda í hádeginu síðasta föstudag og forvitnaðist um hagi hans, störf og viðhorf.

Ekki er á honum að sjá að hann hafi rannsakað og elst við einhverja umsvifamestu hvítflibaglæpamenn Bandaríkjanna. Allen Michel er hæglátur en hress kennari fram í fingurgóma, prófessor við háskólann í Boston í Bandaríkjunum og einn af eftirsóttustu gestakennurum heims á sínu sviði, sem snýr að fyrirtækjasamrunum og -kaupum. Hann er einn af nokkrum erlendum kennurum við MBA-námið í Háskólanum í Reykjavík sem hingað koma í vetur.

Fyrir tveimur árum seldi Allen Michel hlut sinn í ráðgjafarfyrirtækinu Michel-Shaked Group, sem hann stofnaði fyrir um tveimur áratugum og rak í sautján ár, til þess að geta einbeitt sér að því sem honum finnst skemmtilegast í lífinu, rannsóknum og kennslu.

Þegar blaðamaðinn bar að garði í Háskólanum í Reykjavík var kennslustund að ljúka og augljóst að Allen hafði alla athygli nemenda sinna þar sem hann stóð úti á miðju gólfi, baðaði út öngum og átti í líflegum samræðum við hópinn. „Ég elska kennslu og raunar allt uppfræðsluferlið,“ upplýsir hann enda að kennslustund lokinni. „Ég hef gaman af samskiptunum, finnst gaman að hitta nemendur og finnst skemmtilegt að rekast á þá fimm árum eftir að hafa kennt þeim og sjá hvað þeir eru að aðhafast.“ Hann segir engu máli skipta hvort þetta gerist í Boston eða í Reykjavík, það sé alls staðar jafn gaman.

HRÓSAR ÍSLENSKUM NEMENDUM

„Í hartnær tvo áratugi sinnti ég fyrirtæki sem átti tíma minn nánast allan, en eftir að hafa selt fyrirtækið helgaði ég mig kennslu,“ segir Allen Michel og kveðst í raun hafa fundið fyrir létti við þessi tíma-mót. „Mér fannst þetta frábært. Áður hafði ég engan tíma aflögu til að sinna hugðarefnunum mínum og langaði til að njóta lífsins,“ segir hann og rifjar upp hvernig hann hafi mátt sitja í skrifstofuskonsu í sumarhúsi fjölskyldunnar með kassa fulla af skjölum meðan konan og börnin léku sér í báti á vatni við bústaðinn þar sem hann gat séð til þeirra út um gluggann.

„Lífið er of stutt til að sitja árum saman

Ég helda að hlutabréfamarkaðurinn íslenski endurspeglar álit heimsins á getu landsins til að vera samkeppnishæft. Íslenskum fyrirtækjum hefur vegnað vel á hlutabréfamarkaði og hann endurspeglar væntingar markaðarins til vaxtar fyrirtækjanna. Á Íslandi nægir ekki innri vöxtur heldur þurfa fyrirtækin að vaxa út.“

á skrifstofu og þræla fyrir viðskiptavinum fremur en að njóta lífsins, sagði ég við sjálfan mig. Þegar ég seldi gat ég eytt meiri tíma í golf en áður, ég leik tennis og svo hef ég tíma fyrir nemendur mína í háskólanum. Svo hef ég líka tíma fyrir rannsóknir. Ég get því loksins gert það sem til er ætlast af prófessorum, ég hef rúm fyrir rannsóknir og svo dálítinn tíma aflögu til að njóta lífsins.“

Allen Michel segist kenna íslensku nemendunum fjármálahugtök sem skipti máli í viðskiptalífínu eins og það sé uppbyggt í heiminum í dag. „Tilgangurinn er að auka færni nemendanna í að efla vöxt og viðgang fyrirtækja sinna,“ bætir hann við. „Þetta er í fyrsta sinn sem ég kenni MBA-námskeið hér, en ég hef kennt ótalmörg slík víðs vegar um heiminn og er því tæpast nýgræðingur í faginu,“ segir hann og kveður íslensku nemendurna njóta nokkurrar sérstöðu og hrósar þeim raunar mjög. „Nemendurnir hér standa framar en venjulegir MBA-nemendur á nokkrum sviðum. Þeir eru til dæmis mjög vel valdir inn í námið og nemendurnir í þessu námskeiði sem ég kenni eru afburðanemendur. Þeir hafa á að skipa almennu innsæi í viðskipti sem nemendur hafa almennt ekki náð. Ástæða þessa tel ég vera að nemendurnir eru aðeins eldri en meðalnemandinn, hafa orðið sér úti um meiri reynslu og jafnvel betri reynslu líka.“

Í Bandaríkjunum segir hann að í MBA nám sæki jafnan fólk sem hefur tveggja til þriggja ára starfsreynslu eftir BA nám



ALLEN MICHEL PRÓFESSOR VIÐ BOSTON UNIVERSITY Allen Michel er gestakennari við MBA-nám Háskólans í Reykjavík. Hann hefur viðamikla reynslu sem ráðgjafi í dómsmálum tengdum fjármálum fyrirtækja og sérfróður á sviði samruna og yfirtakna. Hann lætur vel af íslenskum MBA nemendum sem hann segir standa framar öðrum. MARKAÐURINN/HEIBA

meðan hér hafi nemendurnir margir hverjir 10 til 15 ára reynslu af atvinnumarkaði. „Þar munar miklu á. Eftir bara þrjú til fimm ár í starfi sér fólk viðskiptalífið ennþá út frá því afmarkaða sjónarhorni. Með tíma og aukinni reynslu nær fólk meiri yfirsýn og hefur jafnvel unnið víða.“ Þá segir hann ekki ólíklegt að smæð landsins og fyrirtækjanna skipti þarna máli, því vægi hvers starfsmanns kunni að aukast í smærra viðskiptaumhverfi líkt og hér þar sem fólk þurfi snemma að axla ábyrgð og hafi jafnvel fyrr meiri áhrif. „Með aukinni ábyrgð kemur líka löngunin til að afla sér hagnýtrar þekkingar,“ segir Allen Michel

Oddsson, umsjónarmann námsins hér, áður en ég var búinn að taka verkið að mér. Við náðum samkomulagi á dagstund eða svo,“ segir hann og kveðst ekki sjá eftir þeirri ákvörðun. „Ég vona bara að nemendurnir séu ánægðir með þetta líka.“ Hann segir hins vegar líka að hefði verið leitað til hans fyrir tveimur árum meðan hann var enn að reka fyrirtæki sitt þá hefði för hans hingað aldrei komið til greina. „Ég hafði óhemjumikið að gera á þeim tíma.“

Fyrirtækið Michel-Shaked Group er enn að og stöku sinnum er leitað til Allens Michel til ráðgjafar í einstökum málum. Hann fer því varlega þegar kemur að umræðum um einstök fyrirtæki. „Það verður enda lesið þetta viðtal,“ segir hann og kys augljóslega að forðast að brjóta trúnað eða segja nokkuð það sem gæti orðið til að hallaði á fyrirtækið í hörðum slag fyrirtækjalögfræðinga fyrir bandarískum dómstólum. Hann hefur meðal annars verið kallaður til að gefa sérfróðan vitnisburð í áberandi svikamálum á borð við Enron-hneykslið og svo málsóknum tengdum Haliburton, auk þess að hafa rannsakað fjöldann allan af smærri málum.

Í fæstum tilvikum þar sem forsvarsmenn fyrirtækja hafa vikið út af þröngum vegi dygðarinnar er þar um að ræða góðar fyrirtætlarir sem endað hafi illa. „Í um 90 prósentum tilvika snýst þetta um græðgi. Menn halda að þeir komist upp með bókhaldsæfingar eða fara á bak við stjórnir með það fyrir augum að hagnast á því. Margir nást hins vegar á endanum.“ Hann segir hins vegar dæmi um forstjóra sem skilji ekki hvernig þeir hafi brotið af sér þegar fyrirtæki hafi lent í vandræðum og telji sig hafa unnið af heilum hug að hag hluthafa fyrirtækisins. „Það sem þeir gleyma þá er að þegar fyrirtæki komast í þrot eiga þeir líka að bera hag kröfuhafa fyrir brjósti.“

Allen Michel segir hvítflibaglæpi algengari en góðu hófi gegni og hefur orð á því að áhyggjuþefni sé hversu færest hafi í vöxt afturvirkir kaupréttarsamningar. „Þeir eru virkilega á gráu svæði,“ segir hann, en glæpsamlegir eru þeir víst ekki nema forstjórar útbúi slíka samninga án vitundar stjórnar fyrirtækjanna.

FYRIRTÆKIN STÆKKA Í ÚTLÖNDUM

Michel hefur ekki skoðað íslenskt viðskiptalíf sérstaklega, en segir ljóst að hér sé mikið af góðu fólk og bæði kraftur og möguleikar í viðskiptalífínu sem gert geti íslenskum fyrirtækjum kleift að láta til sín taka í alþjóðlegri samkeppni. „Enda er alveg ljóst að fyrirtækin geta ekki bara haldið sig við

Ísland. Eftir því sem þau stækka meira þá verða þau að leita út fyrir landsteinana ef þau ætla að viðhalda vexti sínum.“ Hann segir að fyrirtækin þurfi að horfa til Norðurlanda og svo heimsins alls. Íslensk fyrirtæki láti því til sín taka á heimsmarkaði án þess að smæð heimamarkaðarins verði þeim til trafala. Allen segir fyrirtækin njóta þess að fólk sé hér með góða menntun, hafi farið víða um heiminn og hafi á að skipa bæði reynslu og tungumálaþekkingu.

„Íslendingar koma sér í þá stöðu að taka þátt í fyrirtækjum utan landsins og gengur vel að innlima þau. Ég held að hlutabréfamarkaðurinn íslenski endurspeglar álit heimsins á getu landsins til að vera samkeppnishæft. Íslenskum fyrirtækjum hefur vegnað vel á hlutabréfamarkaði og hann endurspeglar væntingar markaðarins til vaxtar fyrirtækjanna. Á Íslandi nægir ekki innri vöxtur heldur þurfa fyrirtækin að vaxa út.“

Þrátt fyrir lýsingar Allens Michel á möguleikum íslenskra fyrirtækja finnst honum greinilega nokkuð til þess koma þegar honum er sagt að FL Group sé nú orðið stærsti hluthafinn í AMR Corporation, móðurfélagi American Airlines, með tæplega níu prósentum hlut. Hann fagnar aðkomu Íslendinga að bandarískum flugrekstri. „Í þeim iðnaði er mikil hreyfing í gangi og má segja að ekki veiti af allri aðstoð og nýrri sýn erlendis frá.“ Almennt talað segir hann flugiðnað vestra ekki hafa farnast vel og bendir á að frá því að flugrekstur var gefinn þar frjáls árið 1978 hafi yfir 120 flugfélög farið á hausinn. „Það er því ljóst að þarna er iðnaður sem þarf á nýrri nálgun að halda.“ Jafnframt telur hann að í geiranum sé komið að auknum samruna þótt hann kunni ef til vill að ganga hægar en búist hefur verið við. „Í flugiðnaðinum er ennþá umframgeta og ein leið til að virkja hana er samruni fyrirtækja þar sem óarðbærar einingar eru skornar frá. Einhver hagkvæmasta leiðin í samruna er að sameinast fyrirtæki sem er gjaldþrota. Því ef staðan er slík er hægt að fá dómstóla til að ógilda samninga sem í gangi eru og byrja þannig upp á nýtt, án þess að vera með launahala eða bundinn samningum um framtíðarkaup á flugvéllum.“

Allen Michel segir því ekki nokkra spurningu um annað en að í bandarískum flugiðnaði sé fjöldi tækifæra, sem og víðar um heiminn fyrir íslensk fyrirtæki. Hann segist hafa tröllatrú á landanum og er raunar kominn í hóp „Íslandsvina“ því ferð hans hingað nuna til kennslu var hans önnur heimsókn til landsins og til stendur að hann haldi hér áfram stundakennslu næsta vetur.

Allianz



515 6100 | SYN.IS | VODAFONE

LEIKUR

UPP Á

Í KVÖLD KL. 19:50

BLACKBURN

ARSENAL

ENSKI BIKARINN

& DAUÐA


Í KVÖLD

ÞÝSKI HANDBOLTINN

kl. 19:25 Gummersbach - Flensburg Sýn Extra

SPÆNSKI BIKARINN

kl. 20:25 Real Zaragoza - Barcelona Sýn Extra 2



SYN
besta sætið

Barátta fjárfestingarkenninga

Tvær meginreglur takast á í orðræðu um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða landsins. Óli Kristján Ármannsson kynnti sér grunnhugmyndafræði í viðskiptasiðferði og komst að því að hluti lífeyrissjóða hyggur á upptöku siðareglna Sameinuðu þjóðanna í fjárfestingarstefnu sinni.

Álitamál í fjárfestingum lífeyrissjóða bar á góma á hádegisfundi sem Lífeyrissjóður verkfræðinga stóð að í síðustu viku. Velt var upp spurningunni um hvort lífeyrissjóðir ættu í fjárfestingastefnu sinni að taka mið af siðferðilegu mati eða hvort einvörðungu bæri að horfa til ávöxtunar á fé sjóðsfélaga, sem geti verið ólíkir og með ólíkar skoðanir. Sitt sýnist hverjum í þessu efni.

Gefa má sér að þarna skarist tvær meginkenningar um samfélagslega ábyrgð í tengslum við fjárfestingar og viðskipti.

Annars vegar er hluthafakenningin sem kennd er við Milton Friedman, en þar er megin-áherslan lögð á hagsmuni eigenda eða hluthafa í fyrirtæki og aðrir hagsmunir settir til hliðar eða jafnvel látnir víkja. Hin meginkenningin er svo hagsmunakenningin, en það er lausleg þýðing á því sem kallað er *stakeholder theory* þar sem horft er til allra sem eiga hagsmuna að gæta. Þá er horft með víðum hætti á þau áhrif sem tiltekinn stefna eða ákvörðun kann að hafa. Þar koma til hagsmunir fleiri en eigenda eða hluthafa. Með þessi sjónarmið að leiðarljósi gæti komið upp sú staða í rekstri að tekin yrði ákvörðun sem leiddi til þess að „hámörkun arðs“ yrði minni en ella.

Heimildarmaður Markaðarins einn taldi nýlegan brottflutning Marels frá Ísafirði rakið dæmi þar sem velta mætti upp siðferðilegum álitamálum sem við blöstu í rekstri fyrirtækja. Þar væru ótal hagsmunir í veði aðrir en arðsemi rekstursins sjálfs.

Bæði væri þarna einhver hópur sem byggir yfir ákveðinni sérþekkingu sem missti vinnu sína og það snerti fjölskyldur fólksins. Þá væru ýmiss afleidd áhrif svo sem að bæjarfélagið yrði af tekjum og önnur fyrirtæki sem kynnu að hafa þjónustað starfsemi Marels á staðnum. Önnur hliðin varðaði það að kaup Marels á Pólum á Ísafirði hafi verið með því fororði að starfsemiinni yrði haldið áfram á staðnum. Ekki vildi hann þó gefa sér annað en að að því hefði verið stefnt en siðferðilegt álitamál kæmu þarna strax upp í að eitt væri sagt og annað gert. Ákvörðunin hafi hins vegar verið tekin á þeirri forsendu að reksturinn gengi ekki upp og þar komi upp álitamálið um hvað sé hagkvæmur rekstur. Hagsmunakenningin segir hins vegar svo til um að höfuðskylda stjórnenda fyrirtækis sé að tryggja viðhald þess og viðunandi arðsemi.

Siðfræðingar segja það algenga hugsanavillu að látið sé sem siðferði sé huglægt, persónulegt eða jafnvel persónutengt. Þeir segja að þegar tekin sé siðferðileg afstaða byggir hún á meginreglum þar sem hagsmunir allra hlutaðeigandi séu hafðir að leiðarljósi. Þannig sé í raun rangt að draga þá ályktun að samasemmerki sé milli siðferð-



Á FUNDI Skarphéðinn Berg Steinarsson, Helga Jónsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson og Stefán Halldórsson á fundi Lífeyrissjóðs verkfræðinga í síðustu viku. MARKAÐURINN/GVA

islegra viðmiðana í fjárfestingastefnu annars vegar og pólitíkur hins vegar.

Í kenningunum tveimur, hluthafakenningunni og hagsmunakenningunni, er hins vegar sögð felast grundvallarpólitísk afstaða sem snúi kannski að því hvers konar samfélag fólk vilji byggja. Hvort setja eigi leikreglur sem tryggja hagsmunum þeirra sem eiga, það er hlutahafanna, eða hvort með reglurammanum eigi að taka tillit til hagsmuna annarra hlutaðeigandi.

Líkt og í öðrum rekstri koma upp alls kyns siðferðileg álitamál hjá lífeyrissjóðum þótt megin-skylda þeirra í fjárfestingastefnu hljóti að grundvallast á kröfunni um að fjárfest sé þar sem arðs sé von, að hún byggist á kröfunni um hámörkun arðs og því eigi ekki að fjárfesta í fyrirtækjum á grundvelli greiðasemi, samfélagslegrar ábyrgðar eða af öðrum viðlíka hvötum, heldur séu í fyrirrími hagsmunir sjóðsfélaganna að leiðarljósi. En um leið eru önnur álitamál sem snúa til dæmis að því hvort forsvanlegt sé að fjárfesta á sviðum þar sem áhætta sé mikil, jafnvel þótt þar kunni gróðavonin að vera meiri. Þar sem höndlað er með annarra manna fé kann að skapast siðferðileg skylda til að taka ekki of mikla áhættu.

Umræðan um fjárfestingastefnu er vakandi meðal lífeyrissjóðanna eins og endurspegladist á fundi Lífeyrissjóðs verkfræðinga í síðustu viku. Þannig upplýsti Ketill Magnússon, heimspækingur sem sérhæft hefur sig í viðskiptasiðfræði, í stuttu spjalli við blaðið að hann vissi til þess að í sumum lífeyrissjóðum, væru uppi hugmyndir um að hugað sé nánar að því hvernig farið sé með þá peninga sem fjárfest er fyrir. En flókið mál sé að fylgjast með öllum þeim fyrirtækjum sem vörsluaðilar lífeyrissjóðanna kaupa á endanum í. „Menn eru núna sumir hverjir að velta fyrir sér að taka upp reglur Sameinuðu þjóðanna um siðferðilegar fjárfestingar og það verður mjög líklega gert,“ segir hann en í reglunum felist ákveðin grunn-samþykkt um hvernig fjármunum sé varið og sé þá tekið tillit til umhverfis- og samfélagsþátta og stjórnarfars í fyrirtækjunum.



HEIMSKRINGLAN

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir



FATEH ASSONANE, FRAMKVÆMDASTJÓRI ALSÍRSKU FJÁRFESTINGASTOFUNNAR Fateh og eiginkona hans stofnuðu Alsírsku fjárfestingastofuna sem hefur það hlutverk að koma á viðskiptasamböndum milli Íslands og Alsírs.

Erlendir fjárfestar velkomnir

Fateh Assonane er Alsírbúi sem ferðast hefur víða um heim. Þegar hann var sautján ára tók ævintýraþráin völdin og hann lagði af stað til Evrópu með nesti og nýja skó. Þar ferðaðist hann

landa á milli um nokkurt skeið og heimsótti meðal annars Ungverjaland, Spán, Frakkland og Þýskaland. Að lokum kom hann til Noregs þar sem hann kynntist núverandi eiginkonu sinni, Sigrúnu Einarsdóttur.

Henni fylgdi hann alla leið til Íslands. Þetta var árið 1998 og hér hafa þau hjónin verið síðan. Saman eiga þau tvö börn, sjö og fimm ára, auk þess sem eiginkona Fateh á ellefu ára gamlan son.

ÍSLAND HEFUR MARGT AÐ BJÓÐA ALSÍR

Fateh hefur sterkar taugar til þjóðar sinnar og heldur miklum tengslum við landið. Þessi tengsl og trúin á þau tækifæri sem leynast í heimalandi hans leiddu til þess að hann og eiginkona hans stofnuðu Alsírsku fjárfestingastofuna. Markmiðið með stofnun hennar er að koma á viðskiptasamböndum milli Íslands og Alsírs. Hlutverk hennar verður meðal annars að miðla upplýsingum um alsírsku menningu og viðskiptalíf, vera í forsvari fyrir íslensk fyrirtæki í Alsír, aðstoða við uppsetningu skrifstofu- og íbúðarhúsnæði í landinu.

Fateh er sannfærður um að tækifæri séu í viðskiptum milli landanna tveggja. „Ég hef fylgst náið með hversu hratt íslenskt efnahagslíf hefur vaxið undanfarin ár. Íslendingar búa yfir margvíslegri þekkingu sem má flytja til Alsírs þar sem mikið verk er óunnið í uppbyggingu atvinnuvega. Íslendingar geta til dæmis kennt Alsírbúum að nýta jarðvarmann sem þar leynist og nýjar aðferðir í sjávarútvegi. Svo myndi ég óska mér að fá skyr til Alsírs, þangað þarf að flytja meira af hollum matvörum og minna af óhollum.“

Alsírsku fjárfestingastofan hefur ekki verið opnuð formlega. Þrátt fyrir það eru nokkur verkefni þegar farin af stað og ýmsar áætlanir á þróunum. Þegar hefur verið komið á viðskipta-

sambandi milli íslensks fyrirtækis og alsírskis sem Fateh segir spennandi samstarf. Meira en það gefur hann ekki upp enda ríkir mikil leynd yfir samstarfinu. Hann segir fréttu að vænta af því innan skamms.

ALSÍR

Mannfjöldi: 33 milljónir
Hagvöxtur: 5,6 prósent
Verðbólga: 3 prósent
Atvinnuleysi: 15,7 prósent

Gjaldmiðill: 1 alsírskur dínar = 0,94 íslenskar krónur
Heimild: The World Fact Book.
Bráðabirgðatölur fyrir árið 2006.

MOLDRÍKT AF NÁTTÚRU-AUÐLINDUM

Alsír er annað stærsta Afríkuríkið með 33 milljónir íbúa. Landið er frá náttúrunnar hendi moldríkt af náttúruauðlindum. Vinnsla jarðefna-

eldsneytis skapar um 97 prósent af útflutningstekjum landsins. Eftir að forseti landsins, Abdelaziz Bouteflika, komst til valda árið 1999 hefur allt verið á uppleið að sögn Fatehs. „Bouteflika er mjög umhugað um að bæta ástandið í landinu sem honum hefur tekist á ótrúlega skömmum tíma. Hann hefur markvisst ráðist á ýmis mein samfélagsins á borð við spillingu og skriffræði, með göðum árangri.“

Að mati Fatehs eru Alsírbúar því upp til hópa ánægðir með aðkomu útlandinga enda skapist atvinna og tækifæri sem hafa ekki verið á hverju strái undan-

farin árin. Það markaði endalokin á borgarastyrjöld sem hafði staðið í átta ár þegar Bouteflika komst til valda árið 1999. Hann segir að enn séu sumir beygðir eftir átökin sem sjáist í vissum þáttum samfélagsins. Fólk þurfi til dæmis að læra að ganga betur um landið sitt. „Landið er smátt og smátt að rísa upp úr þessu fari og brúin að lyftast á landsmönnum,“ segir Fateh. Hann er stoltur af arfleið sinni og hefur óbilandi trú á því að efnahagurinn muni halda áfram að byggjast hratt upp. Landið standi nú galopið fyrir erlendum fjárfestingum sem hafi aukist gríðarlega á undanförnum árum. Þá lúri alsírsku ríkisstjórnin á dágóðum fjárhæðum sökum mikils jákvæðs viðskiptajöfnuðar sem hún sé nú tilbúin að nota í réttu verkefni. Tækifærin séu því óþrjótandi í landinu.

Í dag er ástæðulaust að óttast að eiga viðskipti í Alsír að mati Fatehs. Hann segir hins vegar lyk-
ilatriði að byggja upp góð sambönd til að lesa rétt í aðstæður og koma auga á tækifærin. „Það er ekki hættulegra að fara þangað en til annarra landa í dag. Hætturnar leynast alls staðar í heiminum en með réttu samböndin þarf ekkert að óttast í Alsír.“

FRÓÐLEIKSMOLAR

Í Alsír ...

... þýðir tómur matardiskur að þú viljir meira að borða en sért of hógvæ til að biðja um ábót. Fyllt verður á diskinn, aftur og aftur. Best er að leifa örlitlu til að gefa til kynna að þú getir ekki meira.

... eru heimamenn mjög gjarnir á að gefa aðkomumönnum gjafir til að bjóða þá velkomna. Þar er kurteisi að taka við gjöfum með hægri hendinni.

... leggja karlmenn oft olnbogana á axlir hver annars á meðan þeir tala saman. Þá er algengt að þeir heilsast með handabandi og haldi því þangað til samræðunum er lokið.

JUDI DENCH CATE BLANCHETT

★ ★ ★

„Grípur áhorfandann með sér frá fyrstu mínútu... brakandi, kaldhæðinn húmor.“

– Heiða Jóhannsdóttir, Morgunblaðið

★ ★ ★

„Stórgóð mynd, sem skilur áhorfendur eftir með hroll... óhugnanleg án þess að gengið sé of langt...lætur fáa ósnortna.“

– María Margrét Jóhannsdóttir, Kvikmyndir.com

★ ★ ★ ★

„Skörp, faguð mynd sem fær hárin til að rísa. Þú sérð ekki betri leik í ár!“

– Olly Richards, Empire

„Dench og Blanchett fara á kostum í þrælsþennandi mynd sem vekur upp áleitnar spurningar.“

- Fréttablaðið, 22. febrúar

MISTÖK EINNAR KONU ER TÆKIFÆRI ANNARAR

NOTES ON A SCANDAL

GLÓSUR UM SKANDAL

SÝND Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGA

4 ÓSKARSVERÐLAUNA- TILNEFNINGAR

BESTA LEIKKONA
JUDI DENCH

BESTA AUKALEIKKONA
CATE BLANCHETT

BESTA FRUMSAMDA TÓNLIST
PHILIP GLASS

BESTA HANDRIT
PATRICK MARBER

✂ KLIPPIÐ HÉRI

Gullnu reglur Græna ljóssins

1

Ekkert hlé

Myndin sýnd í einum rykk

2

Minna af auglýsingum

Sýning myndarinnar byrjar fyrr

3

Engin truflun

Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

FRÉTTABLAÐIÐ

Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.

Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölu til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

græna
ljósið

- Ekkert hlé á góðum myndum



BANKAHÓLFID

Hf. ehf.

HF Eimskipafélagið hefur sameinast dótturfélagi sínu Eimskipafélaginu ehf. Þar með er lokið mikilli hringferð með nafnið á Eimskipafélaginu gamla sem eitt sinn var flaggskip Kauphallar Íslands, þá stærsta félagið í höllinni. Gárungar hafa verið að skemmta sér með þennan gjörning og fundið út að lögískt sé að félagið heiti nú Hf. ehf. Eimskipafélagið er bæði í teljara og nefnara við þennan gjörning og á því samkvæmt reikni-reglu að strikast út. Dæmið lítur svona út: HF Eimskipafélagið/ Eimskipafélagið ehf = HF ehf.

Flóir úr sekkjum Svarfdæla

Það er víða sem ofgnóttin knýr dyra í íslensku samfélagi. Sparisjóðirnir hafa ekki farið varhluta af góðu gengi á hlutabréfamarkaði. Þannig hafa sparisjóðir sem áttu hlut í Exista skilað gríðarlega góðri afkomu. Einn slíkur er Sparisjóður Svarfdæla sem hagnaðist um milljarð í fyrra sem er væntanlega heimsmet á haus ef horft er til mannfjölda á Dalvík og nágrenni. Sjóðurinn ætlar enda að snara út fyrir einu stykki menningarhúsi á staðnum. Það er eflaust kærkomið og auðvelt að fylla slíkt hús af lífi, enda sennilega óvída jafn mikið af frambærilegu listafólki, miðað við hina víðfrægu höfðatölu, og í Svarfaðardal.

Dagur hinna bölsýnu

Heimurinn skiptist í stórum dráttum í bölsýna og bjartsýna. Hinir bjartsýnu sigra venjulega þegar til lengri tíma er litið, enda lífsafstaðan til þess fallin að koma fremur auga á tækifæri en sú afstaða að allt sé á leið til andskotans. Gærdagurinn var hins vegar dagur hinna bölsýnu þegar markaðir heimsins lækkuðu hraustlega. Þá eru auðvitað margir sem eru til í að stíga fram á völlinn og hrópa „Sagði ég ekki!“ Hin bjartsýna afstaða þegar allt lækkar er auðvitað sú að gleðjast með þeim bölsýnu. Því hafi maður tileinkað sér viðhorf hins bjartsýna, veit maður líka að það verða allir að fá að gleðjast einhverntímann.

148,6

milljarða króna vöruskiptahalli á árinu 2006. Það er 42,9 milljörðum króna meiri halli en árið 2005.

9

milljarða króna methagnaður SPRON á síðasta ári.

0,5

milljarða króna hagnaður SPK í fyrra sem er meira en samanlagður hagnaður árin 2001 til 2005.



70% útskrifaðra nemenda Háskólans á Bifröst eru komnir í stjórnunarstarf innan 5 ára að námi loknu.

Háskólinn á Bifröst er eini „campus“-skólinn í félagsvísindum á Íslandi.

Nemendur vinna raunhæf verkefni í gegnum allt námið.

Nær helmingur nemenda dvelur eitt misseri erlendis t.d. í Kína.

Háskólinn á Bifröst býður upp á mjög öflugt fjarnám.

Minnum á að við erum þegar farin að taka á móti umsóknum í allar deildir skólans. Því fyrr sem þú sækir um, því meiri möguleika áttu á námsvist. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu skólans, www.bifrost.is

Lagadeild

Í lagadeild er boðið upp á viðskiptalögfræði sem samsett er úr greinum lögfræði, fjármála og viðskipta. Námið er afar hagnýtt og getur verið góður undirbúningur fyrir atvinnulífið eða frekara nám. Nemendur útskrifast með BS gráðu í viðskiptalögfræði.

Viðskiptadeild

Alhliða viðskiptanám sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Í BS námi í viðskiptafræði eru kennd öll helstu svið stjórnunar, rekstrar og viðskipta.

Félagsvísindadeild

Deildin býður upp á grunnnám til BA í HHS (heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði). Grunn nám í HHS er traustur undirbúningur fyrir hvers kyns framhaldsnám á sviði hug- og félagsvísinda, til meistara- eða doktorsgráðu og fyrir störf á alþjóðlegum vinnumarkaði.



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Frekari upplýsingar:

www.bifrost.is

311 Borgarnes | Sími 433 3000

Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár



Blásu á keppinautana!



SPRON Verðbréf
Alþjóðlegur hlutabréfasjóður
43,18% ávöxtun*

 **spron**
VERÐBRÉF

*Nafnávöxtun árið 2006.